


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Lífið




**Rokkari á fullu í Crossfit**
*Arnar Grétarsson, gítarleikari Sign, hefur skipt út barhoppinu fyrir ræktina.*
lífsstíll 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
24. febrúar 2012
47. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Manfred Mann með tónleika á Íslandi**
*Hljómsveitin Manfred Mann´s Earth Band spilar í Háskólabíói 16. maí.*
fólk 34

**Bækur í Perlunni**
*Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda hefst í Perlunni í dag.*
menning 25



**Frumraun í Japan**
*Lars Lagerbäck segir að Ísland stefni að sigri í Japan í dag.*
sport 30

**veðrið í dag**




**SKÚRIR EÐA ÉL** Stíf V-átt syðst í fyrstu en annars fremur hæg norðaustanátt en strekkingur NV-til. Víða skúrir eða él en dregur úr úrkomu er líður á daginn. Hiti 0-6 stig.
VEÐUR 4



**GEIMURINN INNRÉTTAÐUR** Í einu stærsta verslunarhúsnæði landsins, nýrri byggingavöruverslun Bauhaus við Vesturlandsveg, var í byrjun vikunnar hafist handa við uppsetningu innréttinga áður en tekið verður til við að fylla húsið af vörum. Ekki hefur þó verið gefið upp enn hvaða dag eigi að opna dyr verslunarinnar. Sjá síðu 6
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Formaður gagnrýnir vinnubrögð Alþingis

**Fulltrúar í stjórnlagaráði gagnrýna hvernig staðið er að samráði um spurningar og tillögur þingsins vegna frumvarps til stjórnskipunarlaga. Formaður þingnefndar segir vinnufund í mars snúast um virðingu við vinnu ráðsins.**

**ALÞINGI** Salvör Nordal, formaður stjórnlagaráðs, gagnrýnir málatilbúnað Alþingis við að kalla ráðið saman í mars til að bregðast við tillögum þingsins varðandi frumvarp til stjórnskipunarlaga sem lá fyrir í ágúst. Skammur fyrirvari og óskýrt hlutverk vinnufundarins er hluti þeirrar gagnrýni.

Salvör setur þessa gagnrýni fram í bréfi til forsætisnefndar Alþingis. Hún getur ekki mætt til fundarins og það hyggst annar stjórnlagaráðsfulltrúi, Pawel Bartoszek, ekki heldur gera. Fleiri stjórnlagaþingsfulltrúar hafa sínar efasemdir.

Samkvæmt þingsályktun sem Alþingi samþykkti á miðvikudag er stjórnlagaráð kallað saman til fjögurra daga vinnufundar í byrjun mars. Þar á að gefa ráðinu kost á því að fjalla um spurningar og tillögur stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þingsins um nokkur atriði í frumvarpi ráðsins til stjórnarskipunarlaga.

Salvör fagnar því að Alþingi gefi stjórnlagaráði tækifæri til að fjalla um tillögur nefndarinnar, enda hafi ráðið lýst sig reiðubúið til að koma aftur að málinu. „Ég geri þó alvarlegar athugasemdir við það hversu fyrirvarinn er skammur og hversu óskýrt hlutverk fundarins er, bæði um hvað hann eigi að fjalla og hverju hann eigi að skila. Vert er að geta þess að ekkert samstarf var haft við stjórn stjórnlagaráðs við mótun þingstillögunnar,“ segir Salvör í bréfinu.

Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir boðað til vinnufundarins af virðingu við störf ráðsins, og stjórnlagaráðsfulltrúarnir hefðu mikið um það að segja hvernig vinnufundurinn færi fram. Hún segir að fimm fulltrúar ráðsins hafi fyrir hálfum mánuði sagt á fundi með nefndarmönnum að þeir teldu sig ekki hafa umboð til að fjalla um spurningar og tillögur þingnefndarinnar. „Þess vegna var það niðurstaða meirihluta nefndarinnar að nauðsynlegt væri að ná fulltrúunum saman á einn stað.“

Pawel Bartoszek gagnrýnir málatilbúnað Alþingis harðlega í grein í blaðinu í dag og þá staðreynd að tillögur ráðsins hafi ekki fengið efnislega meðferð í þinginu. Hann vill að fallið verði frá ráðgefandi þjóðaratkvæði í sumar og hvetur þingheim til að móta sér afstöðu til tillagnanna fyrst.

Hart var tekist á um málið á Alþingi í gær. Stjórnarandstöðuþingmenn lýstu furðu sinni á fundarboði þegar ekki lægi fyrir hvort fulltrúarnir gætu yfirleitt mætt.

Á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í gær gáfu fulltrúar minnihlutans, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, lítið fyrir að fá að vísa spurningum til stjórnlagaráðs.
- shá / sjá síðu 17

## Tillögur og spurningar til stjórnlagaráðs

- Kaflinn og ákvæði er varða forseta Íslands. – skrifa upp á nýtt eða skýra vel í greinargerð.
- Á ítarlega útfært kosningakerfi að vera í stjórnarskrá?
- Þröskuldar við þjóðaratkvæði / Minnihluti þings geti kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu.
- Eiga þingsköp að vera í stjórnarskrá?
- Fjölskipað stjórnvald – ráðherrar geta sagt sig frá málum (gr. 87 og gr. 95)
- Atriði í gr. 97 og gr. 113. (2/3 hluta Alþingis þarf til að breyta stofnun verulega eða leggja hana niður. 5/6 hlutar Alþingis geta samþykkt að stjórnarskrá fari ekki í þjóðaratkvæðagreiðslu).

EFTA-dómstóll kallaður til:

## Má vera ber á flöskumiða?

**STJÓRNSÝSLA Mega berir kvenmannsleggir sjást á áfengisumbúðum sem seldar eru í vínbúðum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins? Um það mun EFTA-dómstóllinn veita ráðgefandi álit að kröfu áfengisinnflytjanda.**

**Sigurður Bernhöft, framkvæmdastjóri áfengisheildsölunnar HOB vín, greip til þessa ráðs eftir að ÁTVR hafnaði ósk hans um að taka í sölu áfengan epladrykk með teiknuðum myndum á umbúðum þar sem meðal annars má sjá kvenmannsleggi.**
- bj / sjá síðu 4


Er svefninn vandamál?
Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum





Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum



## SPURNING DAGSINS



*Halldóra, eruð þið með töfraformúluna að góðum þætti?*

„Já. Töfraformúlan er að ná góðu starti, halda sér á brautinni og fagna að lokum sigri.“

Halldóra Matthíasdóttir mun ásamt Rúnari Jónssyni stýra þáttum um Formúlu 1 á Stöð 2 Sport.

Gunnar Örn Gunnarsson, 19 ára, lést í bílslysi í Tansaníu 18. febrúar:

# Síðasta verkið var að bjarga lífi

**SLYS** Íslendingurinn sem lést í bílslysi í Tansaníu 18. febrúar hét Gunnar Örn Gunnarsson, 19 ára. Skömmu áður en hann lést tókst honum að draga danskan félaga sinn undan logandi bílflaki. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fjölskyldu Gunnars sem send var fjölmiðlum í gærkvöldi.

Tildrög slyssins voru þau að tvær stórar jeppabifreiðar skullu saman á sveitavegi skammt frá bænum Kikatiki, í nágrenni við Kilimanjaro-þjóðgarðinn í Tansaníu. Gunnar Örn, sem bjó með fjölskyldu sinni í Helsingborg í Svíþjóð, var á heimleið með tveimur dönskum vinum sínum eftir að þeir höfðu gert atlögu að tindi fjallsins Kilimanjaro.



GUNNAR ÖRN GUNNARSSON

Í fyrstu var talið að danskur félagi Gunnars Arnar væri einn alvarlega slasaður, en hann varð undir bílnum. Í kjölfarið kviknaði í eldsneyti sem lak úr bifreiðunum og tókst Gunnari Erni, með hjálp annars dansks vinar síns, að draga piltinn undan flakinu og slökkva eldinn.

Meðan beðið var eftir aðstoð þyrlu hneig Gunnar Örn hins vegar skyndilega niður og missti skömmu síðar meðvitund. Þegar læknar loks komu á slysstaðinn var ljóst að hann var alvarlega slasaður. Hann lést áður en komið var á sjúkrahús, segir í tilkynningu fjölskyldu Gunnars. **- shá**

Landinn tekur dýr lán:

## Yfirdráttarlán í 70 milljarða

**NEYTENDAMÁL Yfirdráttarlán heimilanna jukust um tæpa 20 milljarða síðustu sex mánuði ársins 2011, samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands. Íslendingar skulduðu að meðaltali um 310.000 krónur í yfirdrátt um áramótin.**

**Yfirdráttarlán hækkuðu á seinni hluta síðasta árs um rúman þriðjung í tæpa 70 milljarða króna, sem jafngildir því að hver fjárráða Íslendingur hafi verið með 313.000 króna yfirdrátt og 30.000 króna vaxtabyrði.** **- hh, - shá**

Kærir Snorra Óskarsson:

## Vill skýra mörk tjáningarfrelsis

**LÖGREGLUMÁL Pétur Maack, sálfræðingur á Akureyri, ætlar að kæra Snorra Óskarsson fyrir ummæli sem Snorri viðhafði um samkynhneigða á vefsíðu sinni.**

**Í aðsendri grein sem Pétur skrifar í vikublaðið Akureyri segir hann óvissu ríkja um hvar mörk tjáningarfrelsis liggi, enda hafi málsmetandi menn sakað skólayfirvöld á Akureyri um að brjóta gegn tjáningarfrelsi Snorra með því að skipa honum í leyfi frá kennslustörfum.**

**Í samtali við Vísi í gær sagðist Pétur ætla að leggja kæruna fram síðar um daginn.** **- þj**

Iceland Express óvinsælast:

## Nova vinsælast hjá neytendum

**SKOÐANAKÖNNUN** Nova er það fyrirtæki sem íslenskir viðskiptavinir eru hvað ánægðastir með, samkvæmt íslensku ánægjuvoginni fyrir árið 2011. Iceland Express fær hins vegar lægstu einkunnina. Ríkisútvarpið sagði frá niðurstöðunum í gær.

Í fréttinni kemur fram að þetta er þrettánda árið í röð sem ánægja viðskiptavina íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti. Nova fékk flest stig og er jafnframt sigurvegari í flokki farsímafyrirtækja. Íslandsbanki fékk hæsta einkunn meðal fjármálafyrirtækja og Tryggingamiðstöðin meðal tryggingafélaga. Atlantsolía er efst olíufélaga og Bónus í flokki matvöruverslana. **- shá**

**STJÓRNMÁL**

### Geir Jón í pólitík

Geir Jón Þórisson, lögreglumaður og fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjónn, gefur kost á sér sem annar varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Geir Jóni. Kosið verður á flokksráðsfundi Sjálfstæðisflokksins þann 17. mars.

# Óttast að fyrirtæki flýi úr miðborginni

**Skiptar skoðanir eru um fyrirhugaðar hækkanir á bílastæðagjöldum í miðborg Reykjavíkur. Sjálfstæðismönnum þykir farið of geyst og óttast fækkun fyrirtækja, en meirihlutinn segir takmarkið vera að auka flæði um bílastæðin.**

**REYKJAVÍK** Skiptar skoðanir eru um fyrirhugaða hækkun á bílastæðagjöldum í miðborg Reykjavíkur. Fultrúi Sjálfstæðisflokks, sem er í minnihluta, segir hækkunina of bratta og óttast að hún verði til þess að hrekja fyrirtæki úr miðborginni. Formaður umhverfis- og samgönguráðs segir hins vegar að ráðstöfunin sé til þess fallin að bæta flæði í bílastæðamálum og auðvelda akandi gestum miðborgarinnar að fá stæði.

Umhverfis- og samgönguráð samþykkti fyrir skemmstu að hækka tímagjald á ýmsum svæðum í miðborginni. Á svæði 1 fari gjald fyrir klukkustundardvöl í stæði úr 150 krónum í 250 krónur, en á svæðum 2 og 4 fari gjald úr 80 krónum upp í 150. Breytingarnar eiga að taka gildi 15. apríl.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir í samtali við Fréttablaðið að hann hafa heyrt óánægjuraddir frá rekstraraðilum í miðborginni.

„Allir þeir sem ég hef talað við hafa áhyggjur af því að hækkunin gæti fælt í burtu viðskipti og þyngt róður fyrirtækja.“

Kjartan gerir annars vegar athugasemd við að verðið hækki of skarpt og að ekki hafi verið haft samráð við verslunareigendur og aðra rekstraraðila í miðborginni.

„Ég vil ekki vera of svartsýnn, en ég óttast að ef þessi hækkun muni ríða yfir í einu vetfangi geti það jafnvel orsakað fjöldaflótta fyrirtækja úr miðborginni.“

Karl Sigurðsson, formaður umhverfis- og samgönguráðs, svarar því hins vegar til að hækkun þessi sé einmitt til þess fallin að auka veg miðborgarinnar.



**BORGAÐ Í BAUKINN** Bílastæðagjöld í miðborginni munu að öllu óbreyttu hækka frá og með 15. júní. Sjálfstæðismenn gagnrýna hækkunina og telja hana geta fælt viðskipti frá miðborginni. Meirihlutinn segir takmarkið hins vegar að auka flæði bíla um miðborgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Fyrirhuguð hækkun bílastæðagjalda

- Svæði 1 (Laugavegur, Bankastræti, Kvosin og hluti af Skólavörðustíg): Klukkustundargjald í stæði hækkar úr 150 krónum í 250.
- Svæði 2 (götur í miðbæ, næst svæði 1) og 4 (stæði við Háskóla Íslands og Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi): Klukkustundargjald í stæði hækkar úr 80 krónum í 150.
- Þá verður tímarammi gjaldskyldu á svæðum 1, 2 og 3 víkkaður þar sem ein klukkustund bætist við á virkum dögum (frá 9 til 18) og fjórar klukkustundir á laugardögum (frá 9 til 16).
- Núverandi gjald fyrir svæði 1 hefur verið óbreytt, 150 krónur, frá árinu 2000, en fyrir það hafði gjaldið verið 50 krónur frá árinu 1988.

„Við lítum svo á að ef fólk sem fer akandi niður í bæ þarf jafnan að leita lengi eftir stæðum, þá sé það líklegra til að leita frekar í verslunarmiðstöðvarnar, sem gerir verslun í miðbænum lítinn greiða. Með hækkun bílastæðagjalda viljum við hins vegar stýra betur nýtingu á bílastæðum og auka flæði.“

Karl segir að jafnan sé miðað við að 80 til 85 prósenta nýting á bílastæðum sé heppilegt hlutfall, en á gjaldsvæði sé hlutfallið hins vegar að nálgast 100 prósent.

„Við viljum koma þessu í jafnvægi þannig að ef þú kemur akandi niður í bæ, séu um tvö af hverjum átta stæðum laus.“

Hagsmunasamtökin Miðborgin okkar mun á næstunni gangast fyrir viðhorfskönnun meðal félagsmanna sinna um bílastæðamál og

Nauðgunarmál þokast áfram:

## Rannsókn lokið á málum Egils

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur lokið rannsókn tveggja nauðgunarmála gegn sjónvarpsmanninum Agli Einarssyni og sent þau til meðferðar hjá ákærusviði sínu. Þar verður ákveðið hvort málunum skuli vísað til Ríkissaksóknara, sem mun þá aftur ákveða hvort gefnar yrðu út ákærur í málunum.



EGILL EINARSSON

Átján ára stúlka kærði Egil og unnustu hans í lok nóvember í fyrra fyrir að hafa nauðgað sér á heimili þeirra. Önnur stúlka kærði Egil í janúar fyrir nauðgun sem á að hafa átt sér stað fyrir átta árum. Ríkissaksóknari vísaði fyrra málinu aftur til lögreglu í janúar til frekari rannsóknar. **- sh**

Andmæli Gunnars Andersen:

## Fær frest fram á þriðjudag

**STJÓRNSÝSLA Gunnari Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, hefur verið veittur frestur fram á þriðjudag til þess að gera athugasemdir við fyrirætlanir um uppsögn hans í starfi. Þetta staðfestir Aðalsteinn Leifsson, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins.**

**Fyrir viku fékk Gunnar bréf frá stjórninni þar sem honum voru kynntar fyrirætlanirnar. Upphaflega fékk hann frest til andmæla til mánudagsins síðasta en fresturinn var svo framlengdur í gær. Með bréfi sem Skúli Bjarnason, lögmaður Gunnars, sendi stjórninni í fyrradag var krafist enn lengri frests.**

**Þá krafðist Skúli jafnframt svara við því á hvaða nýju gögnum ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins um að segja Gunnari upp störfum sé tekin.** **- jhh**


Frábært tilboð!

Stökktu til **Kanarí**

28. febrúar í viku eða 2 vikur

Frá kr. 69.900

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum þann 28. febrúar á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og þremur dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Verð kr. 69.900**
Netverð á mann. Flugsæti 28. febrúar með heimkomu 6. mars eða 13. mars.

**Verð kr. 89.900**
Netverð á mann, m.v. 2 – 4 í stúdíó / íbúð í 7 nætur.

**Verð kr. 119.900**
Netverð á mann, m.v. 2 – 4 í stúdíó / íbúð í 14 nætur.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Menntamálaráðherra ræddi við fulltrúa í stjórn OR um Perluna sem safnahús:

# Ýmislegt sem mælir með Perlunni

**SAFNAMÁL** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, telur það áhugaverðan kost að Perlan í Öskjuhlíðinni verði nýtt sem húsnæði fyrir Náttúruminjasafn Íslands. Hún hefur óformlega rætt þennan kost við stjórnarmann Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitan, sem er eigandi Perlunnar, hefur í hyggju að selja húsnæðið, eins og komið hefur fram í fréttum.

Þetta kom fram í óundirbúnum umræðum á Alþingi í gær en Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, innti þá ráðherra eftir hennar skoðun varðandi húsnæðismál safnsins. Tilefnið er umræða í samfélaginu um hvort Perlan geti leyst aðkallandi húsnæðisþörf Náttúruminjasafnsins. Siv spurði ráðherra um annan kost í stöðunni, en það er hvort húsnæði lækningasafnsins á Seltjarnarnesi gæti hentað.



**ÁLITLEGUR KOSTUR?** Perlan er sífellt oftar nefnd sem mögulegt framtíðarhúsnæði Náttúruminjasafns Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er ýmislegt sem mælir með þessu húsnæði en það á eftir að skoða þetta,“ sagði Katrín sem hefur ekki leitað formlega til OR um framtíð hússins. Hún ítrekaði að kostnaður við hugmyndir um framtíðarhúsnæði safnsins væri mikilvægt atriði; ekki aðeins safnahúsið sjálft heldur kostnaður við sýningarhald og fleira.

Katrín hefur sent bréf til allsherjar- og menntamálanefndar þingsins þar sem boðað er til samræðu um málefni Náttúruminjasafnsins í heild. **- shá**



# Takk fyrir!

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

## Nú höfum við ástæðu til að brosa

Það gleður okkur virkilega að viðskiptavinir Íslandsbanka séu ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni.

Ánægja viðskiptavina hefur ávallt verið helsta markmið Íslandsbanka og Byrs en í okkar huga er þessi niðurstaða fyrst og fremst hvatning til að gera góða þjónustu enn betri.

Starfsfólk Íslandsbanka býður ánægðustu viðskiptavinunum upp á kaffi og kökur í næsta útibúi í dag.

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM50592

## GENGIÐ 23.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 123,92 | 124,52 |
| Sterlingspund | 194,74 | 195,68 |
| Evra | 164,90 | 165,82 |
| Dönsk króna | 22,169 | 22,299 |
| Norsk króna | 22,063 | 22,193 |
| Sænsk króna | 18,681 | 18,791 |
| Japanskt jen | 1,5461 | 1,5551 |
| SDR | 191,80 | 192,94 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
226,3676

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rannsóknir á allt að 200 milljóna ára gömlu bergi á Drekasvæðinu auka vonir:

# Sýna að olía myndaðist á svæðinu

**ORKUMÁL** Nýjar rannsóknir á Drekasvæðinu staðfesta að olía hefur myndast þar, en skera ekki úr um hvort hún hefur safnast upp og sé þar enn í nægilegu magni til að hægt sé að bora eftir henni, segir Þórarinn Sveinn Arnarsson, verkefnisstjóri hjá Orkustofnun.

„Þarna er virkt kolefniskerfi, sem er lykilforsenda fyrir því að líkur séu á að finna olíu eða gas," segir Þórarinn. Hann segir fleiri skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að olían eða gasið festist í lindum, og rannsóknin taki ekki á þeim þáttum.

Rannsakendur söfnuðu ríflega 200 kílóum af grjóti og seti af hafsbotni. Meðal þess sem fannst var setberg frá ýmsum tímum miðlífsaldar, sem var fyrir 250 til 65 milljónum ára.

Í sýnunum fundust ummerki um olíu úr bergi frá Júratímabilinu, fyrir 200 til 150 milljónum ára. Það staðfestir að olía hefur myndast, en ekki hvort hún sé enn til staðar á svæðinu.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa þýðingu fyrir yfirstandandi útboð sérleyfa á Drekasvæðinu, samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun. **- bj**



**BORAÐ** Niðurstöður rannsóknanna sýna að olía hefur myndast á svæðinu, en gefa engar vísbendingar um hvort hún hafi safnast þar saman og sé þar enn.

Dóp fannst í Mosfellsbæ:

# Kannabisefni og græðlingar

**LÖGREGLA** Allnokkurt magn af fíkniefnum fannst í húsleit lögreglu í Mosfellsbæ á þriðjudag.

Um var að ræða 900 grömm af marijúana og um 1,4 kíló af öðru kannabisefni. Fíkniefnin fundust í þurrkunaraðstöðu í risi hússins.

Húsráðendur, karl og kona um þrítugt, voru yfirheyrð vegna málsins. „Áður hafði lögreglan haft afskipti af manninum annars staðar og þá fundið á fjórða tug kannabisgræðlinga í bíl hans," segir í tilkynningu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. **- óká**



**NÝBAKAÐIR FORELDRAR** Viktoría krónprinsessa og Daníel prins.

Erfingja fagnað:

# Ný prinsessa fædd í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir bakarar voru í allan gærdag önnum kafnir við að baka hefðbundnar prinsessutertur í tilefni fæðingar nýrrar prinsessu.

Viktoría krónprinsessa af Svíþjóð og Daníel prins eignuðust dóttur snemma í gærmorgun og hélt fjölskyldan heim frá Karolínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi til Haga-hallarinnar þegar í gærdag.

Gamlir og nýir stjórnmálaforingjar óskuðu Viktoríu og Daníel til hamingju á Facebook og Twitter og fréttavefir birtu uppskriftir af prinsessutertum. Terturnar höfðu nefnilega selst upp í bakaríum víða um land. **- ibs**

## LÖGREGLUMÁL

### Dópaðir undir stýri

Þrír ökumenn á höfuðborgarsvæðinu voru stöðvaðir af lögreglu á fyrsta og öðrum tímanum aðfaranótt fimmtudags grunaðir um vímuefnaakstur. Í einu tilviki reyndist bifreiðin sem ekið var ótryggð og því númerin klippt af henni á staðnum.

### Sjónvarpi stolið

Sjónvarpstæki var stolið í innbroti í Húsaskóla við Dalhús í Reykjavík á öðrum tímanum aðfaranótt fimmtudags. Lögreglumenn á leið á staðinn sáu til tveggja manna og tóku niður nöfn þeirra. „Eftir vettvangsvinnu fóru þeir á heimili annars þeirra og fundu þar sjónvarpið," segir í skýrslu lögreglu.

# EFTA mun skera úr um heimildir ÁTVR

**Heildsali sakar ÁTVR um gerræðislegar ákvarðanir um hvaða vörur séu teknar í sölu. Í lögfræðiáliti vegna epladrykkjar sem ÁTVR hafnaði segir að teikningar á umbúðum séu í „síðrómantískum stíl" og minni á „Moulin Rouge" þema.**

**STJÓRNSÝSLA** EFTA-dómstóllinn mun gefa ráðgefandi álit á heimildum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) til að hafna því að taka áfengistegundir í sölu. Áfengisheildsalar hafa deilt hart á stofnunina fyrir að neita að selja áfengistegundir vegna umbúðanna.

Sigurður Bernhöft, framkvæmdastjóri áfengisheildsölunnar HOB vín, segir ákvarðanir stjórnenda ÁTVR iðulega gerræðislegar og byggja á afar hæpnum forsendum.

ÁTVR hafnaði því á síðasta ári að taka Tempt-eplamjöð (cider) í dósum í tilraunasölu meðal annars á þeim forsendum að umbúðirnar væru með kynferðislegum skírskotunum og brytu í bága við almennt velsæmi.

Sigurður segir synjun ÁTVR algerlega ómálefnalega, og það eigi við um margar aðrar ákvarðanir sem snúi að honum og öðrum heildsölum.

Sigurður höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til að fá ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins um heimildir ÁTVR. Stofnunin tók til varna fyrir dómi og taldi enga ástæðu til að fá slíkt álit. Dómurinn tók undir kröfu Sigurðar, og Hæstiréttur staðfesti nýverið að afla skuli álits dómstólsins.

Í átta blaðsíðna greinargerð sem unnin var af sjálfstætt starfandi lögmanni fyrir ÁTVR vegna epladrykkjarins er rýnt ítarlega í myndir á umbúðunum og þær sagðar til þess fallnar að gera drykkinn „spennandi og ögrandi á nautnalegan hátt", og að „kynferðisleg skírskotun" blasi við.

Umbúðir eplamjaðarins segir lögmaðurinn vera í „síðrómantískum stíl" sem minni helst á „Moulin Rouge þema" með smágerðum fígúrum, blómum, fuglum og öðru „dúlleríi".

Þar segir jafnframt: „Ekki er þörf á því að vera kaþólskari en páfinn til að sjá að slíkur undirtónn hlaðinn slíkum gildum, samrýmist engan veginn áfengisstefnu íslenskra stjórnvalda, hvaða skoðun sem menn annars kunna að hafa á berum kvenmannskroppum."

Í reglum sem gilda um vöruúrval í ÁTVR segir meðal annars að umbúðir vöru megi aðeins innihalda skilaboð sem tengist vörunni. Ekki megi vera þar skilaboð sem innihaldi gildishlaðnar upplýsingar, eða gefi til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu. Þá megi þær ekki brjóta í bága við almennt velsæmi, meðal annars með því að vera klámfengnar.

Lögmaðurinn lagði til að ÁTVR hafnaði því að taka vöruna í sölu meðal annars vegna þess að það gæti opnað dyr fyrir enn grófari umbúðir. **brjann@frettabladid.is**




**BANNAÐUR** Myndir og texti á umbúðum Tempt-eplamjaðarins þóttu kynferðislegar og ákvað ÁTVR að heimila ekki sölu á drykknum.



**LEYFÐUR** ÁTVR ákvað að eigin frumkvæði að taka þennan Hoegaarden bjór í sölu þrátt fyrir að á flöskumiða sé mynd af svo gott sem nöktu fólki.

## Áfengi hafnað

ÁTVR hefur ítrekað hafnað því að selja áfengistegundir þar sem umbúðirnar hafa ekki þótt í samræmi við reglur.

**Bjórinn Svarti dauði:** Textinn „Drekkið í friði" á flöskumiða þótti ekki við hæfi.

**Motörhead rauðvín:** Þótti vera tilvísun í amfetamínneyslu auk þess sem hljómsveitin syngi um stríð, óábyrgt kynlíf og fíkniefni.

**Bjórinn Heilagur Papi:** Mynd af munki með kross í hendi þótti brjóta í bága við almennt velsæmi með skírskotun til trúarbragða.

Meðafli í makrílveiðum:

# Sex laxar á hver þúsund tonn

**SJÁVARÚTVEGUR Meðafli á laxi á Íslandsmiðum virðist nema um 5 til 6 löxum á hverjar 1.000 lestir sem veiðast af makríl. Rannsóknirnar benda til að laxinn sem veiðist sem meðafli á Íslandsmiðum sé ekki upprunninn á Íslandi.**

**Á árinu 2010 hóf Fiskistofa skipulagða skoðun á meðafla í flotvörpuveiðum með sérstaka áherslu á lax. Veiðimálastofnun og MATÍS hafa annast líffræðilega skoðun á laxinum og erfðafræðilega greiningu á sýnunum.**

**Undanfarin tvö sumur bárust Fiskistofu alls 402 laxasýni frá flotvörpuveiðiskipum. Þar sem hér er um brautryðjendastarf að ræða verða upplýsingarnar kynntar á vettvangi Alþjóða Hafrannsóknaráðsins (ICES).** **- shá**

Peningastefnunefnd SÍ:

# Tveir vildu hækka vexti

**EFNAHAGSMÁL** Tveir af fimm meðlimum peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands vildu hækka vexti við síðustu vaxtaákvörðun. Þrír vildu hins vegar halda vöxtum óbreyttum sem varð ofan á. Þetta kemur fram í fundargerð frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi.



**MÁR GUÐMUNDSSON**

Í peningastefnunefndinni eiga sæti Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur seðlabankans, auk Gylfa Zoëga og Anne Sibert sem bæði eru prófessorar í hagfræði. **- mþl**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**GOTT Á MORGUN**
Betra veður á morgun en á sunnudag og helst um landið norðan- og austanvert. Seint annað kvöld fer að hvessa með töluverðri úrkomu um sunnanvert landið. Þá hlýnar heldur en kólnar á ný er líður á sunnudaginn.




**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 18° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 15° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 15° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 3° |
| París | 14° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Snorri Snorrason snorris@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson benediktj@365.is, Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Ívar Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is




## KRYDDLEGNAR SVÍNALUNDIR MEÐ FERSKJUM

*fyrir 4 að hætti Rikku*

1 kg svínalundir
4 msk ólífuolía
1/2 tsk cumin krydd
1/2 tsk engifer krydd
1 tsk ítölsk hvítlauksblanda (Pottagaldrar)
1 hvítlauksrif, pressað
olía til steikingar
salt og nýmalaður pipar

Skerið svínalundirnar í u.þ.b. 5 cm langar sneiðar. Leggið plastfilmu yfir kjötið og fletjið það örlítið út með kökukefli eða buffhamri. Leggið kjötið í skál. Blandið kryddunum saman við ólífuolíuna og veltið kjötinu upp úr blöndunni. Látið kjötið standa í stofuhita í 30-40 mínútur. Steikið kjötið í u.þ.b. 5 mínútur á hvorri hlið eða þar til að það er alveg steikt í gegn. Kryddið kjötið með salti og pipar og berið fram með ferskjunum.

FERSKJUR
1 msk smjör
1 skalottlaukur, sneiddur
4 niðursoðnir ferskjuhelmingar, saxaðir
3 msk síróp af ferskjunum
1 msk balsamik gljái
salt og nýmalaður pipar

Bræðið smjörið á pönnu og steikið skalottlaukinn þar til að hann er orðinn mjúkur í gegn. Bætið ferskjunum saman við ásamt sírópinu og steikið í 5-7 mínútur. Bætið balsamik gljáanum saman við og kryddið með salti og pipar. Steikið áfram í 2-3 mínútur og berið fram með svínakjötinu.

UPPSKRIFT




**Ungnautahakk**
4% fita




**Íslenskt ribeye**
ferskt




**Hagkaups lambalæri**
marinerað




**Kjúklingalundir**
ferskar

## GRÍSARIF

*Grísarif Fabrikkunnar eru forelduð og þarf aðeins að hita.*




ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010

























**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

24 Hagkaup

Gildir til 26. febrúar á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér fyrirhuguð hækkun bílastæðagjalds í Reykjavík réttlætanleg?*

| | |
|---|---|
| Já | 24% |
| Nei | 76% |

**SPURNING DAGSINS:**

*Munt þú frekar kaupa D-vítamínbætta mjólk en hefðbundna?*

Segðu skoðun þína á Visir.is.

Helstu ráðamenn í Sýrlandi á lista Sameinuðu þjóðanna yfir líklega sakamenn:

# Krafa um að Sýrlandsforseti fallist á vopnahlé

**SÝRLAND, AP** Franska fréttakonan Edith Bouvier, sem særðist í sprengjuárás í borginni Homs á miðvikudag, óskar eftir því að frönsk stjórnvöld aðstoði sig við að komast úr landi.

Hún er tvífótbrotin, hefur fengið einhverja læknismeðferð en þarf á aðgerð að halda sem vart er í boði í Sýrlandi.

Fulltrúar frá Bandaríkjunum, fleiri Vesturlöndum og frá arabalöndum voru í gær í London að undirbúa kröfur um að Bashar al-Assad Sýrlandsforseti fallist á vopnahlé svo hægt verði að koma fólki til hjálpar á þeim stöðum sem verst hafa orðið úti.

Um þrjátíu manns létu lífið í árásum stjórnarhersins á Homs á miðvikudag, þar á meðal tveir vestrænir blaðamenn. Linnulausar árásir á íbúa borgarinnar hafa staðið yfir í um þrjár vikur. Hundruð manna hafa látið lífið og hefur árásunum verið líkt við suma verstu stríðsglæpi sögunnar. Aðgerðir hersins gegn mótmælendum og uppreisnarmönnum hafa kostað þúsundir manna lífið undanfarið ár.

Sameinuðu þjóðirnar hafa tekið saman lista yfir háttsetta sýrlenska ráðamenn sem gætu átt yfir höfði sér málaferli vegna glæpa gegn mannkyni. Evrópusambandið hefur þegar samþykkt refsiaðgerðir gegn 70 sýrlenskum ráðamönnum og í undirbúningi er að setja fleiri á þann lista. - gb



**ELDAR LOGA Í HOMS** Linnulausar árásir á íbúa borgarinnar hafa staðið vikum saman. NORDICPHOTOS/AFP



**NÝJAR MERKINGAR** WOW air leggur áherslu á óhefðbundnar og skemmtilegar merkingar véla sinna. MYND/WOW AIR

WOW Force One í loftið:

## Flugmennirnir ráðnir næst

**FERÐAIÐNAÐUR** WOW air hefur gengið frá ráðningum á flugfreyjum og flugþjónum, en umsóknarfrestur vegna starfa flugstjóra og flugmanna rennur út um næstu mánaðamót.

Fyrirtækið undirbýr nú áætlunarflug sumarsins og hefur til afnota tvær Airbus A320 farþegaþotur. Önnur er merkt WOW Force One með fjólubláum stöfum. „Við erum nýtt og ferskt fyrirtæki og leggjum áherslu á að farþegum okkar finnist gaman að fljúga með okkur. Sem leið að því markmiði verða merkingar á vélum okkar skemmtilegar og athyglisverðar,“ er haft eftir Guðmundi Arnari Guðmundssyni, markaðsstjóra félagsins, í tilkynningu þess. - óká

## Ekki verra að slíta málin í sundur

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir allnokkur mál sem tengjast Kaupþingi – og reyndar föllnu bönkunum öllum – enn vera til rannsóknar hjá embættinu. „Þau eru á misjöfnu stigi enda komu þau ekki öll til okkar í einu lagi. Í sumum þeirra er farið að síga á seinni hluta rannsóknarinnar,“ segir hann.

Spurður hvort ekki sé venja við rannsókn sakamála að ákæra sakborninga í einu lagi fyrir öll þau brot sem þeim eru gefin að sök, segir Ólafur að það gæti reynst erfitt í þessum málum og hugsanlega íþyngjandi fyrir suma sakborninga.

Það séu ekki alltaf nákvæmlega sömu mennirnir sem eiga aðild að öllum málunum og hugsanlegt sé að einhver verði ákærður fyrir lítinn þátt í einu máli en eigi engan þátt í öðrum. Óheppilegt væri fyrir þann mann að þurfa að bíða þess að rannsókn á heilum banka lyki áður en hann yrði ákærður í fullrannsökuðu máli.

Ólafur segir lögin eiga að girða fyrir það að menn geti orðið fyrir réttarspjöllum af þessum völdum. „Ákvæði laga um hegningarauka eiga að gera aðstöðu þeirra sem fá þetta á sig í tvennu eða þrennu lagi nákvæmlega þá sömu og ef viðkomandi hefði verið dæmdur í einu lagi,“ segir Ólafur.

„En það verður örugglega tekist á um þetta atriði fyrir dómi með einum eða öðrum hætti.“

# Fleiri mál vofa yfir Kaupþingsmönnum

**Ákæra í Al Thani-málinu þýðir ekki að fyrrverandi stjórnendur Kaupþings verði ekki sóttir til saka fyrir aðrar viðskiptafléttur. Ýmis önnur mál til rannsóknar.**

**FRÉTTASKÝRING**

Eiga fleiri dómsmál á hendur fyrrverandi stjórnendum Kaupþings eftir að líta dagsins ljós?

Þrátt fyrir að sérstakur saksóknari hafi gefið út ákæru í máli sem kennt er við katarska sjeikinn Al Thani þýðir það ekki að fyrrverandi stjórnendur í Kaupþingi séu komnir fyrir vind í öðrum málum sem hafa verið til rannsóknar hjá embættinu.

Rannsókn allnokkurra mála sem tengjast Kaupþingi er enn í fullum gangi hjá embættinu, að sögn Ólafs Þórs Haukssonar, sérstaks saksóknara, og gæti leitt til útgáfu ákæra.

Ákæran í Al Thani-málinu er sú fyrsta sem tengist Kaupþingi. Þar eru Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður, Magnús Guðmundsson, sem var forstjóri bankans í Lúxemborg, og Ólafur Ólafsson, stærsti eigandi bankans, ákærðir fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun vegna 26 milljarða króna lánveitinga í september 2008.

### Keyptu þriðjung allra eigin bréfa

En það er bara eitt mál af mörgum. Af hinum ber fyrst að nefna grun um umfangsmikil kaup deildar eigin viðskipta Kaupþings í bankanum sjálfum, sem saksóknari rannsakar sem markaðsmisnotkun. Yfirstjórnendur bankans eru taldir hafa skipulagt kaupin til að halda uppi gengi bréfa í bankanum. Árin 2005 til 2008 keypti bankinn sjálfur 29 prósent af öllu útgefnu hlutafé í sjálfum sér.

### Taldir hafa bjargað eigin skinni

Saksóknari hefur einnig lagt talsverða áherslu á rannsókn máls sem kennt hefur verið við eignarhaldsfélagið Lindsor Holdings Corporation á Tortóla. Það félag fékk 27,4 milljarða króna lán frá Kaupþingi 6. október 2008, daginn sem neyðarlögin voru sett, sem var notað til að kaupa skuldabréf sem voru að hrapa í verði af Kaupþingi í Lúxemborg, starfsmönnum bankans og félagi í eigu Skúla Þorvaldssonar, eins stærsta skuldara Kaupþingssamstæðunnar.

Inn í það mál fléttast þrettán milljarða króna millifærsla inn á reikning félagsins Marple Holdings S.A., sem var í eigu Skúla. Skjöl vegna þessara viðskipta eru talin hafa verið fölsuð eftir bankahrun.

### Lánuðu vildarkúnnum tugmilljarða

Kaupþing lánaði jafnframt félögum í eigu áðurnefnds Skúla, Egils Ágústssonar, sem kenndur er við félagið Íslensk-ameríska, og breska kaupsýslumannsins Kevins Stanford, háar fjárhæðir til að kaupa bréf í bankanum. Þetta er talið varða við lagaákvæði um bæði umboðssvik og markaðsmisnotkun.

Að síðustu eru til rannsóknar risavaxin lán, samtals að andvirði tæplega 82 milljarðar króna, til félaga að mestu í eigu þessara sömu þriggja manna, Skúla, Egils og Stanfords, til að kaupa skuldatryggingar á Kaupþing til að lækka skuldatryggingarálagið og mæta veðköllum frá Deutsche Bank.

Þessu til viðbótar lágu enn fleiri mál í stærri kantinum tengd Kaupþingi til grundvallar húsleitum hjá Kaupþingi í Lúxemborg fyrir tæpu ári. Upplýsingar um þau hafa ekki enn orðið opinberar.

stigur@frettabladid.is



**MEIRA VÆNTANLEGT** Þeir Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Sigurður Einarsson eru enn undir smásjá Ólafs Þórs Haukssonar vegna ýmissa mála. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Hafin er uppsetning innréttinga í nýrri verslun Bauhaus við Vesturlandsveg:

# Flytja inn 500 gáma af vörum

**VERSLUN** Í vikunni var hafist handa við uppsetningu innréttinga í stórhýsi byggingavöruverslunarinnar Bauhaus við Vesturlandsveg. Miðað við gang framkvæmda má ætla að verslunin, sem er um 21 þúsund fermetri að stærð, verði opnuð áður en vorverk hefjast fyrir alvöru. Ekki hefur þó enn verið gefin upp dagsetning opnunarinnar.

Þegar ljósmyndari Fréttablaðsins sótti húsið heim í gær sagði hann upplifunina helst minna á atriðið þar sem Stuðmenn sækja heim lítið félagsheimili úti á landi í bíómyndinni Með allt á hreinu. Húsið væri miklu stærra að innan en utan.

„Það segja þetta margir,“ segir Halldór Óskar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bauhaus á Íslandi. „Kassar eru oft þannig. Þegar maður er kominn inn þá sér maður hvað þetta er mikill geimur.“

Í svo stórt hús þarf líka töluvert magn af vörum. Halldór segir magnið raunar slíkt að samningurinn um flutning þess sé stærsti einstaki slíkur samningur sem Eimskip hefur hefur gert. „Í heildina erum við að tala um 500 fjörutíu feta gáma sem eru að koma hér með vörur í verslunina,“ segir Halldór, en vörurnar koma mestanpart frá aðallager fyrirtækisins í Danmörku.

Annars segir Halldór góðan gang í undirbúningi opnunar. Búið er að skrifa undir ráðningarsamninga við rétt rúmlega 50 manns. „En í heildina ráðum við svona 80 til 90 manns. Svo styttist bara í opnun með rísandi sól.“ - óká



**SETJA UPP HILLUR** Byggingarvöruverslun Bauhaus verður sú stærsta á landinu, 21 þúsund fermetrar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Glæný Bláskel
frá Stykkishólmi

HUMAR
2.000 kr.kg

HUMAR Stærð 18-24
3.990 kr.kg

FERSKUR TÚNFISKUR
690 kr. pr. 100 gr.

OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755




Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

MÁLNINGARVÖRUR · kemi · GÚMMÍVINNSLAN · Aðalskoðun

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
2011

ÁNÆGJA YKKAR
ER OKKAR MARKMIÐ

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

1. SÆTI
Í FLOKKI BYGGINGAVÖRUVERSLANA
FRÁ UPPHAFI MÆLINGA Á ÍSLANDI

Íslenska ánægjuvogin er notuð til þess að mæla ánægju viðskiptavina og er samstarfsverkefni Capacent, Samtaka iðnaðarins og Stjórnvísi. Markmið BYKO síðastliðin 50 ár hefur verið að viðskiptavinir okkar séu ánægðir, því ánægðir viðskiptavinir eru traustir viðskiptavinir.

Við þökkum viðskiptavinum okkar enn og aftur traustið

Starfsfólk BYKO

SI
Samtök iðnaðarins
capacent
STJÓRNVÍSI

Romney og Santorum hafa nú svipað fylgi:

# Hrófla ekki við Obama

**BANDARÍKIN, AP** Mitt Romney er engan veginn öruggur lengur með sigur í forkosningum Repúblikanaflokksins. Samkvæmt nýjum skoðanakönnunum er Rick Santorum kominn með nokkurn veginn jafnt fylgi meðal flokksmanna.

Báðir mælast með um þriðjungs fylgi en Newt Gingrich og Ron Paul með 15 prósent hvor.

Barack Obama hefur þó enn býsna örugga stöðu gagnvart öllum hugsanlegum mótframbjóðendum sínum. Hann mælist með meira en 50 prósenta fylgi, sama hver repúblikananna fjögurra færi í framboð á móti honum. Santorum hefur ótvíræða yfirburði meðal íhaldssamasta hluta Repúblikanaflokksins, ekki síst vegna andstöðu hans gegn fóstureyðingum og áherslu á gamaldags fjölskyldugildi.

Fram undan eru tveir mikilvægir kosningadagar í forkosningabaráttu Repúblikanaflokksins, sem væntanlega ráða úrslitum um það hvort sigurganga Romneys, sem til þessa hefur virst illsigrandi, heldur áfram. Þriðjudaginn 28. febrúar verða forkosningar í Michigan og Arizona en viku síðar, 6. mars, verður kosið í tíu ríkjum. - gb



**Á MORGUNVERÐARFUNDI** Sérfræðingur IATA, Alþjóðasamtaka flugfélaga, kynnti í gær nýja skýrslu Oxford Economics um áhrif flugstarfsemi á efnahagslífið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Verulegur ábati er af flugstarfsemi

**Þáttur flugrekstrar í hagvexti nemur 6,6 prósentum, samkvæmt nýrri skýrslu, sem kynnt var í gær. Flugsamgöngur eru hér með því besta sem gerist.**

**SAMGÖNGUR** Flugrekstur leiðir af sér verulegan þjóðhagslegan ábata fyrir efnahag Íslands og íslenska borgara, auk þess sem sumir þættir flugrekstrarins eru þess eðlis að ekkert getur komið í þeirra stað og þeir eru algerlega ómissandi fyrir nútímahagkerfi. Þetta er meginniðurstaða nýrrar landsskýrslu Oxford Economics um efnahagslegan ábata af flugrekstri á Íslandi.

Skýrslan var kynnt á fundi á Hótel Nordica í gærmorgun, þar sem sérfræðingur Alþjóðasamtaka flugfélaga (IATA) fór yfir efni hennar.

Meðal helstu niðurstaða eru að hér á landi séu flugsamgöngur bæði betri og mikilvægari en í öðrum löndum og að flugsamgöngur hér væru betri en í ríflega 50 samanburðarlöndum. Þá væri efnahagslegt mikilvægi greinarinnar mun meira hér en á hinum Norðurlöndunum.

Bent er á að efnahagslegur ábati sem leiðir af greininni felist í fleiri þáttum en þeim sem sjónum er venjulega beint að, sem eru þjóðhagsleg heildaráhrif sem metin eru út frá framlagi til vergrar landsframleiðslu, skattekjum og fjölda starfa í greininni og aðfangakeðju hennar. „Aðalábatans nýtur viðskiptavinurinn, farþeginn eða farmsendandinn sem notar flugið.“ Þá eru tengingar milli borga og markaða sagðar fela í sér verðmætt samgöngukerfi, sem skapi ábata með því að greiða fyrir beinni erlendri fjárfestingu, starfsemi fyrirtækjaklasa, sérhæfingu og öðrum afleiddum áhrifum á framleiðslugetu hagkerfa.

Bent er á að flugreksturinn skili 102,2 milljörðum króna, eða 6,6 prósentum, til vergrar landsframleiðslu. Þá standi hann undir 9.200 störfum, auk þess sem 11.400 manns starfi við afleidd störf í ferðaþjónustu.

„Alls ferðaðist 2,1 milljón farþega árið 2010 til og frá Íslandi og 35.000 tonn af verðmætri flugfrakt voru flutt sömu leið. Árlega eru farnar 14.400 alþjóðlegar áætlunarferðir frá Íslandi til 56 flugvalla í 18 löndum. Sætaframboð í innanlandsflugi nemur meira en 547.000 sætum í 11.000 flugferðum til 5 flugvalla,“ að því er fram kemur í skýrslu Oxford Economics.

Þá er flug sagt skipta sköpum í dreifingu varnings. „Þótt flutningur með flugfrakt nemi einungis 0,5 prósentum af heildarflutningi varnings í alþjóðaviðskiptum í tonnum talið nemur hann um 34,6 prósentum af heildinni að verðmæti.“

olikr@frettabladid.is

**35 þúsund tonn** af verðmætri flugfrakt voru flutt til og frá landinu með flugi árið 2010. Sama ár ferðuðust 2,1 milljón flugfarþega til og frá landinu.

LANDSSKÝRSLA LONDON ECONOMICS

## Stór vinnuveitandi

**Flugrekstur stendur undir 9.200 störfum hér á landi.**

- 2.800 störf tilheyra flugrekstri með beinum hætti.
- 4.000 störf eru studd óbeint af aðfangakerfi flugrekstrarins.
- 2.400 störf leiða af neyslu starfsmanna flugrekstrarins og aðfangakeðju hans.
- Þá starfa 11.400 manns við afleidd störf, í ferðaþjónustu.


TILBOÐIN GILDA 23. - 26. FEBRÚAR
markhonnun.is
nettó
Kræsingar & kostakjör
LAMBAINNRALÆRI
FERSKT
30% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
2.729
ÁÐUR 3.898 KR/KG
SÚKKULAÐIKEX
VERÐ NÚ
395
ÁÐUR 439 KR/PK.
KRYDDKAKA
VERÐ NÚ
449
ÁÐUR 599 KR/STK
HELGARTILBOÐIN Í NETTÓ
LAMBALÆRISSNEIÐAR
FERSKAR
25% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
1.799
ÁÐUR 2.398 KR/KG
KJÖTSEL
NAUTAHAKK
FERSKT 100% NAUT
VERÐ NÚ
1.198
ÁÐUR 1.498 KR/KG
NAUTAINNRALÆRI
FERSKT
VERÐ NÚ
2.839
ÁÐUR 3.549 KR/KG
20%
AFSLÁTTUR
SHARWOOD'S
ÝMSAR SÓSUR Í
INDVERSKA MATARGERÐ
LAMBALÆRI
GOÐI
VERÐ NÚ
1.249
ÁÐUR 1.388 KR/KG
FRYSTIVARA
KJÚKLINGA-
BRINGUR
900 G
VERÐ NÚ
1.599
ÁÐUR 1.797 KR/PK
FRYSTIVARA
KARAMELLUTERTA
KRISTJÁNS BAKARÍ
698
ÁÐUR 989 KR/STK
29% AFSLÁTTUR
EMERGE ORKUDRYKKUR
250 ML
34% AFSLÁTTUR
79
ÁÐUR 119 KR/STK
ÓDÝRT&GOTT
POT NÚÐLUR
KJÚKL/SVEPPA
NAUT/TÓMAT
KARRÍ
95 G
198
ÁÐUR 275 KR/STK
PEKANHNETUSTYKKI
BAKAÐ Á STAÐNUM*
35% AFSLÁTTUR
*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI
VERÐ NÚ
139
ÁÐUR 214 KR/STK
HREINLÆTISVÖRUR
ASTONISH - ÝMSAR GERÐIR
34% AFSLÁTTUR
PINK LADY
FRÁBÆRU EPLIN
2 KG KASSI
+
TASKA FYLGIR
FRÍTT MEÐ
40% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
479
ÁÐUR 798 KR/PK
www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Viðurkennir siðleysi sitt fúslega

**Dominiqe Strauss-Kahn er enn á ný bendlaður við kynlífshneyksli. Hann segist hafa útskýrt sitt mál að fullu í tveggja sólarhringa yfirheyrslum hjá lögreglunni í Lille nú í vikunni. Hann viðurkennir að hafa gert „siðferðisleg mistök“ en neitar að hafa framið lögbrot.**

**FRAKKLAND** Enn eitt kynlífshneykslið hefur bæst á ferilskrá franska stjórnmálamannsins og hagfræðingsins Dominique Strauss-Kahn, sem hefur á skömmum tíma hrapað úr háum embættum og situr nú uppi með litla von um að geta nokkurn tímann endurheimt æruna.

Nú í vikunni var hann tæpa tvo sólarhringa í gæsluvarðhaldi í borginni Lille, sem er nyrst í Frakklandi skammt frá landamærum Belgíu, þar sem hann var yfirheyrður um aðild sína að Carlton-málinu svonefnda, sem kennt er við Carlton-hótelið þar í borg.

Á þessu hóteli hefur Strauss-Kahn oft gist, iðulega að loknum vinnukvöldverði í tengslum við stjórnmál eða viðskipti.

Fjölmiðlafulltrúi hótelsins, René Kojfer, er grunaður um að hafa óspart otað vændiskonum að fjársterkum viðskiptavinum.

Það virðist hann hafa gert í félagi við yfirmann í lögreglunni, Jean-Christophe Lagarde, sem er sakaður um að hafa við ýmis tækifæri bókað hótelherbergi á Carlton og gjarnan látið vændiskonur fylgja með herberginu.

Lagarde er í frönskum fjölmiðlum sagður hafa verið metnaðarfullur embættismaður, sem hafi gert sér far um að rækta vinskap við Dominique Strauss-Kahn í von um að komast til æðri metorða þegar Sósíalistaflokkurinn kæmist í ríkisstjórn.

**Helstu embættin**

| | |
|---|---|
| Borgarráðsmaður í Sarcelles | 1989-2007 |
| Borgarstjóri í Sarcelles | 1995-1997 |
| Varaborgarstjóri í Sarcelles | 1997-2007 |
| Héraðsstjórnarmaður í Ile-de-France | 1998-2001 |
| Þingmaður Sósíalistaflokksins | 1986-1993 og 1997-2007 |
| Innanríkisráðherra | 1991-1993 |
| Fjármálaráðherra | 1997-1999 |
| Framkvæmdastjóri AGS | 2007-2011 |

Þeir Lagarde og Strauss-Kahn eru einnig sagðir hafa stundað svallveislur í París og New York í fylgd vændiskvenna, sem Strauss-Kahn segist reyndar ekki vita að hafi verið vændiskonur.

Við sögu koma þekktir viðskiptamenn í Frakklandi og sakamálið gegn þeim snýst meðal annars um það hvort þeir hafi notað fé fyrirtækja sinna til að greiða fyrir vændið. Alls hafa átta manns verið ákærðir.

Vændiskonurnar virðast þeir hafa fengið frá manni að nafni Dominque Alderweireld, sem er eigandi svokallaðra nuddstofa í Belgíu, skammt frá landamærum Frakklands og ekki langt frá borginni Lille.

Alderweireld, sem gengur reyndar almennt undir nafninu Dodo la Saumure, var handtekinn í Belgíu í október síðastliðnum og strax þá komst Carlton-málið í hámæli í frönskum fjölmiðlum.



JEAN-CHRISTOPHE LAGARDE



DOMINIQUE ALDERWEIRELD

Strauss-Kahn komst þá eina ferðina enn í fréttirnar fyrir vafasöm tiltæki sín, og var þó varla á það bætandi eftir nauðgunarmálið frá New York síðastliðið vor, þar sem hótelþerna sagði hann hafa ráðist á sig inni á hótelherbergi.

Það mál var fellt niður þegar efasemdir vöknuðu um trúverðugleika þernunnar, en hún hefur haldið fast við málflutning sinn og hefur höfðað borgaralegt mál á hendur honum. Þeim málaferlum er ekki lokið.

Það var Strauss-Kahn sjálfur sem krafðist þess að verða yfirheyrður í Carlton-málinu. Hann mætti á tilskildum tíma á þriðjudaginn var, og vissi fyrirfram að hann gæti reiknað með því að vera hafður í haldi í allt að tvo sólarhringa.

Eftir að hann var látinn laus á miðvikudagskvöld sagðist hann ánægður með niðurstöðuna, en hefur ekki frekar en lögreglan upplýst nánar um það sem fram fór.



**FALLNI EMBÆTTISMAÐURINN** Dominique Strauss-Kahn gerir sér varla miklar vonir um að endurheimta æruna úr þessu. NORDICPHOTOS/AFP

„Hann hefur útskýrt mál sitt að fullu, hann er mjög ánægður,“ sagði einn lögmanna hans.

Strauss-Kahn hefur neitað því að hafa brotið lög, en viðurkennir að hafa gert „siðferðisleg mistök“. Einn lögmanna hans segir ekkert athugavert við það þótt hann hafi ekki áttað sig á að naktar konur í svallveislum væru vændiskonur.

Einn þeirra viðskiptamanna sem ákærðir eru í málinu, David Roquet að nafni, segir að þátttakendur í veislunum hafi ekkert vitað að konurnar hafi fengið greiðslur fyrir að taka þátt í því sem fram fór. Um slíkt hafi aldrei verið talað: „Það var svona heiðursmannasamkomulag,“ sagði hann.

„Ég er næstum því viss um að hann vissi ekkert af því,“ sagði líka ein kvennanna, Florence að nafni, um Strauss-Kahn þegar hún var spurð út í vitneskju hans um greiðslur. Hún hrósaði honum fyrir að hafa sýnt konunum mikla athygli: „Ég svaf hjá honum í hvert skipti á þessum kvöldum,“ er haft eftir henni, meðal annars í þýska tímaritinu Der Spiegel.

Önnur þessara kvenna, Mounia, segir Strauss-Kahn hins vegar hafa verið ofbeldisfullan og ekkert hafi farið á milli mála með greiðslurnar: „Enginn viðstaddra gat horft fram hjá því að ég fékk greitt fyrir mitt framlag.“

gudsteinn@frettabladid.is


## AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.

### VERÐUR HALDINN FÖSTUDAGINN 16. MARS 2012 KL. 9:00 AÐ GRJÓTHÁLSI 5, REYKJAVÍK

**A. DRÖG AÐ DAGSKRÁ**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2011.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár og yfirstandandi starfsár.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Skýrsla stjórnar um kjör stjórnar og æðstu stjórnenda, áætlaðan kostnað vegna kaupréttarsamninga og framkvæmd starfskjarastefnu.
8. Tillaga um starfskjarastefnu.
9. Tillaga um nýja kaupréttaráætlun.
10. Tillaga um heimild til stjórnar að kaupa eigin hluti í félaginu.
11. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða aðalfundur hefur samþykkt að taka til meðferðar.

**B. REGLUR UM ÞÁTTTÖKU HLUTHAFA OG ATKVÆÐAGREIÐSLU**

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti, uns endanleg dagskrá og tillögur eru birtar föstudaginn 2. mars 2012. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM.

Hverjum hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði, að frátöldum eigin hlutum sem ekki fylgir atkvæðisréttur. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthafar, sem ekki sækja aðalfundinn, geta annaðhvort: a) kosið um dagskrármál með skriflegum eða rafrænum hætti, eða b) veitt umboð.

Beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum eða rafrænum hætti þarf að berast félaginu eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og þeir geta einnig vitjað atkvæðaseðla í höfuðstöðvum félagsins og greitt þar atkvæði alla virka daga á skrifstofutíma. Atkvæði þurfa að berast félaginu fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta annaðhvort veitt skrifleg eða rafræn umboð að uppfylltum ákveðnum formkröfum sem fram koma á vefsíðu félagsins. Rafræn umboð þarf að senda í gegnum aðgangskerfi hluthafa hjá félaginu. Umboð þurfa að berast félaginu fyrir aðalfund eða á fundarstað. Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM.

**C. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Aðalfundurinn fer fram á ensku. Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund, þ.m.t. endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2011 og ársskýrsla fyrir árið 2011, auk ályktunartillagna og athugasemda við hvert dagskrármál er að finna á ensku á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM. Hluthafar geta einnig nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík, alla virka daga á skrifstofutíma.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar föstudaginn 2. mars 2012. Hluthöfum er hins vegar bent á að samkvæmt grein 63 a. í hlutafélagalögum nr. 2/1995 er hægt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega skemmst 5 dögum fyrir aðalfund. Af þeim sökum verða upplýsingar um alla frambjóðendur til stjórnar kunngerðar eigi síðar en 2 dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 8:30 á aðalfundardag. Aðalfundurinn hefst stundvíslega kl. 9:00. Nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins: WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM.

Reykjavík, 24. febrúar 2012,
Stjórn Össurar hf.



WWW.OSSUR.COM

ÖSSUR

*Life Without Limitations®*



-7
KR. AF LÍTRANUM MEÐ ÓB-LYKLINUM
Í dag, föstudag, býður **Óttar Bender** handhöfum **ÓB-lykilsins**
7 kr.
afslátt af eldsneytis-lítranum!
Mundu að ef þú greiðir með **ÓB-lyklinum** á **Olís-stöð** færðu sama afsláttinn! Auk þess veitir ÓB-lykillinn afslátt af **bílavörum** hjá Olís og á veitingastöðunum **Grill 66** og **Quiznos**. **Afslátturinn gildir einnig fyrir ÓB-frelsiskort og Staðgreiðslukort Olís**.
Sæktu um ÓB-lykilinn á **www.ob.is**
frelsi
ÓB
PIPAR\TBWA • SÍA • 120173

Sendibréf Jóns Baldvins Hannibalssonar til unglingsstúlku gerð opinber

# Bréf Jóns mögulega refsivert á Íslandi

**Jón Baldvin Hannibalsson var kærður fyrir kynferðisbrot gagnvart Guðrúnu Harðardóttur, ungri frænku eiginkonu sinnar, árið 2005. Ríkissaksóknari taldi bréf frá Jóni Baldvini til hennar geta fallið undir brot á lögum um blygðunarsemi, en málið var látið niður falla vegna þess að verknaðurinn þótti ekki refsiverður í Venesúela. Sagt er frá málinu í Nýju lífi, sem kom út í gær.**

Í kærunni á hendur Jóni Baldvini kemur fram að hann hafi snert stúlkuna óþarflega mikið og meðal annars borið á hana sólarolíu á Spáni árið 1994, þegar hún var tíu ára. Þá hafi hún farið með honum og fjölskyldu hans til Ítalíu árið 1999 þar sem hann hafi gert tilraun til að kyssa hana. Hún hafi verið með pinna í tungunni og hann sagt að hann hefði aldrei kysst stelpu með pinna í tungunni.

Þá segir hún frá því að hún hafi tvisvar vaknað við að Jón Baldvin hafi verið inni í herbergi hennar eða fyrir utan það. Í annað skiptið hafi faðir hennar verið að reka hann í burtu af stigapalli fyrir framan herbergið en í hitt skiptið hafi hann verið í herberginu og boðið stúlkunni viskí og vindil. Þetta segir hún hafa átt sér stað þegar hún var þrettán eða fjórtán ára.

Þá sendi Jón Baldvin stúlkunni bréf sem voru lögð fram hjá lögreglu. Bréfin voru annars vegar send á tímabilinu ágúst til nóvember 1998, þegar hún var fjórtán ára, og hins vegar frá apríl til júní 2001, þegar hún var sextán og sautján ára. Þá var hún skiptinemi í Venesúela. Árið 1998 sendi Jón Baldvin henni meðal annars bréf stílað á heimilisfang Hagaskóla við Hagatorg. Í bréfinu segir hann að ástæða þess sé að henni þyki ef til vill óþægilegt að fá bréfin heim til sín.

Jón Baldvin var alþingismaður í sextán ár og var bæði fjármálaráðherra og utanríkisráðherra á þeim tíma. Hann tók svo við starfi sendiherra árið 1998 og var fyrst sendiherra í Bandaríkjunum frá 1998 til 2002 og svo í Finnlandi frá 2002 til 2006.

### Lögregla rannsakaði ekki

Guðrún kærði til lögreglunnar í september 2005 og var tekin af henni skýrsla samdægurs. Þremur mánuðum síðar var henni sent bréf þar sem tilkynnt var að ekki þætti ástæða til að hefja lögreglurannsókn. Brotin væru fyrnd og bæði Jón Baldvin og Guðrún hafi verið búsett erlendis. Þessi frávísun var kærð til ríkissaksóknara af lögmanni Guðrúnar með þeim rökum að háttseminni hafi ekki lokið fyrr en í júní 2001 og því hafi aðeins verið liðin fjögur ár, en fyrningartíminn var fimm ár. Þá ætti það ekki að hafa áhrif á málið að þau hafi verið búsett í útlöndum. Ríkissaksóknari felldi í kjölfarið úr gildi niðurstöðu lögreglunnar og fyrirskipaði að málið skyldi rannsakað. Hins vegar komst hann að þeirri niðurstöðu að ekki væri um samfellda háttsemi að ræða, „því væru hin meintu eða ætluðu brot vegna bréfanna frá 1998, fyrnd,“ að því er segir í Nýju lífi. Því voru aðeins bréfin frá 2001 rannsökuð.

### Lýsti kynnum af vændiskonum

Annars vegar er um að ræða bréf sem Jón Baldvin sendi henni þegar hann var staddur í Tallin í Eistlandi, í apríl 2001, þar sem hann var heiðursræðumaður á hátíðarsamkomu. Í því lýsir hann samskiptum við vændiskonur sem hann hitti á veitingastað í borginni og segir þær hafa minnt hann á hana. Hann segist hafa boðið einni vændiskonunni með sér í mat til að fá frið. Í bréfinu lýsir hann samræðum sínum við stúlkurnar um störf þeirra.

### Hvatti hana til að koma í heimsókn og stytta honum stundir

Hins vegar sendi hann bréf frá Washington, þar sem hann var sendiherra, í júní 2001. Þar segist hann ætla að senda henni „lofnarsögu eftir rómaðasta skáld Perú“ í hraðpósti. „Sagan er munúðarsaga um þroskaða konu sem ungur drengur leggur á girndarhug (hann er bara 10 ára).“ Þá lýsir hann samförum sínum og konu sinnar í kjölfar þess að hafa lesið bókina. „Allavega áhrifamikil saga. Og tilvalin rökkurlesning fyrir unga stúlku sem er hætt að vera barn og er (bráðum?) orðin kona – áður en hún sofnar blíðlega á vit drauma sinn[a].“

Í beinu framhaldi af því segir Jón Baldvin að hann verði aleinn og yfirgefinn frá 20. júní til 5. júlí og hvetur Guðrúnu til að koma við í Washington og stytta honum stundir á leið sinni heim úr skiptináminu.

Hann sendi henni svo bókina, In Praise of the Stepmother, með pósti nokkrum dögum síðar.

### Viðurkenndi dómgreindarbrest

Jón Baldvin var yfirheyrður í febrúar árið 2006 og þar viðurkenndi hann að hafa farið yfir strikið í síðarnefnda bréfinu. Hann hafi sýnt af sér dómgreindarbrest og verið undir áhrifum áfengis og af bókinni. Hann neitaði að hafa haft nokkuð kynferðislegt í huga gagnvart Guðrúnu. Bréfaskriftirnar hafi verið bréfaskriftir fullorðins fólks og bréfinu hafi fylgt bók sem megi líta á sem listaverk. Um leið og honum hafi borist kvartanir hafi hann beðist afsökunar ítrekað en afsökunarbeiðnir hafi ekki verið teknar til greina.

### Tók ár að fá upplýsingar

Í upphafi rannsóknar óskaði lögreglan eftir upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu um það hvort ákvæði um blygðunarkennd væri að finna í lögum í Washington og Venesúela. Ráðuneytið áframsendi beiðnina til utanríkisráðuneytisins tæpum mánuði síðar, eða í mars 2006. Svar með upplýsingum um þetta fékkst frá utanríkisráðuneytinu tæpu ári síðar, fyrst um löggjöf í Washington í lok janúar og svo um löggjöf í Venesúela í lok mars.

### Rannsókn málsins og niðurfelling

Ríkissaksóknari lét málið gegn Jóni Baldvini niður falla 29. mars 2007, einu og hálfu ári eftir að Guðrún hafði lagt fram kæru, og sama dag og bréf með upplýsingum um löggjöf í Bandaríkjunum og Venesúela bárust. Í ákvörðun ríkissaksóknara kemur fram að sú háttsemi hans að senda henni bréf, þar sem hann lýsti samförum við eiginkonu sína, móðursystur hennar, kunni að mati ríkissaksóknara að falla undir verknaðarlýsingu 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sú grein kveður á um að hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum.

Hins vegar segir ríkissaksóknari að hið ætlaða brot hafi verið framið á erlendri grundu og einungis sé heimilt að refsa fyrir það samkvæmt íslenskum hegningarlögum sé það jafnframt refsivert í því ríki sem það er framið í. Í venesúelskum lögum sé skilyrði að brot gegn blygðunarsemi og góðum siðum sé framið á almannafæri til að dæma megi fyrir það. „Eru því ekki efni til frekari aðgerða í málinu.“

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið í gær og vísaði á Huldu Elsu Björgvinsdóttur saksóknara hjá embættinu. Ekki náðist í hana.



Þórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@frettabladid.is



**BIÐST AFSÖKUNAR** Jón Baldvin viðurkennir að það hafi verið dómgreindarskortur að skrifa sextán ára stúlku bréf með erótísku ívafi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Segir Jón Baldvin geta komið athugasemdum á framfæri í næsta blaði

„Greinin byggir á gögnum úr lögreglumáli, meðal annars bréfum sem hann gengst við að hafa ritað. Rakin er atburðarás sem gögnin styðja og í umfjölluninni kemur ekkert fram sem að mínu mati krafðist þess að fá umsögn hans um málið,“ segir Þóra Tómasdóttir, ritstjóri Nýs lífs, í yfirlýsingu vegna málsins. Jón Baldvin gagnrýndi að ekki hefði verið haft samband við hann og honum gefinn kostur á að svara í sama tölublaði. „Afstaða hans til bréfanna, kemur meðal annars fram í lögregluskýrslum sem teknar voru á sínum tíma vegna málsins. Ef Jón Baldvin telur þær skýringar ekki tæmandi er honum að sjálfsögðu heimilt að koma athugasemdum á framfæri í næsta tölublaði Nýs lífs.“ Þóra féllst ekki á þá kröfu að Jón Baldvin fengi að sjá umfjöllunina áður en hún birtist.

Nýtt líf seldist upp hjá útgefanda um miðjan dag í gær.



**ÞÓRA TÓMASDÓTTIR**




## Varð hrædd við lestur bréfanna

„Ég varð brjálæðislega hrædd og áttaði mig á því að þetta væri alls ekki í lagi,“ segir Guðrún Harðardóttir í viðtali við Nýtt líf, um bréf sem Jón Baldvin sendi henni þegar hún var skiptinemi í Venesúela. Í bréfinu lýsti Jón Baldvin kynlífi með eiginkonu sinni og segist Guðrún hafa hálfpartinn hent bréfinu frá sér þegar hún hafði lesið lýsingar á því. Jón Baldvin hafi sent henni tvö bréf árið 2001 en þetta var það síðara. Við lestur fyrra bréfsins segist hún einnig hafa orðið hrædd. „Í þessu bréfi talar hann um mig og hórur í sömu andrá.“

Guðrún segir í viðtalinu við Nýtt líf að hún hafi ákveðið að koma fram með málið nú vegna þess að hún sé búin að fá nóg. Hana hafi lengi langað til að koma þessu frá sér en hafi ekki treyst sér til þess þegar hún var átján ára gömul. Hún er nú á 28. aldursári. „Reglulega kemur upp hjá mér reiði, sorg eða biturð yfir þessu máli … Þegar ég heyri um Jón Baldvin talað í fréttum eða á netinu, þá líður mér illa. Fjölskyldan mín er splundruð út af þessu og mér finnst eins og það sé kominn tími til að fólk fái að vita sannleikann og taki afstöðu. Ég vil að fólk lesi bréfin og sjái svart á hvítu hvað í þeim stendur.“ Eftir að hún kom heim frá Venesúela fékk fjölskylda hennar að heyra af málinu og Bryndísi og börnum hennar og Jóns Baldvins hafi boðist að lesa bréfin. Elsta dóttir hjónanna hefur staðið „eins og klettur“ með henni, en hinar dæturnar hafi hamrað á því að faðir þeirra væri saklaus uns sekt hans væri sönnuð.

Þá segir hún að niðurfelling málsins hafi vegið jafn þungt og valdið henni jafn mikilli reiði og málið sjálft. Hún hafi misst alla trú á íslensku réttarkerfi og verið sár yfir því að hafa fengið það í bakið að hafa verið skiptinemi.

## Baðst afsökunar á „dómgreindarskorti“

Jón Baldvin skrifaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann biðst afsökunar á því sem hann segir dómgreindarbrest, sem hann hafi gert sig sekan um með því að efna til bréfaskrifta við Guðrúnu. Hann talar aðeins um bréfið sem hann sendi ásamt bókinni eftir Vargas Llosa. „Bók og bréf eru á köflum erótísk. Sjálfur hefur höfundurinn kallað bók sína „Erópólitíska“. Þetta bréf lýsir dómgreindarbresti mínum því að bréfið átti ekkert erindi við viðtakandann.“ Jón Baldvin segir málið fjölskylduböl sem hafi eitrað andrúmsloftið innan stórfjölskyldunnar í meira en áratug. Hann segir umrætt bréf hafa dregið dilk á eftir sér innan fjölskyldunnar og valdið þar óvild og jafnvel sorgarviðbrögðum árum saman. „Ég hef ítrekað beðist fyrirgefningar á því – og endurtek þá afsökunarbeiðni hér með einu sinni enn.“

Hann neitar þó að vera sekur um kynferðislega áreitni og segir kærum um slíkt hafa verið vísað á bug jafnharðan. „Þetta mál snýst ekki um kynferðisafbrot af neinu tagi, svo sem staðfest er af réttarkerfinu. Það snýst um bréfasendingar milli lífsreynds manns og óþroskaðrar stúlku, þar sem bréfritarinn hefur ítrekað beðist afsökunar á dómgreindarbresti og boðist til að gera allt sem í hans valdi stendur til að bæta fyrir glöp sín.“

Stjórnarkjör

Eining-Iðja auglýsir hér með eftir listum eða tillögum um menn í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2012-2013 að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Ber samkvæmt því að skila lista skipuðum 100 manns í trúnaðarráð, tveimur skoðunarmönnum reikninga og einum til vara til eins árs. Einnig er hægt að bjóða fram einungis gegn varaformanni sem kosinn er til tveggja ára.

Hverjum framboðslista eða tillögu skulu fylgja meðmæli minnst 80 fullgildra félagsmanna.

Listum eða tillögum ber að skila á skrifstofu félagsins Skipagötu 14 Akureyri eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 2. mars 2012.

Akureyri 22. febrúar 2012
Stjórn Einingar-Iðju

Eining-Iðja / Skipagata 14 / Akureyri / Sími: 460 3600 / www.ein.is
www.ein.is

ÚTSÖLULOK

# …ARÚTSALA

Rúm Gott

# ERTU AÐ VAKNA ÞREYTT/UR EÐA MEÐ VERKI Í LÍKAMANUM?

**Komdu í legugreiningu og fáðu sérsmíðað rúm fyrir þig!**





# ÚTSÖLULOK

MIÐVIKUDAGINN 29. FEBRÚAR

Tvöfalt fjölstillanlegt rafmagnsrúm. Verð frá kr. 309.897.-

Tvíbreið heilsurúm. Verð frá kr. 139.000.-

**15-50% afsláttur af öllum heilsurúmum!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu

**Einstaklingsmiðuð þjónusta**

Rúmgott er eini aðilinn á Íslandi sem notar legugreiningu til að meta þarfir viðskiptavina sinna.

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## ÞAR SEM HVER VIÐSKIPTAVINUR ER SÉRSTAKUR!

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## SOLLA Í BÓNUS BESTI HRÁVÖRUKOKKUR Í HEIMI



**259** KR. 330 ML
ENGIFER DRYKKUR

**598** KR. 425 ML
AGAVE SÝRÓP

**398** KR. 900 GR
HAFRAMJÖL

**298** KR. 500 GR
TRÖLLA HAFRAR

**998** KR. 250 ML
HÖRFRÆ-OLÍA

**798** KR. 500 ML
ÓLÍFUOLÍA EXTRA VIRGIN

**598** KR. 200 GR
CHIAFRÆ OFURFÆÐA

**598** KR. 140 GR
KAKÓNIBBUR RAW

**259** KR. 300 GR
HIMALAYA SALT

**998** KR. 400 GR
KOKOSOLÍA KALDPRESSUÐ

LÍFRÆNT Solla

Sólveig Eiríksdóttir heilsufrömuður vann keppnina Besti hráfæðiskokkur heims. Sólveig, eða Solla eins og hún er kölluð, sigraði í tveimur flokkum; „BEST of RAW Gourmet Chef“ og „Best RAW Simple Chef“.Keppnin fór fram á netinu og voru úrslit kynnt í San Francisco í Bandaríkjunum

HIMNESKT
HTTP://WWW.FACEBOOK.COM/HIMNESKT
HTTP://WWW.GLO.IS/SOLLA_EIRIKS

**498** KR. 600 GR
600 GRÖMM FERSKAR DÖÐLUR

**698** KR. 500 GR
HEIMA MÖNDLUR MEÐ HÝÐI

**195** KR. KG
VATNSMELÓNUR
ÓMISSANDI EFTIR SALTKJÖTIÐ

**298** KR. KG
SÆTAR KARTÖFLUR

**398** KR. 500 ML
LÍFRÆNT KÓKOS-VATN

**198** KR. 1 LTR.
ALOVERA DRYKKUR

**298** KR. 1 LTR.
RICE DREAMS RÍSMJÓLK

**359** KR.200 GR
BÓNUS SPÍNAT
FERSKT FRÁ SPÁNI

AVOCADO ER OFURFÆÐA
LÁRPERAN
AVOCADO Í LAUSU
459 KR.KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10**




**1598** KR. 10 STK.

FROSNIR
**NAUTABORGARAR**




**1395** KR. KG

KJARNAFÆÐI
**FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**

**TILBÚIÐ:** AÐEINS ÞARF AÐ RENNA LÆRINU INN Í OFNINN, OG ***ÞAÐ SÉR SVO UM SIG SJÁLFT !***




**798** KR. 620 GR

620 GR FROSIÐ
**100% NAUTAHAKK**




**1998** KR.KG

*ÍSLANDSNAUT* **FERSKT UNGNAUTASNITSEL**




**2298** KR.KG

*ALI* **FERSKAR KJÚKLINGAGBRINGUR**




**1998** KR.KG

*ÍSLANDSNAUT* **FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS**




**2298** KR.KG

*ALI* **FERSKT KJÚKLINGAFILLET**




**695** KR.KG

KJÖRFUGL **KJÚKLINGALEGGIR**




**1995** KR.KG

KJÖRFUGL **KJÚKLINGABRINGUR**




**595** KR.KG

KJÖRFUGL **KJÚKLINGABITAR**




**798** KR.KG

**FERSKT GRÍSAHAKK**



**129** KR. KG

ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU:
**RAUÐAR OG HVÍTAR**




**398** KR. 500 GR

BÓNUS **KAFFI**




**179** KR. 1 LTR.

**FLORIDASAFI**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 7 | 6 | |
| | | 4 | 6 | | | | 5 | 2 |
| 3 | | 7 | 2 | | 1 | 9 | | 8 |
| 2 | | | | | 5 | | | 4 |
| | | | | 9 | | | | |
| 4 | | | 3 | | | | | 6 |
| 5 | | 1 | 4 | | 9 | 6 | | 7 |
| 6 | 4 | | | | 2 | 5 | | |
| | 2 | 8 | | | | | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS



**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Varað við loddurum og lukkuriddurum:

# Bullhagfræði lýðskrumaranna

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, skrifaði rökfasta grein hér í blaðið í gær þar sem hann útskýrði í einföldu og auðskildu máli hvernig allar hugmyndir um almenna niðurfærslu skulda leiða til sömu eða svipaðrar niðurstöðu; að reikningurinn verði sendur skattgreiðendum og/eða lífeyrisþegum.

Þessi niðurstaða hefur lengi legið fyrir. Í upphafi höfðu sumir hugmyndir um að hægt yrði að láta erlenda kröfuhafa borga niðurfærslu lána með því að nýta afsláttinn sem gefinn var af lánasöfnum við færslu þeirra úr gömlu bönkunum í þá nýju. Þegar í ljós kom að það svigrúm var þegar fullnýtt börðu einhverjir enn höfðinu við steininn, þrátt fyrir að sýnt hefði verið fram á að ekki var öðrum til að dreifa en almenningi í landinu til að borga niðurfærsluna; hún væri með öðrum orðum aðeins endurdreifing á tjóninu.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Til að komast fram hjá þessu vandamáli hafa verið settar fram furðulegar hugmyndir um að hægt sé að setja af stað „hringrás peninga“ þar sem Seðlabankinn prenti peninga til að láta skuldara hafa, þeir borgi niður lánin sín og bankarnir borgi svo peningana aftur inn í Seðlabankann, sem leggi þá inn í sérstakt eignarhaldsfélag. Allir sáttir og enginn borgar, ekki satt? Fyrir þessu hefur Lilja Mósesdóttir, foringi Samstöðu, flokks með fimmtungs fylgi samkvæmt skoðanakönnunum, meðal annars talað.

Þórarinn G. Pétursson afhjúpar þetta tal sem bullhagfræði. Að sjálfsögðu borgar alltaf einhver þegar á að láta skuldara hafa 200 milljarða króna, í þessu tilviki skattgreiðendur. Ef þessi peningavél væri til í raun og veru mætti nota hana til ýmissa góðra verka, til dæmis til að bjarga evrusvæðinu og eyða hungrinu í heiminum, eins og Gylfi Magnússon hagfræðiprófessor benti á nýlega. En peningamaskínan er bara til í draumaveröld loddara sem sækjast eftir vinsældum skuldsetts almennings – og jafnvel atkvæðum.

Lýðskrumararnir eru í öllum flokkum. Hugsanlega varpar það ryki í augu einhverra kjósenda að sumir þeirra hafa lokið prófi í hagfræði og aðrir meira að segja kennt hana í háskóla. Fólk gæti þess vegna haldið að fyrirheitin um skuldalækkun væru byggð á hagfræðilegri þekkingu. Það eru þau ekki og skírskota ekki heldur til heilbrigðrar skynsemi. Þau eru ósköp venjulegt pólitískt lýðskrum, sveipuð búningi fræðikenninga sem reynast vera bull. Sams konar pólitík hefur komið mörgum ríkjum á vonarvöl.

Þórarinn G. Pétursson bendir á að almenn skuldaniðurfelling til allra sé ómarkviss aðgerð, enda myndi stór hluti hennar helzt nýtast þeim sem ekkert þurfa á henni að halda. Að halda því fram að hún þurfi ekki að kosta neitt sé „bæði villandi og óábyrgt“.

Þeim minnihluta heimila sem ráða ekki við skuldir sínar þarf að reyna að hjálpa með þeim sértæku úrræðum sem þegar hafa verið ákveðin. Og sumum verður ekki bjargað frá því að missa eignir sínar. Þetta er hinn kaldi, óvinsæli raunveruleiki sem á svo illa heima í draumaveröld pólitískra lukkuriddara.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



30 manna fermingar-bók kr. 12.000



Kynning á fermingatertum laugardaginn 25.feb. milli kl: 14-16

Upplýsingar:
kokulist@kokulist.is
facebook.com/kokulist
555 6655 • 662 5552

Jón Arilíus KÖKULIST
Verslunarmiðstöðin Fjörður Hafnarfirði

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Af alkemistum

Undanfarið hafa hugmyndir um almenna niðurfærslu skulda verið nokkuð til umræðu. Hefur því meðal annars verið haldið fram að nota megi seðlaprentunarvald Seðlabankans til að fara í slíka aðgerð án þess að nokkur beri af því kostnað. Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, gerði þessar hugmyndir að umtalsefni í Fréttablaðinu í gær.

### Orð í tíma töluð

Í greininni bendir Þórarinn á að almenn niðurfærsla skulda er ómarkviss og kostnaðarsöm aðgerð. Ekki nóg með það heldur félli kostnaðurinn við slíka aðgerð að lokum alltaf á skattgreiðendur í gegnum Seðlabankann eða þá Íbúðalánasjóð og Landsbankann. Og Þórarinn bætir við: „Að láta sem svo sé ekki er bæði villandi og óábyrgt.“ Orð í tíma töluð en auðvitað á enginn að þurfa að láta aðalhagfræðing Seðlabankans segja sér að 200 milljarða niðurfærsla skulda sé ekki ókeypis.





### Neytendur sáttari

Capacent birti í gær niðurstöður íslensku ánægjuvogarinnar 2011. Byggja niðurstöðurnar á könnunum Capacent á ánægju viðskiptavina íslenskra fyrirtækja með þjónustu þeirra. Vakti athygli að ánægja viðskiptavina með næstum því öll fyrirtækin jókst á milli ára. Tvennt kemur til greina. Annaðhvort bættu nær öll íslensk fyrirtæki þjónustu sína á milli ára eða þá fólk er bara almennt sáttara enda efnahagslífið aðeins farið að braggast og kaupmáttur að aukast. Ætli seinni skýringin sé ekki líklegri. **magnusl@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Ísland sjálfbært sólarland

Samfélagsmál



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Íslensk garðyrkja keppir við sólina í Suðurlöndum. Til þess að geta ræktað tómata, agúrkur, káltegundir, paprikur, skrautblóm og hvað það allt nú heitir notar íslensk garðyrkja orkuna úr vatnsföllum og jarðhita íslenskrar jarðar til þess að keppa við sólina í Suðurlöndum – sem er víst ókeypis þar. Fyrir það greiðir íslensk garðyrkja 95 aura á hverja kílówattstund þegar aðrir notendur á Íslandi greiða á sjöttu eða á áttundu krónu fyrir sömu kílówattstund. Mismuninn greiða íslenskir skattgreiðendur – sem eru líka íslensk auðlind eins og orkan. Garðyrkjan borgar ekkert fyrir hana. Þess vegna er hún ókeypis. Hlýtur að vera það!

Mikil áhersla er nú lögð á sjálfbært Ísland. Þess vegna eru íslensku auðlindirnar, orkan og skattborgararnir, látnar bera kostnað af þessari samkeppni við sólina. Þar er samt hægt að gera svo miklu betur. Þar væri t.d. hægt að nota íslenskar auðlindir, orkuna og skattborgarana, til þess að byggja sólarstrendur undir plasthimni og spara þar með allar þessar óþörfu orlofsferðir íslenskra sumargesta til Ítalíu, Spánar, Grikklands og annarra ruglulanda í því vonda ESB – svo ekki sé þá talað um múslímaþjóðfélög eins og Tyrkland, Marokkó og Alsír! Þá þyrfti fólk í sumarskapi ekki heldur að éta hættulegt fæði eins og alls staðar er í útlöndum heldur gæti étið lambakjöt og annað hollasta fæði í heimi undir sínum sólarhimni hér uppi á Íslandi.

> Mismuninn greiða íslenskir skattgreiðendur – sem eru líka íslensk auðlind eins og orkan.

Með þessu móti væri hægt að ganga enn lengra í að gera íslenska þjóðfélagið sjálfbært – sjálfbært sólskinsþjóðfélag! Bara með því að nota íslensku auðlindirnar rétt – orkuna og skattborgarana.

Gerum Ísland að sjálfbæru sólarlandi! Er til þjóðlegra baráttumál!?! Engin landráð hér á ferðinni!

Og hugsið ykkur alla atvinnuna, sem það myndi skapa. Klörubar í hverju krummaskuði.

Vatnsrennibrautir, tívolí, tapasbarir. Auðvitað yrði Ísland svo alþjóðleg miðstöð sóldýrkenda miklu fyrr en landið getur orðið alþjóðleg fjármálamiðstöð – svona úr þessu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þingið sem treysti sér ekki

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Stjórnarskrá Íslands verður ekki breytt nema með samþykki tveggja þinga með kosningum á milli. Það vald verður að óbreyttu ekki framselt annað. Né heldur er hægt að framselja ábyrgðina af því að vandað sé til verksins, þótt þingið kunni að langa til þess.

*„Í ljósi þeirrar kröfu sem uppi er í samfélaginu um lýðræðisumbætur og þess litla trausts sem ríkir gagnvart Alþingi telja flutningsmenn brýnt að almenningur fái að láta í ljós álit sitt í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu áður en Alþingi tekur frumvarpið til efnislegrar meðferðar.“*

Ofangreindur texti er kominn úr greinargerð með upprunalegri þingsályktunartillögu Þórs Saari og fleiri þingmanna, þ.m.t. nokkurra stjórnarþingmanna um meðferð á tillögum stjórnlagaráðs. Það ber auðvitað vott um ferskt raunsæi að þingið telji sig sjálft svo óvinsælt að það telji sig vart geta unnið vinnu sína. En það að Alþingi upplifi eigin vinsældir lágt gefur því ekki heimild til að afsala sér valdi. Telji þingið sig sannarlega það rúið trausti að það geti ekki unnið vinnu sína á það að pakka saman og boða til kosninga.

Í skilabréfi stjórnlagaráðs buðust fulltrúar ráðsins til að koma aftur að málinu ef fram kæmu hugmyndir um breytingar á frumvarpi þess. Nú hefur Alþingi haft frumvarpið á borði sínu í hálft ár, en virðist ekki hafa tekið málið til neinnar raunverulegrar skoðunar. Það liggur hvorki fyrir faglegt mat þingsins á tillögunum né pólitísk afstaða til þeirra. Engar hugmyndir um breytingar á tillögunum liggja fyrir. Kannski mun eitthvað birtast um helgina en það mun þá varla vera nokkuð sem hlotið hefur mikla umræðu í þinginu. Veganesti sem lítið gagn er að.

Margir sem eru sammála því að þingið hefði mátt vinna vinnu sína betur segja samt: „Jæja, en þó svo einhver annar hafi klúðrað málum, þýðir þá nokkuð að hlaupast frá verkinu?“ Þegar svo er talað er stundum látið eins og þessi tilhögun mála hafi verið ákveðin af erlendu herliði. Og enginn, hvorki í stjórnlagaráði né annars staðar, hafi nokkru um hana ráðið. Því fer auðvitað fjarri.

Margir stjórnlagaráðsliða standa stjórnarflokkunum nærri. Þá hefur Hreyfingin/Breiðfylkingin gnótt fulltrúa þar líka og er að öllum líkindum einn stærsti „þingflokkur“ innan stjórnlagaráðs. Margir innan þess hóps höfðu þá áður lýst þeirri skoðun að setja ætti frumvarpið beint í þjóðaratkvæði, án breytinga eða frekari lögfræðilegrar yfirlegu. Þeirri staðreynd að stjórnlagaráðið hafi orðið einróma í afgreiðslu sinni var stundum beitt á þann veg að engar breytingar mætti gera á frumvarpinu.

Veikur andvaralaus stjórnarmeirihluti virðist hafa fallist á þetta og skilað málinu út úr þinginu án þess að hafa skoðað málið eða myndað sér á því skoðun. Þegar svo ber undir ættu þeir sem bera hag verkefnisins fyrir brjósti að beina gagnrýni sinni að þingmeirihlutanum en ekki að þeim fulltrúum sem hafa látið ýmislegt yfir sig ganga til að vinna að framgangi þess, en telja sig ekki lengur geta tekið ábyrgð á því sem kemur út úr ferli sem jafnilla er staðið að. Ferli, þar sem reglurnar eru samdar að því er virðist eftir því sem leikurinn spilast.

Í tillögum stjórnlagaráðs er margt gott að finna. Fjölmargt annað hafði ég heilmiklar efasemdir um, en von mín var að efnisleg yfirferð þingsins gæti annaðhvort lagað ýmislegt af því sem ég taldi betur mega fara eða sannfært mig og aðra sem efins voru um að áhyggjurnar væru óþarfar. Án slíkrar faglegrar og efnislegrar yfirferðar er verið að bjóða fólki í raun að kjósa milli ófullbúins stjórnarskrárfrumvarps og þess að gera engar breytingar. Samkvæmt þingsályktunartillögunni á að fara í efnislega vinnu eftir úrslit atkvæðagreiðslunnar. Ég skil ekki þá hugmyndafræði: Kjósa fyrst og hugsa svo?

Einhverjir hafa skorað á mig að taka sæti í stjórnlagaráði þegar það hittist í mars. Ég er með áskorun á móti. Ég skora á þingið að falla frá hugmyndum um ráðgefandi þjóðaratkvæði í sumar, rýna þess í stað efnislega í tillögurnar og móta sér afstöðu til þeirra. Þing sem treystir sér ekki til þess mun hvort sem er ekki breyta stjórnarskrá.

> Það liggur hvorki fyrir faglegt mat þingsins á tillögunum né pólitísk afstaða til þeirra. Engar hugmyndir um breytingar á tillögunum liggja fyrir. Kannski mun eitthvað birtast um helgina en það mun þá varla vera nokkuð sem hlotið hefur mikla umræðu í þinginu.

# Nýtum visku og hæfileika kvenna

UN Women
Regína Bjarnadóttir
formaður UN Women á Íslandi



Árið 2011 var merkisár hjá landsnefnd UN Women á Íslandi. Þetta var fyrsta starfsár UN Women á Íslandi, þar sem UNIFEM varð að UN Women um áramótin 2010-2011. Þá var ákveðið að halda fjáröflunar- og vitundarvakningarviku í annað sinn, svokallaða „Fiðrildaviku“, sem tókst með glæsibrag. Einnig framleiddi landsnefndin sérstakar UN Women töskur með dyggri aðstoð hönnuðanna Kötlu Rósar Völudóttur og Ragnars Más Nikulássonar, sem vöktu mikla athygli og hreinlega fuku út. Í lok árs 2011 gat UN Women á Íslandi með stolti aukið framlag sitt til verkefna víða um heim um 140% frá fyrra ári.

Ég vil fyrir hönd stjórnar UN Women á Íslandi þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóginn og gáfu vinnu sína til þessa þarfa málefnis. Fyrir frjáls félagasamtök með takmarkaða yfirbyggingu er þátttaka sjálfboðaliða lykilatriði til þess að ná árangri. Með þennan stóra og góða hóp styrktaraðila getum við áorkað miklu og hvet ég alla stuðningsaðila til að vera virkir þátttakendur í starfinu á komandi árum. Einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem lögðu okkur lið á árinu, bæði með fjárframlögum og vinnuframlagi.

Félagsmönnum í landsnefnd UN Women á Íslandi og mánaðarlegum styrktaraðilum í „Systralaginu“ svonefnda hefur fjölgað umtalsvert undanfarið ár og gleður það okkur mjög. Það er greinilegt að almenningur lætur sig málefni kvenna um allan heim varða og er tilbúinn að leggja jafnréttisbaráttunni lið, jafnvel þótt víða kreppi að. Mikið hefur áunnist á undanförnum árum fyrir tilstuðlan UN Women. Engu að síður eru verkefni framtíðarinnar ærin.

Meginmarkmið UN Women á Ísland eru að vera málsvari kvenna í þróunarlöndum og á átakasvæðum, kynna og efla áhuga almennings á starfsemi UN Women, þrýsta á stjórnvöld að aðhafast í málefnum er varða jafnan rétt kynjanna og síðast en ekki síst að afla fjármagns til að styrkja verkefni þar sem vandamálin eru stærst. UN Women á Íslandi mun halda áfram af fullum krafti að sinna þessu mikilvæga hlutverki sínu og veita konum um allan heim byr undir báða vængi til að eygja von um að brjótast út úr aðstæðum fátæktar, sjúkdóma, ofbeldis og óréttlætis. Við hvetjum alla sem láta sig málefnið varða til að taka þátt í því starfi með okkur.

Ég læt Michelle Bachelet, framkvæmdastýru UN Women, eiga lokaorðin: „Við köllum eftir dyggum stuðningi við að efla mátt kvenna og jafnrétti kynjanna. Á þessum tímum óvissu og örbirgðar megum við ekki láta niðurskurð bitna á framförum kvenréttinda. Við þurfum ekki aðeins að halda því í horfinu sem áunnist hefur, heldur halda áfram að taka framförum. Með auknum kröfum um réttlæti, pólitískum breytingum og kosningum í nánd höfum við tækifæri til að opna dyrnar fyrir konur. Við höfum ekki lengur efni á að halda konum niðri, við þurfum á visku og hæfileikum kvenna að halda í heiminum, sama hvort um er að ræða fæðuöryggi, efnahagslegar framfarir, heilsu eða frið og öryggi.

> Ég vil fyrir hönd stjórnar UN Women á Íslandi þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóginn og gáfu vinnu sína til þessa þarfa málefnis. Fyrir frjáls félagasamtök með takmarkaða yfirbyggingu er þátttaka sjálfboðaliða lykilatriði til þess að ná árangri.




# tímamót

timamot@frettabladid.is



86 **GUNNAR EYJÓLFSSON,** leikari á afmæli í dag.
*„Ég er strengjabrúða orkunnar.“*

## Merkisatburðir

1630 Skálholtsstaður brennur, þar eyðileggjast þrettán hús og mikil verðmæti fara forgörðum.
1636 Kristján 4. gefur út skipun um að betlarar skuli vinna í skipasmíðastöðinni Brimarhólmi.
1863 Forngripasafn Íslands er stofnað að frumkvæði Sigurðar Guðmundssonar málara.
1924 Stytta af Ingólfi Arnarsyni er afhjúpuð á Arnarhóli í Reykjavík.
1975 Led Zeppelin gefur út breiðskífuna Physical Graffiti.
1991 Minnisvarði er afhjúpaður í Innri-Njarðvík um Sveinbjörn Egilsson, rektor og skáld.

**ÞETTA GERÐIST:** 24.FEBRÚAR 1981

## *Karl Bretaprins og Díana opinberuðu trúlofun sína*

Karl prins af Wales og lafði Díana Spencer opinberuðu trúlofun sína þennan dag árið 1981. Það gerðu þau á blaðamannafundi við Buckingham-höll.

Skötuhjúin höfðu þó bundist tryggðaböndum þremur vikum fyrr því þá hafði Karl beðið lafði Díönu í kvöldverðarboði. Hún var í þann veginn að halda til Ástralíu og hann hugsaði sér að hún gæti hugleitt ráðahaginn í ferðinni. Honum til óvæntrar ánægju játaðist hún honum þegar í stað. Fjölmiðlar voru búnir að vakta parið og vera með stöðugar ágiskanir en þrátt fyrir mikinn áhuga þeirra og almennings tókst þeim að halda trúlofuninni leyndri í þrjár vikur.





**AFHJÚPUN** Tómas Snær Jónsson og Andrea Dagbjört Pálsdóttir afhjúpuðu minningarskjöldinn við Skátamiðstöðina að viðstöddum gestum.

## Ný skátaöld hefst

Íslenskir skátar fagna því að 100 ár eru liðin frá því að skátastarf hófst hér á landi með stofnun Skátafélags Reykjavíkur 2. nóvember 1912. Í tilefni þeirra tímamóta var afhjúpaður minningarskjöldur við Skátamiðstöðina að Hraunbæ 123, á fæðingardegi Baden-Powells, stofnanda hreyfingarinnar 22. febrúar, sem er haldinn hátíðlegur um allan heim.

Bragi Björnsson skátahöfðingi ávarpaði gesti og sagði meðal annars að skátahreyfingin væri langstærsta alþjóðlega æskulýðshreyfingin, með rúmlega 45 milljónir starfandi félaga. Bragi hvatti skáta landsins til þess að tendra eld í brjóstum sem flestra.

Kjörorð afmælisársins er Ævintýrið heldur áfram.

- gun

ÍSLENSKUR ARKITEKTÚR: MÁLÞING OG SÝNING OPNAR Í NORRÆNA HÚSINU

# Fjörutíu ára tillögur sem eiga fullt erindi við samtímann

Ég held að þetta hafi nú bara lent einhvers staðar ofan í skúffu,“ segir Stefán Örn Stefánsson arkitekt, um afdrif tillagna sem hann og félagar hans, þeir Stefán Thors og Einar E. Sæmundsen, hlutu verðlaun fyrir ásamt Teiknistofunni Höfða í hugmyndasamkeppni um skipulag Þingvalla árið 1974. Samkeppnin var haldin í tilefni af 1.100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Tillagan, sem hlaut 2. sæti í samkeppninni, er ein þeirra sem skoða má í Norræna húsinu á sýningunni Arkitektasamkeppnir – byggingarlist í deiglu sem verður opnuð í Norræna húsinu á morgun. Þar verða jafnframt til sýnis aðrar verðlaunatillögur í sömu samkeppni og í opnum arkitektasamkeppnum síðustu 40 ára. Tilgangur sýningarinnar er að vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í því að bjóða verk út í opinni samkeppni.

Þeir Stefán Örn og Stefán Thors voru við nám í Arkitektaskólanum í Kaupmannahöfn þegar þeir tóku þátt í samkeppninni, en Einar var tiltölulega nýútskrifaður úr sama skóla. Verkefni þeirra var metnaðarfullt og tók til alls Suðvesturlands. „Við greindum meðal annars mannfjöldaþróun, búsetu, atvinnuskiptingu, samgöngumálin á svæðinu og náttúrufarslegar forsendur. Við töldum að þetta hefði allt samverkandi áhrif á nýtingu landsins og umgengnina um það,“ útskýrir Stefán Örn. „Við greindum meðal annars landið eftir hæðarbeltum. Notkun landsins var mest á láglendinu, bæði vegna landbúnaðar og vaxandi ásóknar í sumarbústaðalönd. Ofan frá var gróðureyðing af völdum sauðfjárbeitar og uppblásturs. Átakasvæðið var þarna á milli láglendis og hálendis. Það var í raun okkar umfjöllunarefni.“

Hefðu tillögur þeirra náð fram að ganga hefði kraginn utan um Þingvallavatn orðið að friðlandi og verndarsvæði. Þeir lögðu líka til að Suðurlandsvegurinn yrði framvegis helsta tengingin við Þingvelli, Valhöll yrði lögð niður og þjónustumiðstöð á svæðinu færð á Gjábakkasvæðið.

Tillögur þeirra skólabræðra ættu margar hverjar vel heima í svipaðri hugmyndasamkeppni í dag. Ef til vill fengju þær líka meira brautargengi, enda var umhverfisvernd ekki gefið mikið pláss í landsmálunum á þessum tíma. „Fjörutíu ár eru stundum nauðsynleg meðganga,“ segir Stefán Örn þessu til samsinnis. „Þetta var svolítið sérstakur tími og allt aðrar aðstæður en nú. Hringvegurinn var til dæmis ekki kominn og það var nýbúið að endursemja náttúruverndarlögin. Það var hins vegar mikil gerjun í náttúruverndarmálum á Norðurlöndum á þessum tíma og tillögur okkar voru svolítið í þeim anda.“

Sýningin í Norræna húsinu helst í hendur við málþing um áhrif byggingarlistar á samfélagið, sem fram fer í Norræna húsinu milli klukkan 14 og 16 á morgun.

holmfridur@frettabladid.is



**STEFÁN ÖRN STEFÁNSSON ARKITEKT** Stefán fékk ásamt skólabræðrum sínum verðlaun fyrir tillögu sína um skipulag Þingvallasvæðisins árið 1974. Hann segir tillögurnar vel geta átt við í dag, enda séu 40 ár nauðsynlegur meðgöngutími í sumum tilfellum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**TILLAGA UM FRIÐUN** Í tillögu þeirra Stefáns Arnar Stefánssonar, Stefáns Thors og Einars E. Sæmundsen var lagt til að mörk Þingvallaþjóðgarðs yrðu stækkuð og þjóðgarðurinn sameinaður Fólkvangi á Reykjanesi um Hellisheiði og Hengilssvæðið.

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dóróthea Sigurfinnsdóttir**
Lokastíg 3, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum föstudaginn 10. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir fyrir hlýhug, samúð og vináttu. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Holtsbúðar að Vífilsstöðum fyrir hlýja og góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gerður Sigurlín Ragnarsdóttir**
**Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir** **Kari Heikki Vähäpassi**
**Marsibil Katrín Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elsku drengurinn okkar, bróðir, ömmubarn og frændi,*

**Gunnar Örn Gunnarsson**
Helsingborg, Svíþjóð,

lést af slysförum í Tansaníu laugardaginn 18. febrúar.

**Mjöll Helgadóttir** **Gunnar Þorsteinsson**
**Össur Gunnarsson** **Eyrún Valsdóttir**
**Soffía Gunnarsdóttir** **Daníel Helgi Gunnarsson**
**Hrafnhildur Thoroddsen**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur og afi,*

**Sigurður Emil Einarsson**
Jakaseli 8, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 19. febrúar. Útför hans fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 29. febrúar kl. 13.00.

**Guðný Skarphéðinsdóttir**
**Davíð Sigurðsson** **Gréta Guðmundsdóttir**
**Erla Sigurðardóttir** **Marcel Ostheimer**
**Esther Sigurðardóttir** **Trausti Gylfason**
**Esther Anna Jóhannsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Elsku hjartans eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigrún Björgvinsdóttir**
Jörundarholti 16, Akranesi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Dvalarheimilinu Höfða mánudaginn 20. febrúar. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 28. febrúar kl. 14.00.

**Gunnar Lárusson**
**Lára Dröfn Gunnarsdóttir** **Jarle Reiersen**
**Eyrún Signý Gunnarsdóttir**
**Hafdís Gunnarsdóttir** **Ágúst Páll Sumarliðason**
**Anna Björg Gunnarsdóttir** **Teitur Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



**Aðalfundur Beint frá býli** verður haldinn að Sólheimum í Grímsnesi á morgun milli 13.45 og 18. Meðal efnis á dagskrá verður kynning á skýrslu Háskólans á Akureyri um lagaumhverfi heimavinnslu landbúnaðarafurða á Íslandi. Sjá nánar á www.beintfrabyli.is


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457







Helga Soffía Konráðsdóttir, prestur í Háteigskirkju, býður heim á sunnudögum.



# Alltaf með sunnudagskaffi

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Helga Soffía Konráðsdóttir, prestur í Háteigskirkju, segist ekki vera mikið fyrir að elda mat. Hún kann þó að njóta hans. Helga Soffía leggur meiri áherslu á að baka og býður gestum í kaffi hvern sunnudag, enda er hún mikil fjölskyldumanneskja.

Helga Soffía kynntist fyrrverandi eiginmanni sínum, Toshiki Toma, þegar þau voru bæði við nám í Ísrael. Síðan fluttu þau til heimalands hans, Japans, og bjuggu þar í tvö ár. „Móðir mín var flinkur kokkur þannig að ég þurfti aldrei að gera neitt í eldhúsinu. Það varð til þess að ég fékk aldrei neinn sérstakan áhuga á eldamennsku,“ segir Helga Soffía. „Þegar ég kynntist Toshiki reyndist hann vera afar snjall kokkur og tók að sér matargerðina á heimilinu. Ég kynntist japanskri matargerð í gegnum Toshiki en hann var sérlega hugmyndaríkur og fylgdist vel með matreiðsluþáttum í sjónvarpinu. Það var allt nýtt fyrir mér á þessum tíma og margt framandi. Ég var húsmóðir í Japan þar sem í boði var ýmislegt framandi hráefni. Hrár fiskur er mikið borðaður í Japan en ég kunni ekkert með hann að fara. Ég naut þess að borða, enda líkaði mér maturinn. Matarhefðin í Japan er auk þess skemmtileg. Lengi er setið til borðs og margir smáréttir bornir fram,“ segir Helga Soffía.

Hún segir að eftir að þau fluttu til Íslands hafi haldist sú hefð að eiginmaðurinn eldaði. „Nú bý ég með tveimur börnum mínum, 18 og 21 árs, en þegar ég elda þá erum við bara að næra okkur. Vegna þess hversu mikið er að gera hjá mér þá dett ég oft í það að hafa eitthvað fljótlegt í matinn. Yngra barnið er svolítið farið að prófa sig áfram í matargerð og hefur erft þann áhuga frá föður sínum. Mér finnst ágætt að vera í hinu félagslega hlutverki, leggja fallega á borð og rabba við gesti. Til að geta haldið góðu samneyti við fjölskyldu og vini fór ég að sinna bakstri og býð í huggulegt sunnudagskaffi. Það finnst mér mjög gaman,“ segir Helga Soffía sem gefur hér uppskrift að rommkúlutertu sem hún fann í eftirréttabók frá Hagkaup og er afar vinsæl hjá henni.

;FRAMHALD | 2






**Alþjóðleg hundasýning** Hundaræktarfélags Íslands verður haldin um helgina í nýjum húsakynnum að Klettagörðum 6. Sýndar verða 83 hundategundir og 696 hreinræktaðir hundar. Dómar hefjast á laugardag klukkan níu og standa fram eftir degi. Tilgangurinn er að meta hundana út frá ræktunarmarkmiði hvers kyns og leiðbeina ræktendum í starfi.








Katrín Vignisdóttir, Björn Þór Jóhannsson og Lilja Ósk Magnúsdóttir halda utan um Wipeout-keppnina í Vesturbæjarlaug ásamt fleirum og lofa fjöri fyrir alla fjölskylduna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Wipeout í Vesturbænum

**Langþráð vetrarfrí hófst í gær í flestum grunnskólum Reykjavíkurborgar. Frístundamiðstöðvar, félagsmiðstöðvar og sundlaugar borgarinnar standa fyrir ýmiss konar dagskrá svo engum ætti að leiðast.**

„Við ætlum að smita út gleðinni í starfinu hjá okkur og það verður mikið stuð,“ segir Steinunn Grétarsdóttir, starfsmaður í Frístundamiðstöðinni Frostaskjóli, en miðstöðin stendur fyrir Wipeout-keppni í Vesturbæjarlauginni í dag.

„Við setjum upp tvær keppnir, Wipeout og Minute to win it. Hugmyndin kemur beint frá krökkunum í frístundamiðstöðinni en þau horfa á þessa þætti í sjónvarpinu og finnst þetta skemmtilegt,“ segir Steinunn og ítrekar að dagskráin sé öllum opin. „Reykjavíkurborg býður öllum sem eru í vetrarfríi upp á dagskrá. Fólk þarf ekki að sýna fram á búsetu í hverfinu,“ segir hún og hlær.

Wipeout-keppnin fer fram í lauginni og er ætluð 9 ára og upp úr. Búið er að setja upp þrautabraut um laugina sem þátttakendur fara í gegnum meðan klukkan tifar. Þó að keppnin eigi sér fyrirmynd í bandarísku sjónvarpsþáttunum verður brautin þó ekki alveg eins.

„Hún verður eitthvað minni í sniðum en mjög skemmtileg. Krakkarnir renna sér niður rennibrautina með bolta og skora körfu, kafa síðan eftir einhverju dóti, hlaupa upp á bakkann þar sem verður sprautað á þau vatni og renna sér svo niður uppblásna rennibraut. Svo þurfa þau að fara yfir fljótandi fleka sem búið er að binda saman, sækja dúkku og koma henni fyrir,“ útskýrir Steinunn.



Þó að fyrirmyndin komi frá bandarísku sjónvarpsþáttunum Wipeout verður þrautabrautin eitthvað minni í sniðum í Vesturbæjarlauginni.

„Minute to win it-keppnin fer ekki fram ofan í lauginni og hentar öllum aldurshópum. Leikurinn felst í þrautum sem á að leysa á einni mínútu. Til dæmis að hrista borðtenniskúlur úr tissjúboxi sem fest er aftan við bak, kasta hálffullri vatnsflösku svo hún lendi standandi uppi á borði, og flokka spil. Einfalt en skemmtilegt og mikið fjör.“

Í Wipeout-keppnina þarf að skrá sig og greiða 120 krónur ofan í laugina. Þá verða vöfflur í boði meðan birgðir endast og heitt á könnunni. Dagskráin í Vesturbæjarlauginni hefst klukkan 14.30 í dag og er samstarf milli unglinga- og barnastarfsins í Frostaskjóli. Hún er hluti dagskrár Reykjavíkurborgar, Fjölskyldan skemmtir sér í vetrarfríi, sem frístunda- og félagsmiðstöðvar og sundlaugar borgarinnar standa fyrir í dag. Nánar má skoða dagskrána á www.reykjavik.is.

*heida@frettabladid.is*




# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...


Framhald af forsíðu

## Rommkúluterta Helgu Soffíu Konráðsdóttur

fyrir 6



4 eggjahvítur
200 g sykur
3 dl Rice crispies
1 tsk. lyftiduft

*Þeytið eggjahvítur og bætið sykri saman við. Stífþeytið. Myljið Rice crispies og blandið því og lyftidufti saman við eggjahvíturnar. Skiptið í tvo botna á bökunarpappír og bakið við 150°C í 60 mín.*

**Rommkúlukrem**
1 dl rjómi
110 g rommkúlur
100 g rjómasúkkulaði
2 eggjarauður

*Saxið rjómasúkkulaði og setjið í skál. Hitið rjómann í potti, bætið rommkúlum út í og bræðið við vægan hita. Hrærið í pottinum með sleif þar til rommkúlurnar eru bráðnaðar. Hellið blöndunni yfir rjómasúkkulaðið og blandið vel saman. Hrærið eggjarauðurnar saman við og þeytið kremið í smá stund. Kremið kólnar og þykknar við þeytinguna. Athugið að best er að gera kremið um leið og kakan er sett saman.*

**Fylling**
4 dl rjómi
1 tsk. vanilludropar
1 msk. flórsykur
1 banani
Rommkúlur

*Setjið marengsbotn á bakka. Skerið 8-10 rommkúlur gætilega í sundur og látið leka úr þeim yfir botninn. Saxið rommkúlurnar gróft og setjið yfir. Skerið banana í sneiðar og raðið ofan á. Dreifið hluta kremsins yfir. Þeytið rjóma og bætið flórsykri og vanilludropum saman við. Smyrjið rjómanum ofan á botninn. Setjið annan botn yfir og afganginn af kreminu. Skreytið eftir smekk.*

24. FEBRÚAR 2012

# Lífið

RAGNA FOSSBERG FJÓRFALDUR EDDUHAFI

KONUR OG HJARTA-ÁFÖLL – EINKENNIN?

SPORTIÐ SNÝST EKKI UM SPEGILINN

FRAMAKONUR Í FYRIRTÆKJA-REKSTRI



# FÆSTIR HAFA KJARK TIL AÐ SPYRJA MIG UM SLÚÐURSÖGURNAR

## FRIÐRIKA HJÖRDÍS GEIRSDÓTTIR UM FYLGIKVILLA ÞESS AÐ VERA ÞEKKT Á ÍSLANDI, FRAMANN OG HUGLEIÐSLUNA SEM HELDUR HENNI GANGANDI

FRÉTTABLAÐIÐ

› Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?







Það ríkti mikil spenna fyrir Edduna síðastliðinn laugardag á 101 bar þar sem tilnefndir sem aðrir komu saman. **Elín Hirst,** Brynja Þorgeirs, Sigga Kling, Tobba Marinós, **Brynja Nordquist** , Þórhallur Guðmundsson og Friðrik Þór voru meðal þeirra. Að hátíðinni lokinni skelltu sumir sér út á lífið og mátti sjá leikarana Hilmi Snæ Guðnason og Stefán Karl Stefánsson í góðum gír á Ölstofunni en þar var einnig eiginkona Stefáns, **Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir,** Elín Arnar, ritstjóri Vikunnar, og fleiri góðir.

Lífið

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf.
**Umsjón** Ellý Ármanns elly@365.is og Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is
**Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun** Arnór Bogason
**Förðun Rikku** Margrét R. Jónasar
**Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
**Lífið** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

Kraftkaup.is

Kristals / Demantshúðslípun
á 40% afslætti

fyrir
eftir





Kristalshúðslípun vinnur á öldrunarblettum, hrukkum, húðsliti, óhreinni húð og exemhúð. Hún dregur einnig úr bóluörum.

Húð þín mun líta betur út, öldrunarblettir, fínar hrukkur hverfa, ör eftir bólur og húðslit minnka. Auk þess verður húðin mýkri, sléttari og unglegri. Meðferðin bætir áferð og vinnur gegn öldrun.

Húðfegrunarstofan ehf

Gildir aðeins í 48 tíma
www.kraftkaup.is Sími: 537 4045



# ÞYKIR VÆNST UM FYRSTU EDDUNA

**Ragna Fossberg á heiðurinn af útliti og gervi ótal þjóðþekktra persóna sem birst hafa íslensku þjóðinni í sjónvarpi og kvikmyndum síðustu áratugi. Ragna hlaut fjórðu Edduna fyrir störf sín á nýliðinni Edduhátíð. Lífið fékk að skyggnast inn í heim Rögnu og forvitnast um flottan feril hennar.**

> „Þegar ég hætti að læra nýja hluti í starfi mínu þá hætti ég.

Ragna í góðum félagsskap leikkonunnar Juliu Stiles við vinnslu á myndinni, A Little Trip to Heaven, árið 2005. MYNDIR/EINKASAFN

**RAGNA FOSSBERG**
**ALDUR:** 62 ÁRA
**MAKI:** BJÖRN EMILSSON
**ÁHUGAMÁL:** HESTAMENNSKA, SKÍÐI OG FERÐALÖG

Það er óhætt að segja að Ragna Fossberg eigi langan og farsælan feril að baki. Árið 1967 byrjaði hún að greiða þulum Ríkissjónvarpsins í aukavinnu og lauk svo námi í hárgreiðslu skömmu síðar. Enn í dag hvetur hún áhugasama um fagið að byrja á því að læra um hár.

„Hár er svo stór partur af útliti fólks, þú sérð hárið miklu frekar en förðunina."

### Gott að vinna á Ríkisútvarpinu

Árið 1971 var Ragna ráðin til starfa hjá RÚV og hefur starfað þar allar götur síðan þó með smá hléum á meðan hún hefur starfað við kvikmyndir og leikhús. Hún segir RÚV hafa verið einstakan vinnustað og stutt sig mikið. „Þeir hafa sem betur fer séð hag sinn í því að hleypa mér í önnur verkefni þar sem ég hef alltaf komið með aukna þekkingu til baka."

### Lærði mest af danska ríkissjónvarpinu

Það er ekkert sem Ragna getur ekki gert þegar kemur að gervum. Hún býr til skalla, hárkollur, gervitennur og svo mætti lengi telja. Hún sá meðal annars um Spaugstofuna öll þau ár sem hún var framleidd af RÚV. Spurð um þessa þekkingu sína segist hún hafa lært hvað mest af danska ríkissjónvarpinu en þangað fór hún á vegum Ríkisútvarpsins hér á árum áður í þeim tilgangi að læra.

„Svo fór ég í eitt ár til Los Angeles til þess að vinna við kvikmyndir og það var sko lærdómsríkt ár," segir Ragna sem slagar í þrítugustu bíómyndina sína um þessar mundir ásamt því að hafa starfað gríðarlega mikið í leikhúsunum við gervi, hár og förðun á ferlinum.

### Vann við hrikalegar aðstæður

Ragna við við eina af fyrstu íslensku kvikmyndunum þegar hún var einmitt nýkomin heim frá LA. „Þetta var kvikmyndin Í skugga hrafnsins eftir Hrafn Gunnlaugsson og ég held ég geti sagt það óhikað að þetta voru þær allra hrikalegustu vinnuaðstæður sem ég hef kynnst. Vinnudagarnir fóru allt upp í tuttugu klukkustundir, fyrir utan það að koma sér á staðinn. Ég fór í öll verk, dró lélegt hjólhýsið mitt og tengdi það sjálf, var mikið úti við og það við slæmar aðstæður en það var meðal annars verið að brenna gúmmídekk til þess að skapa réttu stemninguna. Þetta var svolítið sjokk eftir að hafa verið með góða vinnuaðstöðu í flottum hjólhýsum sem litu út eins og hótelherbergi í Los Angeles.



Við erfiðar aðstæður á tökustað myndarinnar Í skugga hrafnsins.



Með Hollywood-leikkonunni Julie Christie.



Ragna við gerð myndarinnar No Such Thing árið 2001.

### Stjörnur eru bara lifandi persónur

Spurð um stærsta verkefnið sitt á ferlinum segir hún kvikmyndina No Such Thing sem tekin var í Bandaríkjunum og á Íslandi vera það allra stærsta. Meðal þeirra sem fóru með hlutverk í þeirri mynd voru leikkonurnar Helen Mirren, Julie Christie og síðast en ekki síst Baltasar Kormákur.

Ragna segist vera alveg hætt að kippa sér upp við það að vinna með stórstjörnum. „Þetta eru allt lifandi persónur eins og aðrir. Þetta fólk kemur og fer og hefur ekkert meiri áhrif á mig en annað fólk."

### Fyrsta Eddan er besta Eddan

Það má ætla að Ragna sé búin að ná mörgum markmiðum sínum á ferlinum og það staðfestir hún. „Hins vegar er eitt sem ég hef að leiðarljósi í starfi mínu og það er að þegar ég hætti að læra nýja hluti þá hætti ég. Í dag langar mig að fara að hægja örlítið á mér enda búin að vinna mikið í gegnum tíðina."

Ragna fór heim með fjórðu Edduna á nýliðinni Edduhátíð og segir það alltaf jafn góða tilfinningu – þó þyki henni allra vænst um þá fyrstu. „Fyrsta Eddan er besta Eddan, bæði var það fyrsta árið sem hún var veitt, styttan er fallegust og valið fór fram í fagnefnd, þar af leiðandi skiptir hún mig mestu máli.

### Hleypur ekki eins hratt

Ragna fagnar sextugasta og þriðja afmælisdeginum sínum í næstu viku og segir það hræðilegt að vera komin á þennan aldur með smá hæðnistón í röddu. „Nú er farið að síga á seinni hlutann því ekki lifir maður að eilífu. Svo hleypur maður ekki alveg eins hratt. En ætli ég megi ekki bara vera stolt af aldrinum," segir Ragna Fossberg að lokum.


2.990 /MÁN
ENGIN BINDING!
Reebok
FITNESS
2.990 /MÁN
ENGIN BINDING!
BodyPump HotYoga HjólaTímar ZumbaFitness
Kíktu við í glæsilegu tækjaaðstöðuna okkar í Holtagörðum. Engin binding og allir hóptímar innifaldir!
Reebok
FITNESS
Holtagarðar
reebokfitness.is

AUGLÝSING: DAY KRINGLUNNI KYNNIR



DAY BIRGER ET MIKKELSEN

Vandaðar danskar vörur með Dömu,herra og home línu.

*Full búð af flottum vörum frá vor og sumarlínu 2012*







FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS


# GREINDIST HJÁ HEIMILISLÆKNINUM



## Helga Þóra Jónsdóttir, kirkjuvörður í Fossvogskirkju og ein af hjartadrottningunum sem prjónuðu rauða kjólinn sem sýndur var á GoRed-deginum

Helga var aðeins 51 árs gömul þegar hún fékk hjartaáfall. „Ég var búin að ganga með bakverk og tak fyrir brjóstinu í svolítinn tíma.“ Helga greindist með hjartaáfall hjá heimilislækni sínum og fór þaðan í hjartaþræðingu og fékk stoðnet í æð sem var 100% stífluð. „Ég fór í endurhæfingu á Reykjalundi sem var yndislegt og í dag stunda ég reglubundnar æfingar og líður mjög vel.“

„Ég ráðlegg öðrum konum að hlusta á líkamann og kynna sér vel hvernig hjartasjúkdómar geta herjað á okkur konur.“ Í dag lifir Helga heilbrigðu lífi og er þakklát fyrir hvern dag.



Rauði kjóllinn sem gerður var fyrir GoRed daginn.

### Hjartadrottningarnar

Hópurinn var stofnaður 5. maí árið 2009 af nokkrum kjarnakonum og hjúkrunarfræðingum sem töldu vanta hóp fyrir þær konur sem greinst hafa með hjarta- og æðasjúkdóma. Hópurinn hittist til að ræða málin og miðla reynslu sinni og jafnvel bara hittast og prjóna og hlæja saman.

Eitt skiptið er þær sátu saman fengu þær þá hugmynd að prjóna fullt af bútum úr rauðu garni og gera fallegan rauðan kjól fyrir GoRed-daginn. Hófust þær handa og er óhætt að segja að margar hendur hafi komið að verkinu. Útkoman var svo sýnd í Perlunni síðastliðna helgi og er hópurinn nú þegar byrjaður á kjól næsta árs.

### Helstu áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma hjá konum

- Aldur
- Reykingar. Kona sem reykir er í fjórfalt meiri áhættu en karl sem reykir
- Sykursýki er alvarlegur áhættuþáttur hjá konum
- Blóðfituröskun
- Háþrýstingur
- Ættarsaga um kransæðasjúkdóm hjá 1. gráðu ættingjum
- Ofþyngd
- Hreyfingarleysi

### Af hverju GoRed fyrir konur?

- Flest sem vitað er um einkenni, greiningu og meðferð hjartasjúkdóma byggir á rannsóknum þar sem karlmenn hafa verið þátttakendur en ekki konur
- Konur hafa oftar óljósari einkenni en karlar þegar um hjartasjúkdóma er að ræða og bíða lengur með að leita sér hjápar vegna brjóstverkja.
- Meðferð kransæðasjúkdóms hjá konum getur verið vandasamari en hjá körlum.
- Konur gera sér ekki grein fyrir eigin áhættu og telja aðra sjúkdóma meiri ógn við sína heilsu.
- Hár blóðþrýstingur og sykursýki á meðgöngu auka hættu á hjarta- og æðasjúkdómum síðar á ævinni.

Þó svo að konur greinist með kransæðasjúkdóm um tíu árum síðar en karlar, látast jafn margar konur og karlar árlega af völdum hjarta- og æðasjúkdóma.

Samkvæmt rannsóknum Hjartaverndar eykst tíðni áhættuþátta hjá konum eftir 50 ára aldur, svo sem hár blóðþrýstingur, hátt kólesteról, sykursýki og ofþyngd. Með hollu mataræði og reglubundinni hreyfingu má minnka líkurnar á flestum áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma.

Það eru einungis fáein ár síðan farið var að leggja áherslu á að miðla upplýsingum til kvenna og heilbrigðisfagfólks um hve tíðni hjarta- og æðasjúkdóma er há hjá konum. Mikilvægt er að upplýsa konur um fyrstu einkenni hjarta- og heilaæðasjúkdóma til að geta brugðist skjótt við. Enginn einstaklingur læknast af slíkum sjúkdómi – heldur lærir hann að lifa með honum.

### Einkenni hjartaáfalls og heilaslags

GoRed á Íslandi er samstarfsverkefni Hjartaverndar, Heilaheilla og Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga, auk fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga.

**Konur eru líklegri til að upplifa eftirfarandi einkenni hjartaáfalls:**

- Óútskýrðan slappleika eða þreytu
- Óeðlilegt kvíðakast eða verða taugaóstyrkar
- Meltingartruflanir eða verk vegna uppþembu

**Konur og karlar upplifa eftirfarandi einkenni hjartaáfalls:**

- Þyngsl eða verk fyrir brjósti eða fyrir neðan bringubein
- Óþægindi eða verk milli herðablaða, í hálsi, kjálka eða maga
- Verk sem kemur við áreynslu og hverfur við hvíld og getur verið fyrirboði kransæðastíflu
- Stöðugan verk fyrir brjósti e.t.v. með ógleði og kaldsvita sem getur verið einkenni um bráðakransæðastíflu og krefst tafarlausrar meðferðar

**Konur og karlar upplifa eftirfarandi einkenni heilaslags:**

- Dofa eða máttleysi í andliti, handlegg eða fæti, aðallega í öðrum helmingi líkamans
- Ringlun, erfiðleika með að tala eða að skilja
- Erfiðleika með að sjá með öðru eða báðum augum
- Erfiðleika með gang, svima, skort á jafnvægi eða samhæfingu
- Slæman höfuðverk af óþekktri orsök
- Yfirlið eða meðvitundarleysi




allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 24 ár
1988-2012

Áratuga reynsla og rannsóknir
sýna að Slendertone virkar

20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum

**Nýtt og enn öflugra**

System + fyrir dömur og herra

**kr. 29.995,-**




System+ dömupakki - belti + buxur verð kr. 39.995 -

KORTER - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

**Náðu enn meiri árangri**
með meiri brennslu




THERMOBOL
Vinsælasta fitubrennsluefnið okkar er örugg og náttúruleg samsetning af m.a. L-carnitine, grænu te og B-vítamínblöndu og er núna komið án koffíns. 90 hylki
kr. 6.995
Tilboð 2 stk. kr. 9.990

PROMAX DIET
Fyrsti næringardrykkurinn sem inniheldur brennsluefni til að styðja fitulosun og þyngdarstjórnun. 1,2 kg
kr. 7.995
Tilboð 2 stk. kr. 14.990

PROMAX DIET
+
THERMOBOL
kr. 9.995

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

**VILBORG ALDÍS RAGNARSDÓTTIR**
ALDUR: 37 ára.
MAKI: Gift Ingvari Hilmarssyni.
BÖRN: Daníel Þór Ingvarsson 16 ára og Ragnar Freyr Ingvarsson 10 ára.



**HAFDÍS HEIÐARSDÓTTIR**
ALDUR: 34 ára.
MAKI: Er gift Þórhalli Jóhannssyni.
BÖRN: Birta 12 ára, Jökull 7 ára og Yrja 3 ára.



# FRAMAKONUR Í FYRIRTÆKJAREKSTRI

**Vilborg Aldís Ragnarsdóttir og Hafdís Heiðarsdóttir stofnuðu hönnunarfyrirtækið Arca árið 2009 eftir að þær hönnuðu kökudisk á fæti sem sló í gegn. Vinkonurnar finna stundum fyrir samviskubiti gagnvart fjölskyldunni þegar álagið er sem mest í rekstrinum en láta það ekki stoppa sig þegar kemur að útrás en nú þegar er hönnun þeirra seld í París, Kaupmannahöfn og London.**

**Hvað varð til þess að þið stofnuðuð fyrirtækið Arca?**
**Vilborg** Við stofnuðum Arca í lok ágúst 2009. Kveikjan að öllu saman var kökudiskur á fæti en hann má taka í sundur og er afhentur í flötum pakkningum. Grunnhugmynd Arca er einmitt sú að varan á að vera notendavæn, stílhrein og fyrirferðarmikil á borði en nett í geymslu.
**Hafdís** Við höfum alveg frá byrjun haft það markmið að geta lifað af hönnun okkar og eitt af því er að koma vörunni á erlendan markað sem við erum byrjaðar að vinna í. Nú þegar er varan okkar seld í Kaupmannahöfn, París og London. Þessir söluaðilar fundu okkur á internetinu og höfðu samband við okkur á Facebook. Frakkar eru sjúkir í jökulinn og kertastjakana. Í Danmörku er eftirspurn eftir vöru úr áli frá okkur og í Bretlandi seljum við mikið af smávörunni.



Kökudiskur úr plexilgeri sem stöllurnar hönnuðu árið 2009.

Kertastjakinn Jökull sem er bæði notaður fyrir hákerti og sprittkerti.

**Hvernig gengur samstarfið?**
**Hafdís** Ég er það heppin að vera að vinna með bestu vinkonu minni og samstarfið gengur í alla staði mjög vel. Við bætum hvor aðra upp og þegar við tvær komum saman þá er fátt sem stoppar okkur.
**Vilborg** Við Hafdís erum það heppnar að eiga skap saman ásamt því að vera bestu vinkonur sem auðveldar vinnu okkar töluvert en gaman er að nefna það að langflestar hugmyndir hafa litið dagsins ljós yfir kaffibolla og hlátrasköllum án nokkurrar fyrirhafnar. Sameiginleg ástríða okkar beggja er klárlega að Arca nái þeim hæðum erlendis sem við vonumst til. Við höfum allt frá fyrsta degi litið á þetta sem tækifæri til að skapa okkur atvinnu og tekjulind.

**Hvernig gengur að vera framakonur með stóra fjölskyldu?**
**Vilborg** Það er heilmikil vinna að reka fyrirtæki og sjá um heimili samhliða því. Ég bý samt að reynslu foreldra minna en þau hafa verið í rekstri frá því ég man eftir mér. Þegar mikið er um að vera og lítill tími sem gefst fyrir strákana mína finn ég best hve mikilvægt er að skipuleggja mig vel. Án þess væri ég ekki þar sem ég er í dag, ég fer aldrei út án þess að hafa með mér dagbók og paratabs.
**Hafdís** Það gengur vel ef allir hjálpast að. Birta, elsta dóttir mín, er ofsalega dugleg að hjálpa mér með að passa litlu systkini sín. Ég gæti þetta ekki án hennar en óneitanlega er oft erfitt að samræma þetta allt saman, sérstaklega á álagstímum eins og t.d. um jólin. Þá erum við að vinna frá morgni til kvölds og ég hef lítinn tíma í hluti eins og að elda kvöldmat og læra með krökkunum. Við borðum t.d. skyndibita fyrir allt árið í desember. En við reynum alltaf a.m.k. að hafa frí á sunnudögum og þar reyni ég að troða vikudagskrá með fjölskyldunni á einn dag.

**Finnið þið fyrir samviskubiti gagnvart fjölskyldunni þegar álagið tengt rekstrinum er sem mest?**
**Vilborg** Vissulega hef ég samviskubit gagnvart strákunum þegar álagið er mikið. Ég held að fjörið sé nú bara rétt að byrja því vinnan hér heima er barnaleikur einn miðað við það sem tekur við erlendis. Þar eru hlutirnir ekki eins fljótir að gerast eins og hér. Allt ferlið tekur lengri tíma, meiri kostnaður og enginn tími fyrir mistök.
**Hafdís** Ég held að maður búi sér oft til samviskubitið sjálfur, og ég er engin undantekning. Ég fæ samviskubit yfir ótrúlegustu smáhlutum og ég er til dæmis langt fram í janúar að vinna mig niður í samviskubitinu frá desembermánuði.
**Vilborg** Við göntumst stundum með það að við ættum að njóta þess núna því óvíst er að við eigum eftir að hafa svo mikinn tíma að ári ef allt gengur samkvæmt áætlun. En fjölskyldan var nú meginástæða þess að við stofnuðum Arca. Við þurftum báðar að búa okkur til vinnu. Tilgangurinn helgar svo meðalið. Í dag horfum við björtum augum til framtíðar með það að leiðarljósi að ef allt gengur upp þá sættum við okkur við smá samviskubit en á móti kemur öryggisnetið sem við byggjum upp með afkomu af rekstri sem gengur vel og gerir okkur kleift að leyfa fjölskyldunni að njóta á ýmsa vegu.
Ég held að við konur séum allt of móttækilegar fyrir tilhugsuninni um samviskubit gagnvart hinu og þessu fremur en karlmenn almennt. Af hverju ættum við ekki að feta í fótspor þeirra og líða jafn vel fyrir vikið þegar vinnutími eykst og tekjur aukast? Við erum nú búnar að berjast fyrir kvenréttindum í mörg ár – njótum afrakstursins í guðanna bænum.









Nautholsvegur 52 101 Reykjavík Sími 444 4050 satt@sattrestaurant.is www.sattrestaurant.is

# FÆSTIR HAFA KJARK TIL AÐ SPYRJA MIG UM SLÚÐURSÖGURNAR

**Hún var vinnusöm sveitastelpa sem dreymdi um að verða læknir en að lokum varð matreiðslan ofan á. Í dag er hún farsæll sjónvarpskokkur, skrifar bækur, kennir landsmönnum að elda og kitlar bragðlauka þeirra með nýrri lúxus eftirréttalínu. Lífið hitti Rikku og ræddi galla þess að vera þekktur á Íslandi, móðurhlutverkið og framann.**






**FRIÐRIKA HJÖRDÍS GEIRSDÓTTIR**
**ALDUR:** 34 ára
**STARF:** Já, ég hef lengi verið að reyna að finna nafn yfir starfsheiti mitt í einu orði en ekki fundið. Einhverjar tillögur?
**MENNTUN:** MR og Le Cordon Bleu matreiðsluskóli.
**MAKI:** Stefán H. Hilmarsson.
**BÖRN:** Gunnar Helgi 5 ára og Hinrik Hrafn 4 ára.
**LÍFSSTÍLL:** Skemmtilega skipulagt kaos.

**Þú byrjaðir snemma að vinna, vissirðu alltaf hvert þú ætlaðir þér í framtíðinni?** Ég er að hluta til alin upp á eggjabúi á Kjalarnesi með hundum og hænum.

Hinn hluti uppeldisins fór fram í tískuverslun í miðbæ Reykjavíkur. Mamma rak Benetton-verslanirnar um árabil. Ég fór því mjög snemma að vinna í fyrirtækjum foreldra minn og fannst jafngaman að vinna í eggjunum sem og fatabransanum þó ólíkt sé. Þessir tveir ólíku pólar hafa mótað mig mikið því að í mér býr bæði sveitastelpa og borgarbarn.

Frá því að ég man eftir mér þá hefur matreiðslan alltaf togað sterkt í mig og innst inni kom aldrei neitt annað til greina. Ég var snemma farin að munda pottana og pönnuna. Ég man aldrei eftir mér öðruvísi en vinnandi, ef ég var ekki að tína egg eða brjóta saman peysur, var ég að elda fyrir starfsmenn eða að vinna í leikfangaverslun á Skólavörðustígnum. Ég hef líklega haft fjölmiðlaáhuga strax á þessum tíma, því við vinkona mín vorum alltaf að taka upp auglýsingar, útvarpsþætti og svoleiðis hluti. Annars langaði mig að verða læknir þegar ég var barn, matreiðslan varð ofan á. Kannski á ég læknisfræðina bara eftir!

**Menntaður kokkur – ætlaðir þú þér alltaf að verða sjónvarpskokkur?** Upphaflega fór ég í námið með því hugarfari að mig langaði að skrifa bækur og kenna öðrum að elda. Ég ætlaði aldrei að vinna á veitingastað og hef ekki áhuga á því enn. Kannski sjónvarpsþættirnir séu eðlilegt framhald af þessu, en þar fæ ég tækifæri til að kenna fólki að elda rétti sem eru góðir en ekki of flóknir. Að vera með matreiðsluþátt á ekki að snúast um það hvað ég sé æðislega klár kokkur, heldur að aðrir geti haft gagn af þessu.

**Það hafa ýmsar slúðursögur verið á kreiki um þig og þitt líf. Hvernig áhrif hefur þetta á þig og fjölskyldu þína?** Ég hugsa að allir sem hafa náð því að verða þekktir á Íslandi geti sagt sögur af sjálfum sér, sem hafa náð einhverju flugi í saumaklúbbum og víðar. Sögur sem eiga auðvitað alltaf að vera sannar og samkvæmt „staðfestum heimildum“, enda hafi sá sem segir söguna „sko heyrt hana úr tveimur áttum“ eins og það geri vitleysuna eitthvað skárri. Sú lífseigasta núna held ég að sé um það að ég sé ólétt eftir alla aðra mögulega karlmenn en manninn minn, í það minnsta hafa vinir mínir sagt mér að þeir heyri það oftast þessa dagana. Ég hef líka átt að vera skilin við Stefán af ótal ástæðum og guð má vita hvað. Ég get ekki verið að stressa mig á því að fólk langi til að ræða svona hluti og herma upp á mig. Í sumum tilfellum eru sögurnar náttúrlega svo galnar að maður getur ekki gert neitt annað en hlegið að þeim, enda er ég eins og flestir í mínum bransa orðin vön þessu umtali. Sennilega er þetta aðallega leiðinlegt fyrir vini og ættingja sem lenda stundum í þeim aðstæðum að þurfa að hrekja þessar sögur, því fæstir hafa kjark til þess að spyrja mann beint út. Horfa bara á magann á mér í staðinn fyrir augun, með gervibros á vör! Þarf ég annars nokkuð að nefna að ég er ekki ólétt?

Að mínu mati skiptir það mestu máli í lífinu að vera sáttur við það sem maður stendur fyrir og gleyma því ekki að hafa svolítið gaman af þessu í leiðinni.

**Hefur þig einhvern tímann langað að skipta um starfsvettvang?** Nei, ekki nema að mér bjóðist staða lýtalæknis á Landspítalanum. Ég hefði nú svolítið gaman af því að fá útrás fyrir listræna sköpun á því sviði.

**Nú vinnur þú langan dag og oft á óhefðbundnum tímum, hvernig gengur að ala upp tvo drengi og halda heimili á sama tíma?** Örugglega bara svipað og hjá þeim



MYNDIR/VALLI

sem vinna t.d. vaktavinnu. Í törnum sakna ég fjölskyldunnar og nýt þess enn betur að vera með þeim þegar ég á frí. Þetta gengur allt upp með góðri samvinnu okkar Stefáns.

**Fá þeir svipað uppeldi og þú fékkst? Hverjar eru þínar helstu áherslur í uppeldinu?** Að reyna að vera samkvæmur sjálfum sér, hlusta á börnin þegar þau tala og vera ekki bara foreldri heldur líka vinur þeirra. Það er mikilvægt að setja sig í spor þeirra og leyfa karakter þeirra að koma fram. Strákarnir mínir eru ólíkir og ég reyni að fylgja innsæinu við uppeldið á þeim.

**Myndirðu hvetja þá til að vinna í fjölmiðlum?** Já, ef þá langaði til þess.

**Hvað gerir fjölskyldan saman á frídögum?** Það er mjög misjafnt, fer eftir veðri og vindum en í vetur höfum við verið dugleg að spila við strákana. Þeir eru á móttækilegum aldri og gaman að kenna þeim og fylgjast með þeim uppgötva eitthvað nýtt.

**Nýja eftirréttalínan þín hefur vakið verðskuldaða athygli. Hvernig hófst samstarfið við Örvar Birgisson bakara, sem er með þér í því verkefni og er von á fleiri vörum?** Við Örvar höfum þekkst frá því við vorum krakkar. Foreldrar okkar eru vinahjón. Hann var í kokkalandsliðinu og er algjört séní í eftirréttum. Við unnum saman þegar ég var að byrja með bollakökurnar og upp úr því spratt þessi hugmynd. Við byrjuðum með fjórar tegundir fyrir jól og í vor er von á fleirum. Þetta hefur gengið mjög vel, fólk virðist kunna að meta hágæðavöru sem það þarf ekki að hafa neitt fyrir.

**Hvað leggurðu áherslu á í þessari línu?** Ég svara oft fólki, þegar það spyr hvort þetta sé ekki fitandi, að við höfum fundið upp nýja tegund hitaeininga, svokallaðar hamingjuhitaeiningar og þær framkalli svo mikla gleði að það eigi ekki að hafa áhyggjur. Auðvitað er þetta ekki megrunarfæði enda ekki ætlað sem slíkt. Ég ráðlegg fólki að borða sitt lítið af hverju með góðu hugarfari, þar með talda eftirrétti. Þetta er gott í hófi.

**Nú hefurðu augljóslega látið marga drauma þína rætast og verið framkvæmdaglöð mjög,**

Framhald á síðu 10

> Ég hugleiði á hverjum einasta degi. Ég finn hvíldina í því og hef gert frá því ég var átján ára. Þá fór ég fyrst á jóganámskeið og jógaheimspekin hefur fylgt mér síðan.













Framhald af síðu 9

**hvað er næst á dagskrá?** Dagskráin hjá mér er eiginlega svo full þessa dagana að ég hef varla gefið mér tíma til að hugsa um hvað kemur næst. Ég veit að ég er samt alltaf með eitthvert markmið undirliggjandi, en mér finnst ekki tímabært að segja frá því.

**Vinnurðu út frá persónulegri markmiðasetningu eða hefur eitt gerst af öðru hjá þér?** Ég er alltaf með einhverja sýn á það sem mig langar til þess að framkvæma.

Ég notast mikið við hugarkort til þess að fá yfirsýn yfir þau markmið sem ég set mér og er mjög einbeitt við það að ná þeim. Þegar markmiðin eru komin á blað lauma ég þeim svo inn í hugleiðsluna mína og sé fyrir mér hvernig ég vil hafa hlutina. Þessi leið hefur reynst mér vel.

**Hverjar eru þínar helstu fyrirmyndir bæði í atvinnulífinu sem og persónulega?** Það er enginn einn fastur. Ég tek mér alls konar fólk til fyrirmyndar. Ég kann til dæmis mjög vel að meta kurteist fólk sem virðir aðra og kemur vel fram. Ég forðast að setja fólk á stall og fæ innblástur frá samferðamönnum mínum, stundum frá einhverju sem fólk gerir, en líka stundum frá einstaklingnum sjálfum.

**Hvernig tæklarðu stress og álag?** Ég hugleiði á hverjum einasta degi. Ég finn hvíldina í því og hef gert frá því ég var átján ára. Þá fór ég fyrst á jóganámskeið og jógaheimspekin hefur fylgt mér síðan. Hugleiðslan dýpkar innsæið og þroskar það, sem hefur hjálpað mér að taka ákvarðanir í lífinu.

**Hvernig helduðu þér í líkamlegu og andlegu formi?** Fyrir utan hugleiðsluna þá hreyfi ég mig reglulega. Ég man einu sinni eftir því að hafa farið í megrun. Ég var á síðasta árinu í menntaskóla og þá var í tísku að drekka soðið vatn með sítrónu, hlynsírópi og cayenne pipar. Algjör viðbjóður. Þetta tímabil stóð augljóslega ekki lengi, ég sprakk um hádegi sama dag og síðan þá hafa megrunarkúrar ekki heillað mig.

Það sem virkar best fyrir mig er að ég hlusta á líkamann og reyni að forðast þann mat sem ég finn að fer ekki nógu vel í mig. Markmiðið mitt er ekki að vera með sixpakk heldur að líða vel í eigin skinni.

**Hvernig lítur mataræði kokksins út? Leyfirðu þér miklar kræsingar?** Ég borða allt sem mig langar í og er hræðilegur sælkeri. Ég borða bara aldrei yfir mig. Ég hef frekar einfaldan matarsmekk og kann að meta góðan hamborgara, eplapæ með karamellusósu og sjeik með öllu saman. Það fer eiginlega allt eftir því hvernig stemningin er og gæti ég svo sem talað endalaust um það sem mér finnst gott að borða.

**Eitthvað að lokum?** Eitt gott spakmæli sem hvetur mig helst áfram þessa dagana er: Gættu þess að vanmeta þig ekki því veröldin er vís til þess að trúa þér.

## UPPÁHALDS

**Tímarit:** Sænska Elle à la carte.

**Heimasíða:** Gmail.com

**Veitingastaður:** Get ekki gert upp á milli.

**Verslun:** Mér líður afskaplega vel í matvöruverslunum. Oftar en ekki fer ég frekar að skoða matvöruverslanir en söfn þegar ég ferðast erlendis. Eftirlætisbúðirnar mínar eru Hagkaup og Whole Food Store í Bandaríkjunum.

**Hönnuður:** Peggy Porschen, vinkona mín og kökudíva.

**Dekur:** Gott höfuðnudd.

**Líkamsrækt:** Þessa dagana er ég í kökuformi og stoltur styrktaraðili Hilmars Björns, einkaþjálfara í Laugum, en það stendur til að bæta úr því og komast aftur í mína fyrri rútínu.

AUGLÝSING: FASHION ACADEMY KYNNIR



# FULLKOMINN SKÓLI Í SNYRTIFRÆÐI, FEGURÐ OG TÍSKU

„Við köllum skólann miðstöð fyrir tísku, heilsu og fegurð en slíkur skóli er nýjung hér á landi.

**Fashion Academy Reykjavík er nýr skóli sem er búinn nýjustu tækjum fyrir nám í snyrtifræði og býður einnig upp á ýmis spennandi námskeið í tískutengdum fögum.**







Nýr dagskóli í snyrtifræði, Beauty Academy, tekur til starfa hjá Fashion Academy Reykjavík um miðjan mars. Skólinn er vel tækjum búinn og verður sá fullkomnasti í þessari grein á landinu. Fashion Academy er nýr alhliða skóli þar sem boðið er upp á nám tengt fegurð og tísku.

Stefanía Marta Katarínusardóttir, skólastjóri Beauty Academy, segir að nýja snyrtifræðibrautin sé samþykkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er námið lánshæft hjá LÍN. Námið tekur eitt ár sem er undirbúningur fyrir sveinspróf. „Skólinn er nýr og öll aðstaða og tækjabúnaður sem best gerist. Við erum afar stolt af húsnæðinu sem er allt sérhannað í kringum þessa starfsemi,“ segir Marta.

Skólinn er í Ármúla 21 þar sem Vatnsvirkinn var áður til húsa. Rýmið er 1.500 fermetrar og var það allt tekið í gegn á nútímalegan hátt. „Mikil áhersla var lögð á að gera aðstöðuna sem besta fyrir nemendur skólans. Við erum einnig með styttri námsleiðir í boði í kvöldskóla svo sem í förðun, tískuljósmyndun, stílistanám og fyrirsætunámskeið. Þá er boðið upp á nám í naglafræðum í kvöldskóla. Samvinna milli deilda verður í hávegum höfð,“ segir Marta. „Við erum með góða nemendaaðstöðu sem hentar báðum kynjum, þráðlaust netsamband og frábær húsakynni.“

### Góðir atvinnumöguleikar

Marta segir að mikill áhugi sé á styttri námskeiðunum en þau eru öll byrjuð og standa í tíu vikur. Það er talsverð eftirspurn eftir námskeiðunum og sömuleiðis snyrtifræðinni sem hefst um miðjan mars. „Það hefur alltaf verið mikil aðsókn í snyrtifræði og atvinnumöguleikar eru góðir í greininni. Eftir sveinsprófið gefst nemendum kostur á að fara í meistaranám en að því loknu geta þeir farið í eins árs kennsluréttindanám í snyrtifræði sem veitir enn fleiri atvinnumöguleika,“ segir Marta.

Arnar Gauti starfar sem creative director hjá Fashion Academy og var meðal þeirra sem hönnuðu húsnæðið og hugmyndafræðina á bak við skólann. „Við köllum skólann miðstöð fyrir tísku, heilsu og fegurð en slíkur skóli er nýjung hér á landi. Það sem er auk þess sérstakt hjá okkur er tengingin á milli námskeiðanna í kvöldskólanum og að deildirnar vinna saman. Húsnæðið er innréttað á skemmtilegan hátt en við vildum ná fram stíl eins og tíðkast á lofthæðum í New York. Þó var fyrst og fremst hugsað um þarfir nemenda skólans í opnu skapandi rými,“ segir Arnar Gauti að lokum og bætir við að í skólanum sé nú þegar líf og fjör og þar sé að myndast skemmtilegur heimur skapandi greina.



› Sjá nánar á visir.is/lifid

















25 ÁRA

# SPORTIÐ SNÝST EKKI UM SPEGILINN



**Crossfit er svo ný íþróttagrein á Íslandi að enska orðið er enn notað. Íþróttin hefur slegið í gegn á Íslandi. Lífið spurði fjórar konur sem stunda íþróttina af krafti hvað það er sem þær fá út úr því að stunda íþróttina. Ein þeirra hefur verið mjög áberandi í crossfit-íþróttinni, Eurovision-farinn Greta Salóme Stefánsdóttir.**

Mér finnst líka gaman að þetta sport snýst ekki um spegilinn heldur árangur.

**GRETA SALOMÉ STEFÁNSDÓTTIR,** 25 ára, höfundur lagsins Mundu eftir mér, sem verður framlag Íslands til Eurovision í Aserbaídsjan í ár, er með fullkomna æfingastöð í bílskúrnum sínum þar sem hún æfir crossfit af krafti þegar hún á lausa stund.

**Hvað færð þú persónulega út úr því að æfa crossfit?** Ég fæ alveg rosa útrás sem er alveg frábært fyrir stelpu eins og mig sem þarf að vera stillt og prúð allan daginn. Þetta er rosalega gott því með því að stunda crossfit kem ég jafnvægi á hlutina þegar ég búin að taka góða crossfit-æfingu.

**Hvar æfir þú?** Ég er að æfa crossfit niðri í Bootcamp-stöðinni á Suðurlandsbraut. Ég er búin að æfa í eitt og hálft ár. Við erum með góða aðstöðu heima hjá okkur til að æfa en við erum með fullkomið „crossfit-gym“ í bílskúrnum okkar.

**Hve oft æfir þú í viku?** Það er mjög mismunandi. Svona þegar ég hef verið að æfa mest hef ég stundum verið að æfa tvisvar á dag eða þegar ég hef haft nægan tíma. Síðustu vikur hafa æfingarnar þurft að víkja vegna Eurovision.

**Ertu að æfa mikið þessa dagana samhliða undirbúningnum fyrir Eurovision?** Já, ég er á fullu að æfa núna. Ég er svo heppin að kærastinn minn er þjálfari og sér um crossfitið í Bootcamp. Hann býr til æfingaprógram fyrir mig og segir mér hvenær og hvernig ég á að æfa.

**Hvað heillar þig við að stunda crossfit?** Það er að maður getur sett sér persónuleg markmið og þannig fylgst nákvæmlega með framförum. Í crossfit setur maður sér persónulegar áskoranir því maður veit sínar tölur og tíma og þess vegna sjást framfarirnar svart á hvítu. Tölurnar ljúga nefnilega ekki. Mér finnst líka gaman að þetta sport snýst ekki um spegilinn heldur árangur.

**Er crossfit öfgaíþrótt að þínu mati?** Það getur hver farið á sínum hraða. Það er svo skemmtilegt við crossfit að þar sérðu alls konar fólk í mismunandi ástandi stunda íþróttina og það verður alveg háð þessu og það algjörlega á sínum forsendum.

**Hefur þú tekið þátt í crossfitmóti?** Já, já, ég hef verið að keppa en ég er ekki búin að keppa mikið undanfarið. Ég er að stefna á eina stóra keppni í Aserbaídsjan þannig að eftir þá keppni sný ég mér kannski meira að þessu.

**Hvernig gengur undirbúningur fyrir Eurovision?** Staðan er þannig að við erum að taka upp lagið aftur. Síðustu daga höfum við tekið upp sönginn og allar raddir í rauninni. Svo verður farið í mjög stóra strengjaupptöku með meðlimum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Svo erum við að leggja drögin að tónlistarmyndbandi. Það er verið að klára viðræður við alla og allt að smella saman.

SJÁ NÆSTU OPNU:

ANNA JÚLÍANA ÞÓRÓLFSDÓTTIR



SÓLRÚN BIRGISDÓTTIR



ERNA HLÍF JÓNSDÓTTIR




LANCÔME
PARIS
NÝTT: Teint Miracle púðurfarði.
LANCÔME
TEINT MIRACLE
Nú er *ára* líkamans okkar vísindi
TEINT MIRACLE
NÁTTÚRULEGUR LJÓMI - FULLKOMNUN LÍKT OG ÁN FARÐA
10 ára rannsóknir og 7 einkaleyfi. Eðlileg og óaðfinnanleg förðun og áferð húðarinnar verður náttúruleg og fullkomin líkt og hún ljómi innan frá.
FARÐI NR 1.*
25 ALÞJÓÐLEG VERÐLAUN
*Frá Lancôme
Julia Roberts




# GOTT FORM OG FRÁBÆR FÉLAGSSKAPUR

**ERNA HLÍF JÓNSDÓTTIR,** tveggja barna móðir stundar crossfit hjá Crossfit Bootcamp fimm sinnum í viku. Hún segist vera háð tilfinningarússíbananum sem fylgir því að taka þátt í crossfit-mótum.

Ég heillaðist strax af crossfit þar sem hér fer saman góð blanda af bæði styrk og þoli. Crossfit fyrir mér er fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt þar sem tvinnað er saman þolæfingum, ólympískum lyftingum og fimleikaæfingum.

**Hvað æfir þú oft?** Ég æfi að jafnaði fimm sinnum í viku, mæti í crossfit tvisvar til þrisvar í viku og tek bootcamp-æfingar á móti.

**Hefur þú keppt í íþróttinni?** Já, ég tók fyrst þátt í liðakeppninni í Þrekmótaröðinni í fyrra og var það reynsla og upplifun sem mér fannst mjög skemmtileg. Það að fara út fyrir þægindahringinn og gera eitthvað ögrandi er jákvæð áskorun sem allir ættu að hafa sem markmið. Maður verður háður tilfinningarússíbananum sem fylgir því að taka þátt í mótum sem þessum þ.e. tilhlökkuninni, stressinu og adrenalíninu sem felst í því að hafa tekið áskoruninni.

Æfingarnar eru lagaðar að getu hvers og eins og því geta allir stundað Crossfit á eðlilegum nótum.

**Hvað færðu út úr æfingunum?** Ég hef æft íþróttir frá því ég man eftir mér en aldrei komist í jafn gott alhliða form eins og eftir að ég byrjaði í crossfit. Síðast en alls ekki síst þá er það félagsskapurinn, metnaðurinn og skemmtilegi andinn hjá Crossfit Bootcamp sem gerir þetta að frábæru áhugamáli.

Crossfit samanstendur af fjölmörgum æfingum og því eru margar mælistikur á árangur í crossfit. Það að vera stöðugt að keppa við markmið sín, og ná þessum litlu markmiðum, gerir þetta svo spennandi og heldur manni við efnið.




# LÍÐUR EINS OG HLUTA AF HEILD

**SÓLRÚN BIRGISDÓTTIR** æfir crossfit sex sinnum í viku í Sporthúsinu. Hún byrjaði að stunda íþróttina því hana langaði til að umgangast fólk með heilbrigðan lífsstíl.

**Er crossfit öfgaíþrótt að þínu mati?** Það er hægt að fara út í öfgar í öllum mögulegum hlutum í lífinu. Þetta snýst allt um hvað þú vilt sjálfur, það er enginn að ýta þér út í öfgar í crossfit. Þú velur sjálf hvar þú vilt vera og gerir aldrei meira en þú getur og vilt sjálf.

**Hvað færð þú persónulega út úr því að stunda crossfit?** Ótrúlegan árangur, frábæran félagsskap, mjög fagmannlega leiðsögn. Það besta í þessu öllu er að ég er stöðugt að koma sjálfri mér á óvart með því að gera hluti sem mig hafði ekki órað fyrir að ég ætti eftir að geta. Ég held að allir í kringum mig njóti góðs af því að ég sé í crossfit því ég finn að ég er miklu sáttari í lífinu, jákvæðari, skapbetri og hamingjusamari.

**Hvað heillar þig við þessa íþrótt?** Frá fyrsta degi fannst mér ég vera komin á réttan stað. Mig langaði að vera innan um fólk með heilbrigðan lífsstíl. Það heillaði mig mest hversu vel var tekið á móti mér, allir tilbúnir að aðstoða og deila reynslu. Grunnnámskeið lagði línurnar, þar var vel farið í alla tækni, æfingarnar fjölbreyttar og krefjandi og áhersla lögð á markmiðasetningu. Crossfit kemur inn á nánast alla þætti sem tengjast hreyfingu. Það sem mér finnst standa upp úr er hvað allir eru samstíga og hvatningin og stuðningurinn er engu lík, hvort sem er frá þjálfurum eða æfingafélögum. Allir hjálpast að og manni líður eins og hluti af heild.

**Hefur þú tekið þátt í crossfit-móti?** Ég var búin að setja mér það markmið að taka þátt í móti þegar eitt ár væri liðið frá fyrstu crossfit-æfingunni sem var 31. mars 2011. Ég stóð við það en ég veit ekki hvort ég hefði sjálf tekið skrefið án hjálpar góðra sem höfðu trú á mér. Ég ákvað að slá til og og tók þátt í liðakeppni 39+ á Crossfit-leikunum í febrúar. Liðið mitt „crossfit bombur seniors " lenti í 2. sæti. Þetta var heljarinnar skref fyrir mig og gerði mikið fyrir sjálfstraustið. Spennan og gleðin í kringum mótið varð bara til þess að nú langar mig bara að halda áfram.




**ANNA JÚLÍANA ÞÓRÓLFSDÓTTIR** æfir crossfit af krafti hjá Líkamsræktarstöðinni Bjargi á Akureyri þar sem hún er búsett. Anna sleppir ekki úr æfingu en hún æfir sex daga vikunnar.




**Hvað er það sem heillar þig við crossfitið?** Það sem heillar mig við crossfit eru þessar stuttu, snöggu og fjölbreyttu æfingar. það er aldrei of seint að byrja að æfa, og crossfit er fyrir alla!

**Er crossfit öfgaíþrótt að þínu mati eða getur hver og einn farið á sínum hraða?** Það er hægt að finna öfgar í öllum hlutum, en ég upplifi crossfitið ekki þannig. Þegar ég fór af stað í byrjun maí 2010, þá undir leiðsögn Hrannar Svansdóttur í Crossfit Reykjavík, var ég alltof þung og gat ekki hugsað mér að fara inn á líkamsræktarstöð. Hrönn var með mig í fjarþjálfun og lagði fyrir mig æfingar sem ég gat gert heima í stofu og úti á lóð. Svo leið ekki langur tími þar til að ég gat hugsað mér að fara á Bjarg. Ég hef alfarið gert æfingarnar á mínum hraða og samkvæmt minni getu en ég hef líka passað að staðna ekki og reyni alltaf að komast skrefi lengra í æfingunum.

**Hvað færðu út úr æfingunum?** Ég fæ góða líðan og mér finnst ég full af orku og sjálfstrausti.

Áður fyrr hafði ég oft tekið skorpur og hreyft mig en datt alltaf út og hætti. Þá var staða mín orðin þannig að ég gat ekki hugsað mér að fara inn á líkamsræktarstöð. Mig óraði ekki fyrir því í maí fyrir tveimur árum að ég yrði á þessum stað sem ég er á núna hvað varðar líkamsrækt og hreyfingu og ef einhver hefði sagt það við mig þá hefði ég haldið hann eitthvað bilaðan. Ég hef aldrei verið jafn hraust og í góðu líkamlegu formi og ég er núna. Crossfit er frábært.


leikhúsmógullinn kynnir
HJÓNABANDSSÆLA
eftir Michele Riml
GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS
Föstud. 24. feb 20:00 ö
Laugard. 25. feb 20:00 ö
Föstud. 16. mars 20:00
Laugard. 17. mars 20:00
Laugard. 24. mars 20:00
Sunnud. 25. mars 20:00
Síðustu sýningarnar á þessu leikári!
Miðasala á gamlabio.is og á midi.is
Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

# Lífið

## HELGARMATURINN



**Hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir sem fór með sigur af hólmi í keppni hráfæðismatreiðslumanna í vikunni eftir að hún var tilnefnd í tveimur flokkum „BEST of RAW Gourmet Chef“ og „Best RAW Simple Chef“, og sigraði í þeim báðum, gefur Lífinu kökuuppskrift sem svíkur engan því Solla veit svo sannarlega hvað þarf til að gleðja bragðlaukana.**

### SÚKKULAÐI „BROWNIE“ MEÐ HIMNESKU SÚKKULAÐIKREMI

4 dl valhnetur
1 dl kakóduft
½ dl hrásykur eða kókossykur
½ dl döðlur, smátt saxaðar
½ dl fíkjur, lagðar í bleyti í 15 mín., þerraðar og smátt saxaðar
2 msk. kaldpressuð kókosolía
1 tsk. vanilluduft eða dropar
¼ tsk. kanill
½ dl smátt saxaðar léttristaðar valhnetur

Setjið 4 dl af valhnetum í matvinnsluvél, stillið á lægsta hraða og malið hneturnar í mjöl. Bætið restinni af uppskriftinni út í og blandið þar til þetta klístrast saman og myndar deig. Þrýstið deiginu niður í 20x20 cm form, setjið plastfilmu yfir formið og látið inn í kæli/frysti í um 30 mín. áður en kreminu er smurt á.



### KREM

1 dl döðlur, smátt saxaðar
1 dl agavesýróp
1 dl kakó
½ dl kaldpressuð kókosolía
1/4 dl kakósmjör (brætt – má nota kókosolíu)
½ dl kókosmjólk
3-4 dropar mintuolía

Allt sett í matvinnsluvél eða í kröftugan blandara og blandað þar til silkimjúkt og kekkjalaust. Ef kremið er of þurrt má bæta smá kókosmjólk út í. Takið botninn úr frystinum og smyrjið kreminu ofan á. Geymist í viku í ísskáp eða 1-2 mánuði í frysti.



## ERNA HRÖNN EIGNAÐIST STÚLKU

Erna Hrönn, söngkona og útvarpskona, eignaðist 15 marka stúlku aðfaranótt fimmtudags klukkan 00.46. Stúlkunni heilsast vel og móður líka. Erna á son og dóttur frá fyrra sambandi en unnusti hennar, Jörundur Kristinsson viðskiptafræðingur, á þrjár dætur fyrir. Lífið óskar stórfjölskyldunni hjartanlega til hamingju með prinsessuna.

## FJÖLMIÐLASTJÖRNUR Í ASÍU

Sjónvarpsstjörnurnar Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fóru í dýragarð í Kúala Lúmpúr í fyrradag í 30 stiga hita eftir að hafa staldrað við hjá Elínu Reynisdóttur stjörnusminku í Dubai. Fjölmiðlakonurnar eru á mánaðarlöngu ferðalagi um Asíu ásamt eiginmönnum sínum og börnum.






### Ódýr heimilstæki

Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 845 5976 - 445 4237.

40ft gámur til sölu. Uppl. í síma 897 7151

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**

**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

**TILBOÐ PUSH UP - STAKAR STÆRÐIR**



**A, B, C, D skálar. Á AÐEINS 2.500 kr.**

**Misty - fyrir allar konur**

Misty Laugavegi 178, s: 551 3366 www.misty.is Vertu vinur

**bathmate**

**Bathmate er nú með CE vottun!**

**Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!**

**Pantana & upplýsingasími 849 0698 www.bathmate.is**

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




### TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

### NUDD OG HEILSA

HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði, með þvottavél. Mið. Reykjavík. S. 6615219

Hótelíbúðir í vikuleigu og mánaðarleigu. Upplýsingar í síma 899 7004.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 695 1918.

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 45 þ. Uppl. í s. 895 0482.

## Húsnæði óskast

Óska eftir bílskúr eða álíka húsnæði á svæði 101, 105 og 107. Mun nýtast undir hreinlega föndur/tómstundar-vinnu S. 895 9415.

Móðir með 15 ára strák, leitar að íbúð í 107, 101 eða seltj.nes. Uppl. í s. 857-4425.

### Óskum eftir 4ja herb. íbúð í 101 RVK

Við erum þrír háskólamenntaðir sérfræðingar á þrítugsaldri, tvær stelpur og einn strákur. Við erum að leita að 4 herbergja íbúð í 101 Rvk. Greiðslugeta er á bilinu 150-200 þúsund á mánuði. Við erum skemmtileg, skilvís og snyrtileg. Upplýsingar í síma: 869-1994.

## Atvinnuhúsnæði

### Dalvegur, Kópavogi

Til leigu 75fm jarðhæð á góðum stað við Dalveg í Kópavogi. Uppl. í s. 696 8054.

## Geymsluhúsnæði

### www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

### www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT — KORNIÐ — BAKARÍ**

**Bakarar og aðstoðarmenn**

**Bakers and assistants**

**óskum eftir að ráða bakara og aðstoðamenn í bakaríið okkar í vaktarvinnu.**

**are wanted to work shifts in our bakery.**

**Umsóknir sendist á netfangið /**

**Please apply by e-mail to skrifstofa@kornid.is**

Manneskja óskast til þrifa á hóteli. Bílpróf æskilegt. Umsóknir skulu sendast á rs29@simnet.is

Vegna mikilla anna óskum við eftir vönum grillara og aðstoð í eldhús. Á Roadhouse Snorrabraut 56 Áhugasamir hafi samband við Baldur í síma 6624692

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Frá Lífspekifélaginu**

**Í kvöld, föstudaginn 24. febrúar kl. 20:30** heldur **Þorsteinn Yraola** cand. psych erindi er hann nefnir **Sálfræðimeðferð við kvíða** í húsi félagsins Ingólfsstræti 22. **Laugardaginn 25. febrúar kl. 14:00** er spjall og umræður um hugrækt í umsjá Birgis Bjarnasonar. **Kl. 14:30 er hugleiðing. Kl. 15:00 er opið hús og 15:30** fjallar Cand.Psych. **Þorgerður Guðmundsdóttir** um **hugleiðslusetrið Gaia House. Á fimmtudögum** kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.

**www.lifspekifelagid.is**

## Fasteignir

Stakfell :: 535_1000

**Grétar Haraldsson**
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali

Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk

# Freyjugata 10A – 101 Rvk – HEIL HÚSEIGN



Stakfell kynnir í einkasölu þrjár samþykktar íbúðir samtals 167 fm auk sameignar, íbúðirnar eru 3ja, 2ja og studio. Eignin var öll endurnýjuð í kringum 1990, gott viðhald hefur verið á húsinu síðan þá.

Eignin selst einungis í heilu lagi. Hentar vel til útleigu. Verð. 55 millj.

Sölumaður tekur á móti áhugasömum kaupendum milli kl. 14:00 – 14:30 í dag á Freyjugötu 10A

Stakfell.is :: 535_1000

## Tilkynningar



FERÐAMÁLASTOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

# FERÐAMÁLASTOFA BOÐAR TIL KYNNINGA Á VAKANUM

VAKINN

**Nýju gæða- og umhverfiskerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu verður formlega ýtt úr vör í Sunnusal Radisson Blu Hótel Sögu þriðjudaginn 28. febrúar n.k. kl. 14:30.**

Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu hafa um nokkurt skeið unnið að þróun metnaðarfulls gæðakerfis fyrir íslenska ferðaþjónustu og binda aðstandendur kerfisins miklar vonir við að VAKINN muni efla gæði og öryggi í ferðaþjónustu á Íslandi með handleiðslu og stuðningi, ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja.

### Ávörp og kynningar:

**Ólöf Ýrr Atladóttir**, *ferðamálastjóri*
**Oddný Harðardóttir**, *iðnaðarráðherra*
**Árni Gunnarsson**, *formaður Samtaka ferðaþjónustunnar*
**Unnur Halldórsdóttir**, *formaður Ferðamálasamtaka Íslands*
**Stefán Gíslason**, *umhverfisstjórnunarfræðingur*

### Kynningarfundir VAKANS:

| | |
|---|---|
| 2. mars | **Ísafjörður** |
| 5. mars | **Akureyri og Varmahlíð** |
| 6. mars | **Egilsstaðir** |
| 7. mars | **Höfn í Hornafirði og Kirkjubæjarklaustur** |
| 13. mars | **Stykkishólmur** |
| 14. mars | **Selfoss og Reykjavík** |

### Dagskrá kynningarfunda:

- Ávinningur af VAKANUM
- Umhverfiskerfi VAKANS
- Gerð öryggisáætlana
- Áhættumat í ferðaþjónustu
- Rekstur og stjórnun
- Stuðningur og fylgigögn

## Tökum höndum saman og eflum gæði í íslenskri ferðaþjónustu!

Nánari upplýsingar um staðsetningu og dagskrá kynningarfunda er að finna á www.ferdamalastofa.is

VAKINN er samstarfsverkefni:

FERÐAMÁLASTOFA ICELANDIC TOURIST BOARD — Nýsköpunarmiðstöð Íslands — FERÐAMÁLASAMTÖK ÍSLANDS — SAF

PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 535-5510 | Fax 535 5501

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** skraf, **6.** rún, **8.** skip, **9.** skyggni, **11.** slá, **12.** óstilltur, **14.** rófa, **16.** stefna, **17.** bar, **18.** fát, **20.** pfn., **21.** skjótur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** frá, **4.** trjátegund, **5.** hrökk við, **7.** starfræksla, **10.** ar, **13.** stormur, **15.** rótartauga, **16.** upphrópun, **19.** eyðileggja.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** úr, **8.** far, **9.** der, **11.** rá, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** út, **17.** krá, **18.** fum, **20.** ég, **21.** frár.
**LÓÐRÉTT: 1.** júdó, **3.** af, **4.** barrtré, **5.** brá, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rok, **15.** tága, **16.** úff, **19.** má.


Helgarblað
alla laugardaga



Bardagakappi snýr aftur

Gunnar Nelson stígur aftur inn í búrið annað kvöld eftir 17 mánaða hlé.

Meðal annars efnis:

Nærri þrjú þúsund styttur hafa verið afhentar

Rýnt í Óskarsverðlaunin í gegnum tíðina.






Allt sem þú þarft


# Áfram eilífðarsmáblóm!

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Á öskudaginn kvað við nýjan tón þegar æska landsins þrammaði hásyngjandi fram hjá eldhúsglugganum hjá mér. Eða eiginlega eldgamlan. Ég átti von á Bjarnastaðabeljunum, þrautreyndum þjóðsöng öskudagsins síðan elstu menn og konur muna, nú eða kannski Krummi krunkar úti, Maístjörnunni, eða Stattu upp með Bláum ópal. En þetta var ekkert af opinberum tónlista þess eina dags ársins þegar börn fá hið dýrmæta tækifæri til að verða sér úti um sælgæti í sekkjavís með því að hefja upp raust sína og láta í sér heyra.

**FYRST** heyrði ég ekki orða skil en fljótlega greindi ég eitt eilífðarsmáblóm. Af öllum lögunum sem hægt er að syngja fyrir sælgæti á öskudaginn höfðu þessi börn valið að syngja þjóðsönginn, þennan þjóðsöng sem þykir jafnómögulegur til söngs, hvort sem er á íþróttalandsleikjum eða þjóðhátíðardögum, með sínum torræða texta og ómögulega tónsviði. Þjóðsönginn sem er eiginlega bara „ekki hægt" að syngja nema með margra ára þjálfun og góðfúslegu opinberu leyfi, enda hefur hann löngum verið talinn algerlega gagnslaus í því hlutverki góðra þjóðsöngva að efla samstöðu og kveikja kraft.

**ÉG KOMST** reyndar að því seinna um daginn að hamborgarastaður einn hafði auglýst að þau börn sem syngju þjóðsönginn á öskudaginn fengju hamborgara og franskar að launum. Það var því ekki tóm ættjarðarást sem kallaði sólkerfi himnanna fram á varir barnanna í hverfinu mínu heldur vonin um annars konar sólkerfi á vör, hnýtt úr nautakjöti, hveitibrauði og djúpsteiktum jarðeplum. En þar sem þau sungu úti á miðri götu og æfðu tónlistir sínar í miðju íbúðahverfi var enginn til að gefa þeim hamborgara eða sælgæti. Þau sungu bara af öllum lífs og sálar kröftum og hjartans lyst og list. Var aðalhvatinn löngun í eitthvað veraldlegt og bragðgott? Kannski. Hefðu þessi börn sungið þennan söng án þess hvata sem verðlaunin voru? Kannski ekki.

**AÐALMÁLIÐ** er að það er hægt að læra þjóðsönginn. Hægt að læra Ó guð vors lands á mettíma og syngja opinberlega hvar og hvenær sem er, ekki bara í miðjum spariklæddum kór í Hörpu heldur líka utandyra, í búningi með áhorfendur. Á næsta landsleik skulum við því hætta þessu væli og syngja bara almennilega og öll saman. Og hættum svo að tala um að hitt og þetta hafi alltaf verið einhvern veginn og það sé bara ómögulegt að breyta því. Það er allt hægt. Áfram eilífðarsmáblóm!

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## NÝTT FRÁ MJÓLKURSAMSÖLUNNI




# D-VÍTAMÍNBÆTT LÉTTMJÓLK

Stóran hluta ársins fá Íslendingar ekki nægilegt D-vítamín. Þess vegna fæst nú D-vítamínbætt léttmjólk. Í einu glasi er einn þriðji af ráðlögðum dagskammti. D-vítamín er nauðsynlegt fyrir vöxt og þroska beina og hjálpar okkur að takast á við daginn með bros á vör.

Í nýlegri rannsókn á mataræði 15 ára unglinga á vegum Rannsóknastofu í næringarfræði við HÍ og Landspítala kemur í ljós að innan við 5% stúlkna nær ráðlögðum dagskammti af D-vítamíni og innan við 10% drengja. Þegar litið er til þess að á yngri árum er beinmyndun í hámarki og þörf fyrir D-vítamín sérstaklega mikil þá er ljóst að bregðast þarf við.

**D-vítamínbætt léttmjólk - eins og hollur sólargeisli** :-D

**Væntanleg næstu daga**

MJÓLKURSAMSALAN









**Verðlaunaverk á ótrúlegu verði**
Bókin um Kjarval er ein glæsilegasta bók sem komið hefur út á íslensku. Nú er hún mætt á Bókamarkaðinn í allri sinni dýrð.

~~23.900.-~~ **9.900.-**

**Ísland á ögurtímum**
Aldrei fyrr hefur sagan um hlutverk Íslands í seinna stríði verið sögð á þennan hátt. Bók sem er í senn fræðandi og spennandi.

~~6.980.-~~ **2.980.-**

**OPIÐ**
**FRÁ KL. 10-18**
**ALLA DAGA**

# BÓKAMAR
# Perlunni

**FRÁ 24. FEBRÚAR** **TIL 11. MARS**




**Úr stríðshörmungum til Dalatanga** Elfrið upplifði hörmungar stríðsins í Þýskalandi af fullum þunga en kom til Íslands og gerðist vitavörður á Dalatanga. Bók sem kemur á óvart.

~~5.980.-~~ **2.480.-**




**Að skapa tengsl**
Dilla og Heiða sýna á einfaldan og aðgengilegan hátt hvernig byggja má upp ævilöng tengsl við barnið með góðum nuddstrokum.

~~4.990.-~~ **1.990.-**




**Stjörnum prýdd og yfirgengilega fyndin** Gagnrýnendur hafa ausið lofi þessa miklu bók Gísla Rúnars Jónssonar þar sem 2000 sögur af sviðinu koma saman í hlátursóratóríu.

~~7.890.-~~ **3.990.-**




**Metsölubók eftir verðlaunahöfund** Sagan um fjölmiðlakónginn Rudolf Hearst og íslenskan einkaþjón hans. Ein vinsælasta og vandaðasta bók þessa dáða höfundar.

~~1.980.-~~ **790.-**




**Erum við enn í Kansas?**
Klassísk saga í aðgengilegum búningi fyrir yngri lesendur. Sagan af Dóróteu og ferð hennar eftir gula steinveginum til smaragðshallarinnar.

~~3.999.-~~ **1.999.-**




**Metsöluhöfundur á flippslóðum** Jo Nesbø er einn vinsælasti krimmahöfundur heims. En hann er líka höfundur barnabóka þar sem húmorinn er í fyrsta sæti.

~~2.990.-~~ **990.-**




**Undradrengurinn afhjúpaður**
Hver er Justin Bieber og af hverju er hann svona vinsæll? Ómissandi bók fyrir alla aðdáendur og hina sem vilja vita meira.

~~3.999.-~~ **1.999.-**




**Skrímsli setja mörk**
Skrímslabækur hins norræna þríeykis Áslaugar, Kalle og Rakelar hafa hitt í mark í ótal löndum og nú leika skrímslin lausum hala í leikhúsinu.

~~5.290.-~~ **1.490.-**




**Magnað lífshlaup**
Ævintýraleg frásögn venjulegrar íslenskrar stelpu sem örlögin báru til Sierra Leone þar sem hún lifði ævintýralega og viðburðaríka tíma.

~~5.990.-~~ **2.990.-**




**Einn vinsælasti bókaflokkur Norðurlanda**
Berlínaraspir Anne B. Ragde slógu í gegn um öll Norðurlönd og í kjölfarið sigldu sjónvarpsþættirnir vinsælu. Allar 3 sögurnar í einum pakka.

~~7.490.-~~ **1.990.-**




**Spennandi dagar**
Margrómuð saga Þórarins Leifssonar um götu-málarann og flækinginn sem hverfur af radarnum á Suður-Spáni. Þá fara hlutirnir líka að gerast.

~~5.490.-~~ **1.990.-**

VERÐHRUN
ALLT AÐ 90%
AFSLÁTTUR

# KAÐURINN

ÓTRÚLEGT ÚRVAL ÞÚSUNDIR TITLA SPARAÐU ÞÚSUNDIR




**Meistarataktar**
Fótboltaáhugamenn geta virkilega tekið á honum stóra sínum í þessu skemmtilega spili þar sem sá sem veit mest um boltann hampar bikarnum.

~~7.980.-~~ **2.480.-**




**Biblía verðandi foreldra**
Íslensk þýðing einnar mikilvægustu bókar sem komið hefur út um með-göngu og fæðingu. Bók sem byggir upp góða foreldra.

~~6.990.-~~ **3.990.-**




**Taktu á því!**
Boot Camp kom eins og stormsveipur inn í veröld heilsuræktarinnar og hitti beint í mark hjá þeim sem vildu meira en bara hanga í tækjunum.

~~3.990.-~~ **1.990.-**




**Samtímaklassík**
Guðrún Eva Mínervudóttir hlaut á dög-unum Íslensku bókmenntaverðlaunin. Yosoy er ein mikilvægasta bók hennar og þar með íslenskra bókmennta.

~~1.868.-~~ **690.-**




**Ofurfólk í ofuraðstæðum**
Allt það svakalegasta, hroðalegasta og ógeðslegasta sem mannskepnan hefur tekið sér fyrir hendur sýnt í mynd og lýst í texta og jafnvel í 3D!

~~5.490.-~~ **2.499.-**




**Allt um snið og sauma**
Útskýrt skref fyrir skref hvernig á að gera sér sína eigin flík, hvernig sníða á efni og sauma það saman. Frábær handbók.

~~3.999.-~~ **1.999.-**

EKKI
MISSA AF
ÞESSU



# menning

menning@frettabladid.is



**SIN FANG OG CAPTAIN FUFANU** troða upp í dag klukkan 17.30 í Kaldalóni í Hörpu. Tónleikarnir eru hluti af Undiröldunni, tónleikaröð sem haldin er í samstarfi við 12 Tóna. Tónleikaröðin er sett fram í því skyni að kynna grasrót íslenskrar tónlistarmenningar og veita ungum og upprennandi tónlistarmönnum tækifæri til að spila í Hörpu. Ókeypis er á tónleikana.









**HÚS SÖNGSKÓLANS** Þar sem áður voru búnir til ostar verður nú brugðið á leik, sungið og dansað.

## Fjöldasöngur og vikivakar

Dagur tónlistarskólanna er á morgun, 25. febrúar. Nemendur í Tónskóla Sigursveins taka daginn snemma með náttfataæfingu klukkan 8.30. Einnig má nefna tónleika í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri frá klukkan 9.45 til 15; tónleika í Ísafjarðarkirkju klukkan 14 þar sem stórhljómsveitin Ísófónía kemur fram og tónleika í Þjóðmenningarhúsinu klukkan 14 á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík, þar sem þemað er íslensk tónlist. Söngskólinn í Reykjavík fagnar deginum með dagskrá í Snorrabúð, Snorrabraut 54 frá klukkan 14 til 17.30. Dagskráin hefst með fjöldasöng á lögum tengdum árstímanum sem Garðar Cortes stjórnar, þá tekur við röð einsöngstónleika og að lokum verður almenningi kennt að syngja Tyrkjamessu og stíga vikivakadansa. Bornar verða fram þjóðlegar veitingar, kaffi, heitt súkkulaði og nýsteiktar kleinur. - gun



**VIÐ ÆFINGAR** Fjölskyldudramað Dagleiðin langa verður frumsýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í kvöld. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## Dagleiðin langa í Kassanum

Eitt frægasta og magnaðasta fjölskyldudrama 20. aldarinnar, Dagleiðin langa eftir Eugene O´Neill, verður frumsýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

Leikritið gerist á miklum átakadegi í lífi Tyrone-fjölskyldunnar, hjóna og tveggja uppkominna sona þeirra. Fjölskyldan er þrúguð af ægivaldi fjölskylduföðurins, og áfengissýki og lyfjaneysla varpa dimmum skugga á öll samskipti. Fjórar skemmdar manneskjur sem standa máttvana gagnvart erfiðum aðstæðum kunna engin ráð betri en að ásaka hver aðra og brjóta hver aðra niður á milli þess sem þær tjá ást sína og umhyggju.

Höfundurinn, Nóbelsskáldið Eugene O'Neill (1888-1953), er gjarnan kallaður faðir bandarískrar nútímaleikritunar og Dagleiðin langa er álitin meistaraverk hans. Verkið sem er að sumu leyti sjálfsævisögulegt var skrifað á árunum 1939 til 1941 en það var þó ekki frumflutt fyrr en árið 1956 og hlaut svo Pulitzer-verðlaunin ári síðar.

Leikritið hefur tvívegis áður verið sýnt í Þjóðleikhúsinu, árið 1959 undir heitinu Húmar hægt að kveldi og árið 1982 undir heitinu Dagleiðin langa inn í nótt. Á frummálinu heitir það Long Day's Journey into Night.

Leikstjórn er í höndum Þórhildar Þorleifsdóttur en leikarar eru Arnar Jónsson, Guðrún Gísladóttir, Hilmir Snær Guðnason og Atli Rafn Sigurðarson.




## Ískalt og krefjandi

„Þetta hefur verið mjög skemmtilegt en líkja krefjandi, því það er ískalt inni í verksmiðjunni. En það hefur líka verið mjög inspírandi," segir Guðrún Þórsdóttir, þriðja árs nemandi Myndlistaskólans á Akureyri. Síðustu þrjár vikur hafa staðið yfir vinnubúðir í Verksmiðjunni á Hjalteyri, þar sem nemendur hafa unnið innsetningar í rými með fjölbreyttum hætti.



**VERKSMIÐJULIST** Nemendur Myndlistaskólans á Akureyri hafa unnið fjölbreytt listaverk í Verksmiðjunni á Hjalteyri.

Samhliða hafa farið fram myndræn vefsamskipti við ýmsar vinnustofur og skóla úti í heimi, meðal annars við École des Beaux-Arts í Dijon í Frakklandi, vinnustofu Ingu Svölu Þórsdóttur og Wu Shanzhuan í Shanghai og Mokka kaffi í Reykjavík.

Í dag gefst gestum kostur á að skoða afrakstur vinnunnar. Jafnframt verður hægt að fylgjast með opnuninni í gegnum Skype á Mokka í Reykjavík. Sýningin verður jafnframt opin á morgun og sunnudag milli klukkan 13 og 17. - hhs

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 24. febrúar 2012**

### Tónleikar

**12.15** **Hrólfur Sæmundsson** barítón og **Nína Margrét Grímsdóttir** píanóleikari halda tónleika í tónleikaröðinni Klassík í hádeginu í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Flutt verður tónlist eftir amerísku skáldin Samuel Barber og Aaron Copland. Aðgangur er ókeypis.

**17.30** **Captain Fufanu og Sin Fang** spila á tónleikum í sal Kaldalóns í Hörpu. Tóneikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Undiraldan, sem er tónleikaröð Hörpu í samstarfi við 12Tóna. Aðgangur er ókeypis.

### Sýningar

**17.00** **Sólveig Thoroddsen** opnar sýninguna NORÐUR í Mjólkurbúðinni Listagili. Sýningin stendur aðeins yfir helgina. Allir velkomnir.

### Kynningar

**11.00** **Burðarpokakynning** verður haldin í Álfheimum 2-3. Allir velkomnir.

**16.00** **Halldór Björn Runólfsson,** safnstjóri Listasafns Íslands mun halda kynningu á útgáfu yfirlitsbókar um myndlistarmanninn RÚRÍ. Kynningin er í tengslum við yfirlitssýningu á verkum Rúríar sem verður opnuð 2. mars og fer fram í Listasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

### Tónlist

**21.00** Hljómsveitin **Sing For Me Sandra** stígur á svið á Bar 11. Þau munu spila nýtt efni í bland við gamalt og eftir tónleika mætir DJ í búrið. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** **Sólstafir og Dimma** ásamt Akureyrarsveitinni Gruesome Glory halda tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

### Fyrirlestrar

**12.00** **Navraj Ghaleigh,** lektor við lagadeild Edinborgarháskóla mun fjalla um það sem hann kallar annan loftslagspakka ESB. Er fyrirlesturinn hluti af fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Evrópa: Samræður við fræðimenn, og verður haldinn í stofu 101 í Lögbergi. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er öllum opinn.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# FORTÍÐARÞRÁIN KVIKNAR Á BÓKAMARKAÐI

**Bækur á borðum og í hillum, í stöflum og stæðum er draumur bókaormsins. Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefanda, sem verður opnaður í dag, uppfyllir þann draum en nú sem áður er ýmislegt forvitnilegt að finna á hinum árlega markaði sem hefur lengi verið fastur liður í íslensku menningarlífi.**



**BÓKAMARKAÐUR** Kristján Karl Kristjánsson, framkvæmdastjóri markaðarins, segir úrval fræðibóka hafa aukist mikið undanfarið. „Hér er hægt að gera góð kaup í fræðibókum af ýmsum toga. Háskólaútgáfan, Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélagið eru til að mynda öll hér með bækur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýlegar bækur og gamlar gersemar blasa við þegar gengið er um gólf Perlunnar en sú bygging hýsir markaðinn, jafnvel í síðasta sinn því rætt hefur verið um að byggingin verði seld og hver veit hvar bókamarkaðurinn verður hýstur. Starfsfólk markaðarins hefur þó lítinn tíma til að velta því fyrir sér.

„Einna mesta breytingin hjá okkur undanfarin ár er fjölgun kiljanna, ég held að við leggjum fjórfalt meira pláss undir kiljur en fyrir fjórum árum,“ segir Kristján Karl Kristjánsson, framkvæmdastjóri markaðarins nú eins og síðastliðin sex ár. „Sú aukning skýrist vitanlega af aukinni kiljuútgáfu, nýjungarnar koma til okkar nokkrum árum síðar.“

Nýjar bækur eru þó ekki það sem fangar augu blaðamanns í fyrstu. Staflar og stæður af innbundnum ástarsögum minna á aðra útgáfutíma, þegar Theresa Charles var fastur gestur á metsölulistum fyrir jól. „Daníel MacCraig, stofnandi hins blómstrandi öryggisfyrirtækis „Escorts“ var hrífandi persónuleiki og Alidu Burnham þótti gott að vinna með honum, en það var yngri frændi hans, Brock, sem hún hefði getað elskað,“ segir í upphafi baksíðutexta bókar sem blaðamaður grípur af handahófi úr bunka bóka áðurnefndrar Theresu Charles.

Unnendur ástarsagna hafa úr nógu að velja og sama má segja um unnendur spennusagna frá liðinni tíð. Alistair MacLean er samt ekki sjáanlegur og Kristján Karl segir hann löngu horfinn af Bókamarkaðnum. „En hér er Desmond Bagley,“ segir hann og bendir á bækur höfundar sem íslenskir spennusagnafíklar rifu í sig á áttunda og níunda áratugnum. Bókin Arfurinn virðist reyndar forvitnileg en þar er víst að finna, fyrir utan æsilega atburðarás, innsýn í Kenía nútímans, það er ársins 1982. Og höfundur lýsir „flóknum samskiptum Afríku, Asíu- og Evrópumanna, sem lifa og starfa þarna hlið við hlið og bera allir í brjósti heitar tilfinningar til landsins sem þeir unna“.

Fortíðarþráin kviknar í barnabókadeildinni, þarna eru Frank og Jói og Öddubækurnar. Þær síðarnefndu hafa verið endurútgefnar og sama á við um Frank og Jóa, sem einnig er til í upprunalegri útgáfu og sömuleiðis sögur af hinn skörpu Nancy Drew. „Barnabækurnar seljast alltaf vel,“ segir Kristján Karl sem kannast vel við hagsýna foreldra sem kaupa bækur til að eiga til gjafa enda margt vitlausara en sú fyrirhyggja.

Kristján Karl segir úrval fræðibóka hafa aukist mjög undanfarið. „Hér er hægt að gera góð kaup í fræðibókum af ýmsum toga. Háskólaútgáfan, Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélagið eru til dæmis öll hér með bækur.“ Bókahorn frá Braga bóksala, listaverkabækur, matreiðslubækur, ljóð og skáldsögur er auðvitað líka að finna á markaðnum sem verður opnaður í dag og stendur til 11. mars. „Svo förum við til Akureyrar, sem verður örugglega jafn gaman og í fyrra,“ segir Kristján Karl að lokum. sigridur@frettabladid.is

## BÓKAKARL OG NÚ EINNIG BÓKAKONA



Flestir kannast við merki Bókamarkaðarins, Bókakarlinn. Karlinn kom fyrst fram um 1960 og var óbeint afsprengi dekkjakarlsins frá Michelin. Lengi var hann svarthvítur en fyrir nokkrum árum endurskapaði Halldór Baldursson teiknari hann og bætti í hann litum og lífi. Í ár hefur einsemd bókakarlsins verið rofin, Halldór hefur lífgað upp á tilveru karlsins og gefið honum góðan og bókelskan vin, Bókakonuna, sem er niðursokkin í lestur alla daga. „Bókakonan er að sjálfsögðu áminning um að konur eru í meirihluta lesenda og það eru konur sem oftast kaupa bækur fyrir alla fjölskylduna og velja bækur fyrir börnin að lesa,“ segir Kristján B. Jónasson, formaður Félags bókaútgefenda.




SMÁRAGARÐUR

TIL LEIGU

Bíldshöfði 20




Frábær staðsetning og miklir möguleikar. Eigum laus verslunar-, skrifstofu- og þjónusturými á 3. hæð, allt að 2500 m².
Eins er hluti af kjallara laus.

Nánari upplýsingar veitir Steinn Jóhannsson í síma 842 4909 eða steinnj@smaragardur.is

Smáragarður, Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík, sími 585 2900, www.smaragardur.is



**MEGA SELJA IPAD Í SJANGHÆ** Fyrirtækið Apple getur haldið áfram að selja iPad í Sjanghæ. Kínverska fyrirtækið Proview hafði krafist þess að lögbann yrði sett á vöruna. Það segist hafa komið fram með nafnið iPad árið 2000. Apple kveðst á hinn bóginn hafa tryggt sér réttinn á nafninu á heimsvísu árið 2009.



**GLENS HJÁLPAR** Grín á tannlæknastofunni getur gert gæfumuninn.

## Húmor gegn hræðslu við tannlækna

**HEILSA** **Bjartsýni, jákvætt hugarfar og húmor er talið draga úr áhyggjum og streitu þeirra sem óttast að fara til tannlæknis, samkvæmt nýrri rannsókn. Einnig getur spjall á léttum nótum við starfsfólk tannlæknastofa dreift huganum og skapað þægilegt andrúmsloft.**

**Samkvæmt rannsókn háskólans í Gautaborg gengur jákvæðum sjúklingum með góða kímnigáfu betur að takast á við heimsókn til tannlæknis heldur en þeim sem örvænta og mikla hlutina fyrir sér.**

**Ef þú forðast tannlækna eins og heitan eldinn, er því um að gera að segja einn eða tvo brandara í næstu heimsókn.**

## Hreyfing á meðgöngu ekki skaðleg

**HEILSA** **Meðalerfið eða erfið líkamsrækt á meðgöngu er ekki skaðleg heilsu ófæddra barna samkvæmt nýrri rannsókn sem birtist í marsútgáfu tímaritsins Obstetrics & Gynecology.**

**Að sögn Dr. Lindu Szymanski, meðhöfundar rannsóknarinnar, þurfa konur ekki að óttast að erfið hreyfing skaði fóstur, og hvetur kyrrsetukonur til að hreyfa sig reglulega. Hún bendir á að hjólreiðar og göngur henti verðandi mæðrum vel.**

# ROKK Í GEÐVEIKINNI Í CROSSFIT

**Gítarleikarinn Arnar Grétarsson lagði bjórinn á hilluna og hellti sér út í Crossfit. Hljómsveitin hans Sign er þó ekki hætt og situr á miklu magni af efni.**

**HEILSA** „Ég fæ alls konar flugur í hausinn, og allt í einu langaði mig bara að verða góður í Crossfit," segir Arnar Grétarsson, gítarleikari hljómsveitarinnar Sign og meðlimur í keppnisliðinu Dóra í Crossfit.

Arnar æfir sex til átta sinnum í viku í Crossfit Sport í Kópavogi og segir mataræðið hafa breyst sjálfkrafa með auknum æfingum. „Svo er orðið algjört spari að fara á fyllerí. Ég hef til dæmis ekkert drukkið það sem af er ári, en áfengi og Crossfitt fara ekki vel saman. Ég fæ mér þó í glas við viss tilefni og þá gefur maður líka allt í þetta," segir Arnar sem var að eigin sögn duglegur að sækja barina áður fyrr.

Á Crossfit-leikunum um síðustu helgi lenti Arnar í áttunda sæti í karlaflokki, en þar kepptu 86 fílefldir karlar. Árangurinn er sérstaklega áhugaverður í ljósi þess að aðeins átta mánuðir eru síðan hann byrjaði í crossfit.

Arnar segir ýmislegt líkt með crossfit og rokkinu. „Það er nú ákveðið rokk í geðveikinni í Crossfit. En svo er til dæmis þessi ólýsanlegi aukakraftur sem maður fær út úr því að spila fyrir áhorfendur. Ég fann líka fyrir því við að gera æfingar fyrir framan áhorfendur um helgina," segir Arnar, en bætir þó við að hann hafi hlaupið á sig í seinustu greininni og sprengt sig of fljótt með þeim afleiðingum að hann var fjarri því að ná sínum besta árangri.

Hljómsveit Arnars, Sign, er nú í pásu en þó hvergi nærri hætt. „Við eigum fullt af efni sem við komum til með að gefa út, en það hefur ekkert verið ákveðið hvenær," segir Arnar sem stefnir á að klára listnám við Iðnskólann í Hafnarfirði í vor og í framhaldi læra arkitektúr erlendis.

En óttast Arnar ekkert að heilsusamlega lífernið fari forgörðum þegar Sign kemur saman aftur? „Nei alls ekki. Crossfit kennir manni að nota náttúruna til að halda sér við þannig að ef ég væri að túra gæti ég þess vegna skokkað niður að strönd og lyft steinum. Svo er ég líka kominn með kærustu og orðinn rólegri," segir Arnar og bætir við að þó að menn séu rokkarar þurfi þeir ekki að djamma öll kvöld.

tinnaros@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### MATARDAGBÓK ARNARS

Mataræðið breyttist hjá Arnari þegar hann fór að hreyfa sig meira en hann segist þó ekki taka nein aukaefni, hann fái allt sem hann þurfi úr fæðunni auk þess sem hann taki lýsi. „Þetta er ekki beint meðvituð ákvörðun, þetta gerist meira ósjálfrátt. Eins með drykkjuna, maður fer ósjálfrátt að minnka hana, einkum þegar maður er einhver drykkjuhestur," segir Arnar sem er búinn að prófa ýmislegt og er nú kominn með mataræði sem hentar honum.

**08.00** Hafragrautur með bláberjum
**09.30** Epli með hnetusmjöri og kannski smá skyr
**Hádegismatur:** Týpískur hádegismatur er pakki af beikoni og 5 egg. Stundum er það samt kjöt og sætar kartöflur.
**15.30** Tvær túnfisksdollur og grænmeti
**Kvöldmatur:** Oftast kjöt eða fiskur og sætar kartöflur eða rófur.
Svo fær hann sér yfirleitt hálfan lítra af skyri fyrir svefninn.




## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**Greta Salóme Stefánsdóttir** er farin að hlakka verulega til að fara til Aserbaídsjan með Jónsa vini sínum, en þau verða fulltrúar Íslands í Eurovision-söngvakeppninni sem fram fer í maí.



Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

## Marc Jacobs notaði of ungar fyrirsætur

**TÍSKA** Fatahönnuðurinn Marc Jacobs gerðist sekur um að nota of ungar fyrirsætur á sýningum sínum á tískuvikunni í New York. Félag fatahönnuða í Bandaríkjunum, CFDA, gaf út ákveðnar reglur fyrir tískuvikuna þar sem hönnuðum var gert að ráða aðeins fyrirsætur sem höfðu náð 16 ára aldri.

The New York Times fletti hins vegar ofan af því að tvær fyrirsætur í sýningum Marcs Jacobs á nýafstaðinni tískuviku höfðu verið einungis 15 ára gamlar.

Fyrirsæturnar sem um ræðir eru þær Thairine Garcia og Ondria Hardin en Marc Jacobs vill meina að hann hafi fengið samþykki hjá foreldrum stúlknanna. „Ég ræð útliti sýningarinnar og enginn annar getur stjórnað því. Ef foreldrar gefa leyfi sé ég enga ástæða fyrir að banna stúlkunum að taka þátt í sýningunni," segir Jacobs kokhraustur í samtali við tímaritið á meðan forseti CFDA, Steven Kolb var ekki ánægður með hönnuðinn. „Við teljum að það sé mjög mikilvægt að stúlkurnar séu orðnar 16 ára gamlar. Það er mikil synd ef hönnuðirnir eru ekki sammála því."



**RÆÐUR** Marc Jacobs hunsaði reglur Félags fatahönnuða í Bandaríkjunum og var með fyrirsætur undir 16 ára aldri í sýningu sinni á tískuvikunni í New York.
NORDICPHOTOS/GETTY

### TÆKNI

**TRYGGIR SÉR KLÁMLÉN** Sir Richard Branson hefur tryggt sér einkarétt á vefslóðinni Richardbranson.xxx. Hann átti í deilum við Ástralann Sean Truman sem keypti vefslóðina í fyrra. Samkvæmt frétt BBC var óttast að Truman ætlaði sér að misnota nafn auðjöfursins Bransons og því var ákveðið að taka slóðina af honum. Stafirnir xxx hafa hingað til verið notaðir til að hýsa klámsíður.





**FACEBOOK Í SJÓNVARPINU** Facebook og Twitter verða bráðum hluti af sjónvarpsáhorfi fólks. Þannig getur fólk tjáð sig um þættina sem það er að horfa á og séð hvað vinunum finnst í gegnum samskiptamiðlana efst á sjónvarpsskjánum. Tilraun með þetta verður gerð í Ástralíu í júní.

# SKVÍSUKVÖLD!

STELPURNAR Í ZIKZAK OG ZAYZAY VERÐA MEÐ SKVÍSUKVÖLD FÖSTUDAGINN 24.FEBRÚAR NÆSTKOMANDI Í KRINGLUNNI, FRÁ KL.19.00 TIL 22.00. Í ÞVÍ TILEFNI BJÓÐUM VIÐ 20% AF ÖLLUM VÖRUM. HELGA MÖLLER VERÐUR Á STAÐNUM. LÉTTAR VEITINGAR VERÐA Í BOÐI. EINS VERÐA STELPURNAR FRÁ MAKE UP STORE MEÐ KYNNINGU Á SÍNUM VÖRUM OG FLEIRI GLAÐNINGAR VERÐA Í BOÐI.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR!




ZAYZAY

ZIKZAK
TÍSKUHÚS

NÓI SÍRÍUS

VOLCANIC
[energy]

# Auglýsa eftir hæfileikafólki í nýjan sjónvarpsþátt

**Hæfileikakeppni Íslands er nýr þáttur sem hefur göngu sína á Skjá Einum í mars. Í verðlaun er ein milljón króna og allir geta tekið þátt.**




**NÝR ÞÁTTUR** Hilmar Björnsson, dagskrárstjóri Skjás Eins, er mjög spenntur fyrir þættinum Hæfileikakeppni Íslands.

„Það er mikil spenna í okkur sem að þættinum standa, svo nú reynir bara á þjóðina að sýna hvað í henni býr," segir Hilmar Björnsson, dagskrárstjóri SkjásEins, um þáttinn Hæfileikakeppni Íslands sem hefur göngu sína í mars.

Hæfileikakeppni Íslands er samstarfsverkefni SkjásEins, mbl.is og Saga Film og geta allir tekið þátt með því að senda inn myndband og sýnt hæfileika sína. „Að geta sungið Gamla Nóa aftur á bak og staðið á haus á sama tíma er til dæmis flottur hæfileiki," segir Hilmar og bætir við að verðlaunin séu ekki af verri endanum, eða ein milljón króna auk nafnbótarinnar Hæfileikaríkasti Íslendingurinn.

Hægt verður að senda inn myndbönd frá og með næsta mánudegi og verða öll myndböndin birt á Mbl.is. Þau fjögur atriði sem fá flest meðmæli þar fara áfram í undanúrslit, auk 76 atriða sem valin eru af sérstakri fjögurra manna dómnefnd. Það eru því alls 80 atriði í undanúrslitum og fá þeir keppendur tækifæri til að sýna atriði sitt á sviði fyrir framan dómnefndina. Undanúrslitin fara fram í fjórum þáttum og kýs almenningur fimm atriði úr hverjum þætti áfram í úrslitin.

„Það verða 20 atriði sem keppa til úrslita í 90 mínútna löngum lokaþættinum. Dómnefndin hefur svo svigrúm til að bæta við nokkrum atriðum sem henni þykir áhugaverð en hafa ekki komist upp úr undanúrslitunum," segir Hilmar og bætir við að úrslitaþátturinn verði öllu íburðarmeiri en hinir og að það verði undir þjóðinni komið að velja sigurvegara með SMS kosningu. Hann taldi hvorki tímabært að gefa upp hverjir ættu sæti í dómnefnd né hver stýrir þættinum.

Fyrsti þátturinn fer í loftið 30. mars næstkomandi og allar upplýsingar um skráningu er að finna á mbl.is. **- trs**

# Í nýju gervi á Óskarshátíðinni

Sacha Baron Cohen er sagður vilja mæta á Óskarsverðlaunin á sunnudaginn í gervi einræðisherrans sem hann leikur í sinni nýjustu gamanmynd, The Dictator.

Skipuleggjendur hátíðarinnar eru ekki hrifnir af þessari hugmynd og ólíklegt að hann fái að framkvæma hana. Cohen var boðið á hátíðina vegna leiks síns í ævintýramyndinni Hugo í leikstjórn Martins Scorsese. „Við erum ekki búnir að banna honum að mæta á hátíðina. Við erum bara að bíða eftir því hvað hann ætlar sér að gera," sagði fulltrúi Óskarsins.

Cohen hefur áður vakið athygli á samkomum sem þessum. Eitt sinn mætti hann í gervi Borats á kvikmyndahátíðina í Toronto og á MTV-hátíðinni 2009 var hann í gervi tískulöggunnar Bruno.



**EINRÆÐISHERRA** Sacha Baron Cohen vill ganga eftir rauða dreglinum í gervi einræðisherra. NORDICPHOTOS/GETTY


SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| A FEW BEST MEN Luxus VIP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | 3D | L |
| HUGO Með texta | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 8 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 6 - 8 | 2D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 10:20 | 2D | 10 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 | 2D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | | |
|---|---|---|---|
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 | 2D | 16 |
| MISSION IMPOSSIBLE - GHOST PROTOCOL | kl. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2:THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | L |
| HAYWIRE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 10 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 2D | 12 |
| HUGO | kl. 5:20 - 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ens tali | kl. 5:40 | 2D | 16 |
| EXTREMELY LOUD & INCREDIBLY CLOSE | kl. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| SHAME | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| GHOST RIDER 2 Ótextuð | kl. 10:10 | 3D | 12 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| PUSS IN BOOTS m/íslensku tali | kl. 6 | 2D | L |

BÍÓKORTIÐ kynntu þér málið á www.SAMbio.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| JOURNEY 2 3D | 4(950 kr), 6, 8 |
| SAFE HOUSE | 5.40, 8, 10 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 2D | 4(750 kr) - ISL TAL |
| THE GREY | 8, 10.20 |
| THE IRON LADY | 5.50 |
| CONTRABAND | 10.20 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | 4(750 kr) |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HAYWIRE | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| HAYWIRE LÚXUS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GHOST RIDER 3D | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D | KL. 5 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.40 | L |
| CHRONICLE | KL. 4 - 6 | 12 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| GHOST RIDER 3D | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| CHRONICLE | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D | KL. 10 | 10 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| GHOST RIDER 2 3D | KL. 8 - 10 | 12 |
| HAYWIRE | KL. 8 - 10 | 16 |
| THIS MEANS WAR KL.6 14 | GLÆPUR OG SAMVISKA KL.5.45 | |







BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**FÖSTUDAGUR:** ÚTSKRIFTARSÝNINGAR KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS 16-23 (frítt inn) ■ THE AWAKENING 18:00, 20:00 ■ SKIN I LIVE IN 20:00, 22:15 ■ THE DESCENDANTS 22:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ Á ANNAN VEG 20:00 ■ BORGRÍKI 22:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.




Markaðstorg
föstudag til sunnudags!
IKEA
Það verður markaðsstemmning í IKEA um helgina. Við rýmum til á lagernum og setjum upp markaðstorg. Húsgögn, smávara, sumarhúsgögn, framhliðar á eldhúsinnréttingar, sófar og miklu fleira. Það úir og grúir af alls kyns húsbúnaði, bæði vörum enn í umbúðum auk sýnishorna og útlitsgallaðra vara úr Umbúðalaust. 20% aukaafsláttur er af öllum vörum úr Umbúðalaust. Komdu og gerðu frábær kaup!
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is
IKEA®

# sport

sport@frettabladid.is



**FRAM VANN KR** í leik liðanna í Lengjubikarkeppni karla, 2-1, í Egilshöll í gær. Samuel Hewson kom Fram yfir í fyrri hálfleik en Kjartan Henry Finnbogason jafnaði aðeins mínútu síðar. Kristinn Ingi Halldórsson tryggði svo þeim bláu sigurinn með marki í seinni hálfleik. Var þetta þriðji sigur Fram á KR í jafn mörgum leikjum á undirbúningstímabilinu.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

**Snæfell - Stjarnan 75-80 (49-36)**

**Snæfell**: Ólafur Torfason 15, Quincy Hankins-Cole 13, Sveinn Arnar Davidsson 13, Marquis Sheldon Hall 13, Jón Ólafur Jónsson 8, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 7/8 fráköst, Hafþór Ingi Gunnarsson 6.

**Stjarnan**: Keith Cothran 19, Justin Shouse 18, Renato Lindmets 13/11 fráköst, Jovan Zdravevski 12, Fannar Freyr Helgason 8, Guðjón Lárusson 6, Marvin Valdimarsson 3, Dagur Kár Jónsson 1.

**Haukar - Grindavík 93-94 (tvíframl.)**

**Haukar**: Hayward Fain 39/12 fráköst, Christopher Smith 17/11 fráköst, Helgi Björn Einarsson 11, Emil Barja 8, Alik Joseph-Pauline 7/8 fráköst, Örn Sigurðarson 4, Haukur Óskarsson 3, Davíð Páll Hermannsson 2, Óskar Ingi Magnússon 2.

**Grindavík**: Giordan Watson 25, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 14/8 fráköst, J'Nathan Bullock 13/16 fráköst, Ryan Pettinella 10/15 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 8, Ólafur Ólafsson 7, Jóhann Árni Ólafsson 5, Björn Steinar Brynjólfsson 4, Ómar Örn Sævarsson 4, Þorleifur Ólafsson 4.

**Njarðvík - ÍR 107-93 (58-46)**

**Njarðvík**: Travis Holmes 54/11 fráköst, Elvar Már Friðriksson 14/10 stoðsendingar, Páll Kristinsson 11, Styrmir Gauti Fjeldsted 8, Maciej Stanislav Baginski 8, Oddur Birnir Pétursson 5, Ólafur Helgi Jónsson 4, Jens Valgeir Óskarsson 3.

**ÍR**: Rodney Alexander 42/10 fráköst, Robert Jarvis 22, Níels Dungal 8, Eiríkur Önundarson 7, Hjalti Friðriksson 6, Þorvaldur Hauksson 3, Nemanja Sovic 3, Ellert Arnarson 2.

#### LEIKIR KVÖLDSINS

| | |
|---|---|
| Valur - Tindastóll | kl. 19.15 |
| Þór Þorlákshöfn - Keflavík | kl. 19.15 |
| KR - Fjölnir | kl. 19.15 |

### *Evrópudeild UEFA*

#### 32-LIÐA ÚRSLIT, SEINNI LEIKIR

| | |
|---|---|
| Athletic Bilbao - Lokomotiv Moskva | 1-0 (2-2) |
| Athletic komst áfram á útivallarmarki. | |
| Valencia - Stoke | 1-0 (2-0) |
| Twente - Steaua Búkarest | 1-0 (2-0) |
| Standard Liege - Wisla Krakow | 0-0 (1-1) |
| Standard Liege komst áfram á útivallarmarki. Birkir Bjarnason lék allan leikinn með liðinu. | |
| PAOK Thessaloniki - Udinese | 0-3 (0-3) |
| PSV Eindhoven - Trabzonspor | 4-1 (6-2) |
| Club Brugge - Hannover | 0-1 (1-4) |
| Manchester United - Ajax | 1-2 (3-2) |
| 1-0 Javier Hernandez (6.), 1-1 Aras Özbiliz (37.), 1-2 Toby Alderweireld (86.). | |
| Metalist Kharkiv - Salzburg | 4-1 (8-1) |
| Olympiakos - Rubin Kazan | 1-0 (2-0) |
| Anderlecht - AZ Alkmaar | 0-1 (0-2) |
| Jóhann B. Guðmundsson var á bekknum hjá AZ. | |
| Atletico Madrid - Lazio | 1-0 (4-1) |
| Schalke 04 - Viktoria Plzen | 1-1 (2-2) |
| Framlengingu var ólokið þegar Fréttablaðið fór í prentun. | |
| Besiktas - Braga | 0-1 (2-1) |
| Sporting Lisbon - Legia Varsjá | 1-0 (3-2) |
| * Samanlögð úrslit eru í sviga. | |

#### 16-LIÐA ÚRSLITIN

Metalist Kharkiv - Olympiakos
Sporting Lissabon - Manchester City
Twente - Schalke eða Plzen
Standard Liege - Hannover 96
Valencia - PSV Eindhoven
AZ Alkmaar - Udinese
Atletico Madrid - Besiktas
Manchester United - Athletic Bilbao
Leikirnir fara fram 8. og 15. mars.

# Förum í leikinn til þess að vinna

**Lars Lagerbäck stýrir íslenska karlalandsliðinu í fótbolta í fyrsta sinn í dag í vináttuleik gegn Japan í Osaka. Sigur er aðalmarkmiðið hjá sænska þjálfaranum. Hann er hrifinn af metnaði leikmannanna sinna.**

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck stjórnar íslenska A-landsliðinu í fótbolta karla í fyrsta sinn í dag þegar Ísland mætir Japan í vináttulandsleik í Osaka. Leikurinn hefst kl. 10.20 og er hann í beinni sjónvarpsútsendingu á Stöð 2 sport. Sænski þjálfarinn fær tækifæri til þess að skoða á fjórða tug leikmanna á næstu dögum en markmiðin fyrir leikinn gegn Japan eru skýr. „Ég hef þær væntingar að við förum í leikinn til þess að vinna. Það er alltaf það mikilvægasta,“ sagði Lagerbäck í viðtali við Fréttablaðið í gær.

„Við náðum þremur æfingum í Reykjavík og tveimur æfingum hér í Osaka. Það er ekki langur tími en við stefnum að því að taka skref fram á við í varnar- og sóknarleik liðsins. Japanska liðið er sterkt og við verðum bara að bíða og sjá hver útkoman verður. Til þess að sjá hvar við stöndum og þróa okkar leik verðum við að takast á við erfiða andstæðinga,“ segir Lagerbäck.

**Reynslulítill hópur í Japan**

Ísland mætir Svartfjallalandi í vináttuleik strax á miðvikudaginn í næstu viku og þar mætir Ísland til leiks með alveg nýtt lið. Lagerbäck segir að það sé mikill hugur í leikmönnum og allir vilji sýna sig og sanna. Lið Íslands gegn Japan er ekki reynslumikið. Gunnar Heiðar Þorvaldsson er leikjahæsti leikmaðurinn í liðinu að þessu sinni, með 22 leiki en þar á eftir kemur Gunnleifur Gunnleifsson markvörður með 21 leik. Þrír nýliðar eru í hópnum og aðeins sjö leikmenn í hópnum hafa leikið fleiri en tíu landsleiki.

„Ég verð að hrósa leikmönnum liðsins fyrir þann áhuga og metnað sem þeir hafa sýnt að undanförnu. Allir leggja sig fram og metnaðurinn er mikill. Það hefur ekkert óvænt komið upp hér í Japan, leikmennirnir voru fljótir að jafna sig eftir langt ferðalag og stemningin er góð í hópnum. Það er mikið lagt á leikmennina og þetta er prófraun fyrir þá og þeir geta sýnt úr hverju þeir eru gerðir,“ segir Lagerbäck en Ísland mun mæta Frakklandi og Svíþjóð í vináttuleikjum í maí og Ungverjum í júní áður en riðlakeppni heimsmeistaramótsins hefst með leik gegn Noregi á Laugardalsvelli í september.

**Margir vilja sanna sig**

„Æfingarnar hérna hafa verið góðar og það eru margir sem vilja sanna sig í þessum leik. Við fáum tækifæri til þess að skoða rúmlega 30 leikmenn í þessari vináttuleikjalotu gegn Japan og Svartfjallalandi. Ég hef sagt það að allir eigi möguleika og það verður spennandi að sjá hvernig menn svara kallinu. Það eru 36 leikmenn sem voru valdir í þessi tvö verkefni. Þar fyrir utan eru nokkrir leikmenn sem gátu ekki komið af ýmsum ástæðum. Hópurinn er því stór og það er undir hverjum og einum komið að sýna hvað í honum býr,“ sagði Lars Lagerbäck.

seth@frettabladid.is




**JAPANSKA PRESSAN** Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari ræðir hér við japanska blaðamenn í Osaka í gær. MYND/KSÍ/ÓMAR SMÁRASON

## 22 ár síðan þjálfari byrjaði á útisigri

Lars Lagerbäck getur í dag orðið fyrsti landsliðsþjálfari Íslands í rétt tæp 22 ár sem byrjar landsliðsþjálfaraferil sinn með sigri á útivelli. Það hefur ekki gerst síðan Ísland vann 2-1 sigur á Lúxemborg í fyrsta leik Svíans Bo Johansson 28. mars 1990. Tveir síðustu landsliðsþjálfarar, Ólafur Jóhannesson og Eyjólfur Sverrisson, byrjuðu báðir með tapi á útivelli. Ísland tapaði 0-3 fyrir Dönum í fyrsta leik Ólafs sem var í Kaupmannahöfn og lá 0-2 á móti Dwight Yorke og félögum í Trínidad og Tóbagó en sá leikur fór fram í London. Íslenska landsliðið hefur aðeins tvisvar unnið sinn fyrsta leik undir stjórn nýs landsliðsþjálfara á þessum 22 árum. Liðið vann 2-0 sigur á Spáni á Laugardalsvellinum í fyrsta leiknum undir stjórn Ásgeirs Elíassonar 25. september 1991 og vann síðan 2-1 sigur á Færeyjum á Laugardalsvellinum í fyrsta leiknum undir stjórn þeirra Ásgeirs Sigurvinssonar og Loga Ólafssonar sem fram fór 7. júní 2003.



**Fyrsti leikur síðustu landsliðsþjálfara:**

Ólafur Jóhannesson - 0-3 tap fyrir Danmörku (úti)
Eyjólfur Sverrisson - 0-2 tap fyrir Trínidad (úti)
Ásgeir og Logi - 2-1 sigur á Færeyjum (heima)
Atli Eðvaldsson - markalaust jafntefli við Noreg (úti)
Guðjón Þórðarson - 0-1 tap fyrir Noregi (heima)
Logi Ólafsson - 1-7 tap fyrir Slóveníu (úti)
Ásgeir Elíasson - 2-0 sigur á Spáni (heima)
Bo Johansson - 2-1 sigur á Lúxemborg (úti)
Sigfried Held - 1-2 tap fyrir Barein (úti)
Jóhannes Atlason - markalaust jafntefli við Kúvæt (úti)
Guðni Kjartansson - 0-4 tap fyrir Wales (heima)



**Á ÆFINGU** Skúli Jón Friðgeirsson, leikmaður KR, og Eyjamaðurinn Þórarinn Ingi Valdimarsson á æfingu í Japan. MYND/KSÍ/ÓMAR SMÁRASON

Iceland Express-deild karla:

# Ótrúlegur sigur Grindavíkur

**KÖRFUBOLTI** Topplið Grindavíkur lenti í miklu basli með lið Hauka í Hafnarfirðinum í gær en tvíframlengja þurfti leik liðanna. Haukar eru í fallsæti en Grindavík hefur aðeins tapað einum deildarleik á tímabilinu.

Haukar voru hársbreidd frá því að tryggja sér sigur en fóru illa að ráði sínu á vítalínunni, bæði í lok venjulegs leiktíma og seinni framlengingarinnar. Páll Axel Vilbergsson skoraði fimm síðustu stig sinna manna og náði því með ótrúlegum hætti að tryggja Grindavík nauman sigur, 93-92.

Njarðvík og Stjarnan unnu einnig sigra í sínum leikjum í gær. Travis Holmes skoraði 54 stig fyrir Njarðvík sem vann nokkuð öruggan sigur á ÍR.

Stjarnan skellti sér í annað sætið með sigri á Snæfelli í Stykkishólmi, þrátt fyrir að hafa tapað fyrsta leikhlutanum með fimmtán stiga mun.

- esá

Ólympíudraumur Valsarans unga, Atla Más Bárusonar, tók óvænta stefnu og hann fer ekki á ÓL í London:

# Faðirinn fæddur í Nígeríu og Atli því ólöglegur

**HANDBOLTI** „Þetta er alveg hreint ótrúlega svekkjandi. Ég get ekki neitað því,“ segir hinn tvítugi leikmaður Vals, Atli Már Báruson, Hann gerði heiðarlega tilraun til þess að komast í handboltalið Breta fyrir Ólympíuleikana í sumar.

Faðir hans Atla er Breti og þar sem Atli hefur ekki leikið landsleik fyrir Ísland ætlaði hann að nýta sér þjóðerni föður síns til þess að komast í landsliðið fyrir ÓL.

„Þetta var meira vesenið. Það kom nefnilega upp á dögunum að faðir minn er fæddur í Nígeríu. Mamma og pabbi voru þess utan aldrei gift þannig að ég er ekki löglegur. Ég á því ekki rétt á að fá ríkisfang sem stendur. Pabbi er mjög fúll yfir þessu enda smáatriði hvar hann er fæddur. Hann er Breti og öll hans fjölskylda fædd þar,“ segir Atli en hann hefði getað barist fyrir málinu en það hefði alltaf tekið of langan tíma og hann misst af leikunum.

Þessi staða kom óvænt upp í síðasta mánuði en þá ætlaði Atli að koma til móts við landsliðið. Hefði hann staðið sig vel með liðinu þá hefði hann átt góðan möguleika á að komast til London í sumar.

„Ég hélt að ég væri að fara að taka þátt í æfingabúðum en þá ætluðu þeir að nota mig í undankeppni HM gegn Austurríki. Þar sem það kom upp að ég væri líklega ekki löglegur datt það upp fyrir,“ segir Atli en hann lítur þó á björtu hliðarnar. „England er úti hjá mér en nú er spurning um að athuga hvort þeir spili handbolta í Nígeríu.“

Þó svo að ekkert verði af því að Atli taki þátt í leikunum hefur þetta mál leitt ýmislegt jákvætt af sér. Áður en ferlið fór í gang hafði Atli aldrei hitt föður sinn en það mun líklega breytast núna.

„Við ætlum að reyna að hittast í sumar. Ég veit líka núna að ég á litla systur úti sem er skemmtilegt. Þetta er því ekki alslæmt.“

- hbg



**DRAUMURINN ÚTI** Atli mun ekki spila fyrir Breta á ÓL í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN





# Okkar er ánægjan

Við sendum hlýja strauma til viðskiptavina okkar sem settu Vínbúðirnar í efsta sætið í Íslensku ánægjuvoginni og til starfsfólksins sem gerir viðskiptavini ánægða á hverjum degi.

Takk fyrir okkur!

VÍNBÚÐIN

## > Stöð 2 kl. 20.10

### Spurningabomban

***Það verður fjörugur þáttur hjá Loga Bergmann á Stöð 2 í kvöld. Listaspírurnar Óskar Jónasson og Gerður Kristný mæta fótboltafíklunum Gumma Ben og Hjörvari Hafliða. Rúnar Freyr dansar eins og honum einum er lagið og það verður spennandi að sjá hvað leynist í kassanum.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR **HLEYPUR TIL HÆÐA**

## *Eldgamlir skarfar í ermalausu*

Ég gat ekki varist hlátri þegar ég sá brot af tónleikum Iron Maiden í sjónvarpinu í fyrrakvöld, síðhærðir karlskarfar í allt of þröngum buxum að spila rokk! Þessi hljómsveit er svo sem ekkert í uppáhaldi hjá mér en á þó vissan stað í hjarta mér. Stóri bróðir minn átti nefnilega allar plöturnar og spilaði þær fyrir mig þegar ég var barn að aldri, til að innræta mér „almennilegan" tónlistarsmekk. Ég gæti sungið Run to the Hills án þess að missa úr slag og jafnvel hermt eftir hárbeittri rödd Bruce Dickinson. Þó ekki eins vel og vinkona mín



sem nær nákvæmlega skerandi raddsviði Bruce og syngur Bring Your Daughter to the Slaughter svo syngur í hlustunum.

Ég var á leiðinni í háttinn þegar ég sá hvað var á skjánum og staldraði við. Aðallega til að flissa að þessum skörfum, sem ættu fyrir löngu að vera hættir að ganga í ermalausu. Áður en ég vissi af hafði ég þó staðið í dyrunum gegnum fjögur lög. Þeir höfðu engu gleymt. Bruce hljóp um sviðið eins og óður maður og röddin steig upp í hæstu hæðir svo söng í hlustunum. Ég fór í háttinn raulandi Run to the Hills.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og glorîur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Vinnustofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Á Búsúkíslóðum **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.55 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**17.20 Leó** (18:52) (Leon)

**17.23 Músahús Mikka** (69:78)

**17.50 Óskabarnið** (6:13)

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (7:8) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Gettu betur** (1:7) (Fjölbrautaskóli Suðurlands - Verzlunarskóli Íslands) Átta liða úrslit í Spurningakeppni framhaldsskólanna. Spyrill er Edda Hermannsdóttir, dómarar og spurningahöfundar Þórhildur Ólafsdóttir og Örn Úlfar Sævarsson.

**21.20 Morgunverðarklúbburinn** (The Breakfast Club) Fimm framhaldsskólanemar eru látnir dúsa á bókasafni skólans heilan laugardag og komast að því að þeir eiga fleira sameiginlegt en þeir héldu. Meðal leikenda eru Emilio Estevez, Judd Nelson og Anthony Michael Hall.

**23.00 Lewis – Hulduefni** (2:4) (Lewis: Dark Matter) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis lögreglufulltrúi í Oxford glímir við dularfullt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.35 Gíslar** (Hostage) Lögga í smábæ tekur upp fyrri iðju sem samningamaður lögreglunnar. Meðal leikenda eru Bruce Willis, Kevin Pollack og Serena Scott Thomas. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.25 The Princess and the Frog**

**08.00 12 Men Of Christmas**

**10.00 The Sorcerer's Apprentice**

**12.00 Picture This**

**14.00 12 Men Of Christmas**

**16.00 The Sorcerer's Apprentice**

**18.00 Picture This**

**20.00 The Princess and the Frog**

**22.00 Gran Torino**

**00.00 Fighting**

**02.00 Delta Farce**

**04.00 Gran Torino**

**06.00 Alice In Wonderland**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (41:175)

**10.15 Hell's Kitchen** (2:15)

**11.00 Human Target** (3:12)

**11.50 Covert Affairs** (4:11)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Dirty Rotten Scoundrels** Frábær grínmynd þar sem Steve Martin og Michael Cane fara á kostum sem svikahrapparnir Lawrence og Freddie.

**14.45 Friends** (21:24)

**15.10 Sorry I've Got No Head**

**15.40 Tricky TV** (8:23)

**16.05 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (3:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**.

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (21:23)

**19.45 Týnda kynslóðin** (24:40)

**20.10 Spurningabomban** (5:10)

**20.55 American Idol** (12:39) Strax að loknum þessum þætti hér á Stöð 2 heldur fjörið áfram á Stöð 2 EXTRA.

**22.20 War** Hörkuspennandi mynd um leigumorðingjann Rouge sem myrti félaga og fjölskyldu alríkislögreglumansins Jack Crawford og hvarf sporlaust eftir það. Nú virðist hann vera kominn aftur og stjórna bak við tjöldin stríði milli kínversku og japönsku mafíunnar í San Francisco. Jack vill leita hefnda, en ýmislegt er ekki eins og það sýnist.

**00.00 Notorious** Dramatísk kvikmynd sem byggð er á sannsögulegum atburðum. Rapparinn Notorious eða Christopher Wallace var myrtur árið 1997 og tókst aldrei að hafa hendur í hári morðingjans.

**02.05 Dirty Rotten Scoundrels**

**03.50 Spurningabomban** (5:10)

**04.35 Friends** (21:24)

**04.55 The Simpsons** (21:23)

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Man. Utd. - Ajax**

**10.10 Vináttulandsleikur** BEINT frá vináttulandsleik Japans og Íslands sem fram fer á Nagai-leikvanginum í Osaka í Japan.

**15.05 Spænsku mörkin**

**15.40 Valencia - Stoke** Útsending frá leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.

**17.25 Evrópudeildarmörkin**

**18.15 Vináttul. Japan og Íslands**

**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar**

**20.30 La Liga Report**

**21.00 Í greipum Gunnars** Þáttur um bardagaíþróttakappann Gunnar Nelson.

**21.30 Vináttul. Japan og Íslands**

**23.15 UFC Live Events 125** Útsending frá bardagamóti í Las Vegas.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Arsenal - Stoke**

**18.40 Tottenham - Chelsea**

**20.30 Football League Show**

**21.00 Premier League Preview**

**21.30 Premier League World**

**22.00 PL Classic Matches: Blackburn - Norwich, 1992**

**22.30 Premier League Preview**

**23.00 Newcastle - Man. Utd.**

## 2 EXTRA

**18.40 The Doctors** (56:175)

**19.20 The Amazing Race** (1:12)

**20.05 Friends** (6:24)

**20.30 Modern Family** (6:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 How I Met Your Mother** (2:24)

**22.20 American Idol** (13:39)

**23.05 Alcatraz** (3:13)

**23.50 NCIS. Los Angeles** (10:24)

**00.35 Rescue Me** (2:22)

**01.20 Týnda kynslóðin** (24:40)

**01.45 Friends** (6:24)

**02.10 Modern Family** (6:24)

**02.35 The Doctors** (56:175)

**03.15 Fréttir Stöðvar 2**

**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (5:12) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (3:22) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Solsidan** (3:10) (e)

**12.25 Game Tíví** (5:12) (e)

**12.55 Pepsi MAX tónlist**

**16.00 7th Heaven** (11:22)

**16.45 America's Next Top Model** (11:13) (e)

**17.35 Dr. Phil**

**18.20 Hawaii Five-0** (3:22) (e)

**19.10 America's Funniest Home Videos** (e)

**19.35 Live To Dance** (8:8)

**20.25 Minute To Win It** Einstakur skemmtþáttur þar sem þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Tvíburarnir Becky og Jessie O´ Donohue snúa bökum saman og reyna við milljónina.

**21.10 Minute To Win It** Parið Kim Fox og Aaron Hedrick reyna að komast lengra en nokkur þátttakandi hefur áður komist.

**21.55 HA?** (22:31) Gestir kvöldsins að þessu sinni eru þeir Jóhannes Haukur Jóhannesson, Pétur Örn Guðmundsson og Atli Þór Albertsson

**22.45 Jonathan Ross** (14:19) Gestir Jonathan að þessu sinni eru fótboltakappinn David Beckham og leikkonan Keira Knightley.

**23.35 Once Upon A Time** (7:22) (e)

**00.25 Flashpoint** (8:13) (e)

**01.15 Saturday Night Live** (9:22) (e)

**02.05 Jimmy Kimmel** (e)

**03.35 Whose Line is it Anyway?** (e)

**04.00 Smash Cuts** (25:52) (e)

**04.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** World Golf Championship 2012 (2:5) **11.00** Golfing World **11.50** World Golf Championship 2012 (2:5) **15.00** Inside the PGA Tour (8:45) **15.25** World Golf Championship 2012 (2:5) **19.00** World Golf Championship 2012 (3:5) **23.00** PGA Tour - Highlights (7:45) **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.35** The Weakest Link **07.15** My Family **08.20** My Family **08.50** Dalziel and Pascoe **10.35** Come Dine With Me **11.25** Fawlty Towers **11.55** Live at the Apollo **12.40** My Family **13.40** My Family **14.45** My Family **15.55** QI **16.45** Top Gear **17.35** Live at the Apollo **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.15** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **21.00** Live at the Apollo **21.45** Peep Show **22.15** Live at the Apollo **23.05** My Family **01.10** QI **01.40** Dalziel and Pascoe **03.25** My Family **05.00** EastEnders

## DR 1

**11.10** Jersild Live **11.35** Dyrehospitalet **12.05** Ha' det godt **12.35** Aftenshowet **13.30** Hjælp, vi skal føde **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Benjamin Bjørn **15.15** Timmy-tid **15.25** Det kongelige spektakel **15.40** Fjeldgården i Trondhjem **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hammerslag **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.55** Sjakalen **22.55** På et hængende hår

## NRK 1

**10.05** Dallas **10.50** Filmavisen **11.00** NRK nyheter **11.15** Schrödingers katt **11.45** Oddasat - nyheter på samisk **12.00** NRK nyheter **12.05** God som gull **13.00** NRK nyheter **13.05** Forbrukerinspektørene **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** VM skiflyging Vikersund **16.30** NRK nyheter **16.40** VM skiflyging Vikersund **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Popstokk **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Game of Thrones **23.20** Tungrockens historie

## svt1

**09.00** Debatt **09.45** Vad har du gjort idag, Céderic? **10.10** Räddade av gränspolisen **10.20** Alpint **11.55** Bästa frisören **12.45** Antikrundan **13.45** Livet på Laerkevej **14.30** Simons kök **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Din plats i historien **16.00** Bröderna Reyes **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Minuten **20.00** Skavlan **21.00** High Crimes **22.50** X-Games **23.20** Rapport **23.25** Patrioten **02.05** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





GETTU BETUR
SPURNINGAKEPPNI
FRAMHALDSSKÓLANEMA
HEFST Í KVÖLD KL. 20.10
RÚV
- Annað og meira

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Það myndi vera Stattu upp með Bláum Ópal.“*

Greta Salóme Stefánsdóttir, fiðluleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og sigurvegari Söngvakeppni Sjónvarpsins.

# Hryssan Andrea stóð sig með prýði

„Hryssan Andrea stóð sig með prýði og var mjög róleg og meðfærileg þrátt fyrir hamaganginn og lætin,“ segir Halldór Eldjárn, meðlimur hljómsveitarinnar Sykurs.

Upptökur á myndbandi við lagið Curling með Sykri stóðu yfir í vikunni. Hryssan Andrea spilar stórt hlutverk í myndbandinu, en var þó alveg laus við stjörnustæla við upptökurnar að sögn Halldórs. „Hún átti að syngja viðlagið, en missti röddina og gat það því ekki. Við reynum kannski aftur við það í næstu viku,“ segir hann léttur.

Myndbandið mun vera í anda fyrstu ára tíunda áratugarins. „Það er mikið um skrautlegan fatnað, öfgafulla förðun og hressleikinn er alveg í hámarki,“ segir Halldór.

Tökum er nú lokið þótt vinnan við myndbandið sé rétt að byrja. „Við vitum í raun ekkert hvernig myndbandið kemur til með að líta út, en galdramennirnir á bak við það eiga alveg eftir að fara sínum höndum um það,“ segir Halldór.

Þorgeir Frímann Óðinsson er einn þessara galdramanna, en hann er annar leikstjóri myndbandsins. Þorgeir segir myndbandið byggjast upp á að taka upp marga flotta parta sem sækja innblástur í fræg myndbönd frá þessum tíma og klippa þá svo saman í hálfgert mynstur.

Sykur kom nýlega fram á tónlistarhátíðinni by:Larm í Ósló í Noregi. „Það var alveg geðveikt. Við spiluðum á tvennum tónleikum og fengum að kynnast hámenningarborginni Ósló í leiðinni,“ segir Halldór.

Lagið Curling er að finna á plötu Sykurs, Mesópótamíu, sem kom út í október síðastliðnum og hefur fengið góða dóma. Þess má til gamans geta að Sigurður Oddsson var nú á dögunum tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokknum Bestu plötuumslögin fyrir hönnun sína á umslagi plötunnar.

**- trs**



**NÁÐU VEL SAMAN** Samstarfið milli Stefáns, meðlims hljómsveitarinnar, og hryssunar Andreu gekk mjög vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Enn berast fréttir af fyrirsætunni Kolfinnu Kristófersdóttur. Vefsíðan Style.com valdi hana á dögunum eina af tíu flottustu fyrirsætum tískuvikunnar í London. Á síðunni undir dálkinum „Who owned the catwalk“ geta lesendur kosið milli hennar og ofurfyrirsætna á borð við Cöru Delevingne og Jourdan Dunn. Kosningunni lýkur 27. febrúar og ef Kolfinna endar á toppnum kemst hún á lista yfir fyrirsætur ársins hjá vefmiðlinum. Í gær var Kolfinna í öðru sæti af tíu með 29% atkvæða. **- áp**




UNNSTEINN MANUEL: EKKI HÆGT AÐ SKREPPA TIL ÖMMU Í HÁDEGISMAT

# Facebook-fíkn Loga hrekur Retro Stefson á Strandir

„Það er nauðsynlegt að fara í smá einangrun þegar maður er að æfa nýtt efni,“ segir Unnsteinn Manuel Stefánsson, forsprakki hljómsveitarinnar Retro Stefson en sveitin heldur vestur í Bjarnarfjörð á Ströndum í æfingabúðir á næstu dögum.

Ástæða æfingabúðanna er sú að sveitin vinnur nú að nýrri plötu sem á að koma út síðar á þessu ári. Unnsteinn segir að sveitin sé þegar búin að taka upp fimm lög í hljóðveri og ætli sér að æfa næstu fimm á Ströndum. Sveitina skipa, auk Unnsteins, þau Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir, Haraldur Ari Stefánsson, Þórður Jörundsson, Jón Yngvi Seljeseth, Gylfi Sigurðsson og Logi Pedro Stefánsson.

„Við verðum á Hótel Laugarhóli sem föðurbróðir minn rekur en ég hef dvalið þar með hléum síðustu tvo mánuði, meðal annars til að passa hundana. Það er frábært að vera þar á þessum tíma árs og mikil kyrrð og friður,“ segir Unnsteinn og bætir við að það sé nauðsynlegt fyrir hljómsveitina að koma í veg fyrir utanaðkomandi truflun við æfingar. „Það er gott að kúpla sig út og það getur enginn skroppið í hádegismat til ömmu eða legið á netinu eins og Logi,“ segir Unnsteinn og vill meina að þetta verði ágætis afvötnun fyrir Loga, litla bróður sinn, sem hann segir vera mikinn net- og Facebook-fíkil.

Qween, fyrsta smáskífulagið af nýju plötunni er nú þegar komið í spilun og hefur notið mikilla vinsælda. Lagið er í öðru sæti á vinsældalistum Rásar 2 og Gogoyoko og á topp tíu lista X-sins 977. „Það er mjög gaman að lagið leggst vel í landsmenn en ég samdi það í júní í fyrra. Það átti þá að vera svona sumarsmellur en fólkinu hjá útgáfufyrirtæki okkar úti leist ekki nógu vel á það og það tók tíma fyrir þau að melta lagið,“ segir Unnsteinn en fyrir nokkru síðan tók sveitin lagið upp í svokölluðu Take Away Show fyrir La Blogotheque í flugskýli á Reykjavíkurflugvelli og hægt er að nálgast myndbandið af flutningnum á You Tube.



**SEMJA NÝ LÖG Á STRÖNDUM** Hljómsveitin Retro Stefson hefur átt góðu gengi að fagna síðustu misseri og sló meðal annars í gegn á Airwaves-hátíðinni í fyrra. Sveitin heldur nú í strangar æfingarbúðir í Bjarnarfirði og stefnir á að gefa út nýja plötu síðar á þessu ári.

> Ég hef dvalið þar með hléum síðustu tvo mánuði, meðal annars til að passa hundana. Það er frábært að vera þar á þessum tíma árs og mikil kyrrð og friður.
>
> **UNNSTEINN MANUEL**
> SÖNGVARI OG GÍTARLEIKARI RETRO STEFSON

„Nýja platan verður í svipuðum stíl og lagið Qween en samt eru nokkur lög úr annarri átt. Platan verður að mestu leyti á ensku og er það algjörlega gert til að stíla inn á erlendan markað. Mér finnst samt mjög gaman að syngja á íslensku svo það getur verið að við gerum bæði enska og íslenska útgáfu af sumum lögum,“ segir Unnsteinn en hljómsveitin ætlar sér að spila bæði í Búðardal og á Hólmavík á meðan hún dvelur fyrir vestan.

Fyrir þá sem vilja berja þá Loga og Unnstein augum er bent á að kíkja á barinn Bakkus í kvöld þar sem þeir þeyta skífum.

**alfrun@frettabladid.is**

# Manfred Mann til landsins

„Þetta er ein af mínum uppáhaldshljómsveitum,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson.

Hin sögufræga hljómsveit Manfred Mann´s Earth Band stígur á svið í Háskólabíói 16. maí.

Forsprakkinn og hljómborðsleikarinn Manfred Mann frá Suður-Afríku hóf feril sinn í Bretlandi fyrir fimmtíu árum. Þá stofnaði hann hljómsveitina Manfred Mann ásamt Mike Hugg og saman gáfu þeir út vinsæl lög borð við Do Wah Diddy Diddy, Pretty Flamingo og Mighty Quinn. Sveitin hætti störfum 1969 og þá stofnaði Mann hljómsveitina Manfred Mann Chapter Three ásamt Hugg. Hún var skammlíf og árið 1971 stofnaði Mann sveitina Manfred Mann´s Earth Band sem er enn starfandi og hefur gefið út Blinded By the Light, Davy´s on the Road Again og fleiri vinsæl lög.

„Þetta er rosalega flott grúppa og topptónleikaband. Þetta er svolítil prog-tónlist og Blinded by the Lights er til dæmis sjö eða átta mínútur. Þetta er flott tónlist ef þú vilt setjast niður og hlusta á flott sóló,“ segir Guðbjartur. „Mér finnst þetta vera lög sem eldast rosalega vel.“

Á undanförnum árum hafa kunnir flytjendur uppgötvað tónlist Manfreds Mann og tekið hana upp á sína arma. Þar má nefna The Prodigy, Massive Attack og Kanye West. Sá síðastnefndi notaði bút úr laginu You Are I Am í lagi sínu So Appalled af plötunni My Beautiful Dark Twisted Fantasy.



**Á LEIÐ TIL ÍSLANDS** Hljómsveitin Manfred Mann´s Earth Band spilar í Háskólabíói 16. maí.



# Sony Center

www.sonycenter.is

## Framtíðin er skýr hjá Sony

5 ára ábyrgð á öllum sjónvörpum án aukakostnaðar!




## Blu-Ray spilari

Nettengjanlegur Blu-Ray spilari fylgir á meðan birgðir endast!

**GLÆSILEGT 40" LED SJÓNVARP MEÐ ÞRÁÐLAUSU NETI** KDL-40EX721

- Full HD 1920 x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality Motionflow 200 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

Tilboð 199.990- Verð áður 249.990.-



**BLU-RAY SPILARI** BDP-S185

- Bravia internet video
- HD Upscale á DVD diskum




**ÞEGAR MYNDGÆÐIN SKIPTA MÁLI! 40" 3D LED SJÓNVARP** KDL-40HX723

- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality Motionflow 400 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

Tilboð 249.990.- Verð áður 289.990.-




**GLÆSILEGT 46" 3D LED HÁGÆÐASJÓNVARP MEÐ X-REALITY 200HZ MYNDVINNSLU** KDL-46EX720

- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality Motionflow 200 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

Tilboð 279.990.- Verð áður 319.990.-




**EINSTÖK HÖNNUN! 40" 3D LED SJÓNVARP** KDL-40NX723

- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality Motionflow 200 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

Verð 269.990.-

Sony Center
Kringlunni
588 7669

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

VISA 6 MÁNAÐA VISA VAXTALAUS LÁN Í SONY CENTER

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gunnar snýr aftur



Leikarinn **Gunnar Hansson** hóf störf á ný í Borgarleikhúsinu í vikunni, eftir fjögurra ára fjarveru. Gunnar fer með hlutverk í sýningunni Svar við bréfi Helgu, sem er byggð á samnefndri metsölubók eftir Bergsvein Birgisson. Ilmur Kristjánsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Sigrún Edda Björnsdóttir og Ellert A. Ingimundarson fara einnig með hlutverk í sýningunni sem Kristín Eysteinsdóttir leikstýrir. Uppselt er á 23 sýningar verksins, sem verður frumsýnt í apríl.

### Sveinn Andri hittir broddborgara Indónesíu



Hæstaréttarlögmaðurinn **Sveinn Andri Sveinsson** er nú staddur hinum megin á hnettinum – nánar tiltekið í Indónesíu. Svo vill til að Sveinn Andri er ræðismaður Indónesíu á Íslandi og hann virðist njóta þeirrar stöðu sinnar í ferðalaginu, því að hann greinir frá því á Facebook-síðu sinni í gær að hann hafi farið í móttöku forsetans Susilo Bambang Yudhoyono og síðan sótt hádegisverðarboð með forsetanum og utanríkisráðherranum Marty Natalegawa. Samgangi Sveins við fræga fólkið ytra var þó ekki lokið, því hann birtir einnig mynd af sér við hlið Andöru Rainy, sem ber titilinn ungfrú ferðamennska í Indónesíu.

- afb / sh

## Mest lesið vísir

1. Hvetur fólk til að kaupa ekki Nýtt líf
2. Bréf Jóns Baldvins ollu reiði, sorg og biturð
3. Jón Baldvin biðst afsökunar á bréfunum
4. Þóra: Umfjöllunin krafðist ekki skýringa Jóns Baldvins
5. Kolfinna: Málið var afgreitt fyrir mörgum árum









696 hundar - 83 tegundir - 28 ungir sýnendur

Hundaræktarfélag Íslands - félag allra hundaeigenda – stofnað 1969

# Alþjóðleg hundasýning
## Hundaræktarfélags Íslands

**25. – 26. febrúar**

**að Klettagörðum 6, 104 Reykjavík**

Dómarar sýningar eru frá Bretlandi, Finnlandi, Króatíu, Spáni, Sviss og Svíþjóð
Sýningin stendur frá kl. 9-17 laugardag og sunnudag
Keppni ungra sýnenda fer fram laugardaginn 25. febrúar kl. 13:00

**Meðal viðburða**

- Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
- Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
- Fallegustu hundar sýningar valdir
- Viðamikil starfsemi HRFÍ kynnt
- Kynning á hundategundum
- Sölu- og kynningabásar – ýmis sértilboð
- Veitingasala

Pedigree

**Sjá dagskrá á hrfi.is**

Fullorðnir 700 kr. Börn yngri en 12 ára og í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 400 kr.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 4. september 1969